


**BJÖRN ÁSTMARSSON**

*Nítján ára og búinn að eiga átta bíla*

bílar ferðir

allt Í MIÐJU BLAÐSINS

**BAGGALÚTUR**

*Aparnir í Eden leika við hvurn sinn fingur*

Gefa út hálendiskántrílag með Bó

FÓLK 47



**SIF GUNNARSDÓTTIR**

*Fólk finnur sér eitthvað annað*

Engir stórtónleikar á menningarnótt

FÓLK 54




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

15. júlí 2006 — 188. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


### Fótboltabullur og prýðisfólk

Enska knattspyrnuliðið Millwall kom í heimsókn á dögunum. Glæsta sigra hefur liðið aldrei unnið en stuðningsmenn þeirra eru frægir að endemum.




MENNING 26-27

### Leggjum niður Landsvirkjun

Sverrir Jakobsson segir orkustefnu Íslendinga ekki eiga að vera í verkahring einhvers fyrirtækis sem geri hlutina af eigin rammleik. Innan slíks fyrirtækis verði nefnilega aldrei spurt grundvallarspurninga.

Í DAG 16

### Bjargvætturinn í bíó

„Ef svona myndir eru nægilega fínar fyrir Marlon Brando, þá eru þær nægilega fínar fyrir mig,“ segir leikarinn Kevin Spacey um hlutverk sitt í Superman Returns.



VIÐTAL 28

### Ísland í riðli með Frökkum

Íslenska karlalandsliðið í handknattleik er í riðli með Evrópumeisturum Frökkum í B-riðli heimsmeistaramótsins í Þýskalandi sem fram fer í janúar. Alfreð Gíslason kveðst ánægður með riðilinn þar sem Úkraína og Ástralía eru einnig.



ÍÞRÓTTIR

### VEÐRIÐ Í DAG




**SNARPUR VINDUR -** Í dag verður allhvöss og sumstaðar hvöss sunnanátt á vesturhluta landsins, hvassast eftir hádegi. Hægari vindur austan til. Skúrir sunnanlands og vestan en bjart með köflum norðaustan og austan til. Hiti 10-18 stig.

VEÐUR 4



**RIGNING OG ROK Í REYKJAVÍK** Uppselt er í margar og kannski flestar ferðir til sólarlanda næstu daga og vikur. Þó er þetta misjafnt eftir ferðaskrifstofum.

# Landsmenn bítast um laus sæti í sólina

**Uppselt er í flestar ferðir til sólarlanda. Eftirspurnin vex með hverjum rigningardropa, að sögn markaðsstjóra Heimsferða. Fólk er nánast tilbúið að fara hvert sem er og frestar sumarleyfum fram í ágúst til að komast í sólarfrí.**

**UTANLANDSFERÐIR** „Það er bitist um ferðirnar. Fólk hringir eða kemur til okkar og við reynum að koma til móts við óskirnar eins og hægt er en svo verður þetta bara samvinnuverkefni sem við leysum saman. Aðalatriðið er að ferðirnar séu ódýrar og þrjátíu stiga hiti. Það er það sem fólk spáir í,“ segir Þorvaldur Sverrisson, markaðsstjóri Úrvals-Útsýnar.

Gríðarleg eftirspurn hefur verið eftir sólarlandaferðum síðustu vikur og víðast uppselt. Þorvaldur segir að venjulega sé farið að hægja á sölunni en þannig sé það ekki nú. „Það er mjög mikil sala og öll pláss rifin út,“ segir hann.

„Framboðið er takmarkað en eftirspurnin vex með hverjum rigningardropa. Það er lítið til af lausum sætum en fólk vill komast burt frá þessu veðri. Við eigum örfá sæti til en það er allt að klárast. Ég býst við að í næstu viku verði ekkert til fyrr en einhvern tímann í ágúst,“ segir Bjarni Ingólfsson, markaðsstjóri Heimsferða.

Þorvaldur segir að miklu hafi verið bætt við af sólarlandaferðum hjá Úrvali-Útsýn frá því í fyrra og fyrir tveimur mánuðum hefði verið reiknað með að það yrði töluvert af lausum sætum. „Við reiknuðum með að það yrði frekar offramboð á markaðnum í sumar, en nú fyllist hver vélin á fætur annarri. Við þurfum að finna gististaði jafnóðum. Það hefur tekist hingað til en það er daglegur barningur að sjá um að fólk geti komist út í sólina,“ segir hann.

Þorvaldur segir heppni ef laust sæti finnist með litlum fyrirvara. Hann rifjar upp að kona ein hafi komið í Úrval-Útsýn nýlega með allar töskur pakkaðar. Hún var komin upp í flugvél tveimur tímum seinna á leið til Mallorca því að sú vél var einmitt að fara í loftið.

„Þrátt fyrir gengisbreytingarnar eru ferðir til sólarlanda hagkvæmar. Þessar ferðir verða aldrei jafn dýrar og í gamla daga. Fólk hefur efni á þessu og nú er það farið að fresta sumarfríinu til að komast í fjörið hjá okkur,“ segir hann.

Jenný Clausen, sölufulltrúi hjá Apollo, segir að álagið hafi verið gríðarlegt síðustu vikur og allar vélar nánast fullar. „Fólk biður okkur um að hringja ef eitthvað losnar eða við fáum fleiri herbergi,“ segir hún. ghs@frettabladid.is

Héraðsdómur Reykjavíkur:

## Hafnaði kröfu Impregilo

**HÉRAÐSDÓMUR** Héraðsdómur Reykjavíkur hefur hafnað kröfu verktakafyrirtækisins Impregilo um að fyrirtækið eigi ekki að standa skil á sköttum erlendra starfsmanna undirverktaka sinna fyrr en þeir hafa verið sex mánuði í starfi á Íslandi.

Ómar Valdimarsson, talsmaður Impregilo, segir að málinu verði að öllum líkindum áfrýjað til Hæstaréttar. Niðurstaða Héraðsdóms hafi engar breytingar í för með sér fyrir Impregilo. Ítalska fyrirtækið hafi staðið skil á öllum þessum sköttum hvort sem er. - ghs



**VLADIMÍR PÚTÍN Á FUNDINUM** Gagnrýndi ríkustu löndin. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Pútín hitar upp fyrir G8:

## Gagnrýndi bændastyrki

**RÚSSLAND, AP** Vladimír Pútín gagnrýndi ríkari lönd heims í gær fyrir að sýna tvískinnung í málefnum þróunarríkja og hvatti þau til að láta að því verða að lækka styrki og niðurgreiðslur til landbúnaðarafurða og losa um höft á innflutningi þeirra.

Hann gaf í skyn að mörg ríkari löndin styrktu þróunarríkin frekar í orði en á borði, og sérstaklega í sambandi við landbúnað. „Þegar rætt er um þetta viðkvæma málefni, kemur í ljós að þeirra eiginhagsmunir eru mun mikilvægari en hagsmunir þróunarríkjanna.“ sagði Pútín, en hann verður í hlutverki gestgjafa á G8-fundi voldugustu iðnríkja heims, sem hefst í dag í Pétursborg. - kóþ / sjá síðu 8

Nefnd forsætisráðherra um aðgerðir til að lækka matarverð hefur lokið störfum:

# Heimilin gætu sparað 130.000

**MATVÆLAVERÐ** Hægt er að lækka matarreikning heimilanna um 130 þúsund krónur á ári og færa matvöruverð undir meðaltal Evrópusambandsríkjanna.

Útreikningar nefndar forsætisráðherra benda til að með afnámi vörugjalds, niðurfellingu tolla, samræmingu virðisaukaskatts og afnámi tollverndar af búvöru sé slíku marki náð. Nefndinni var ætlað að fjalla um hátt matvælaverð og gera tillögur um lækkun þess en sökum ágreinings leggur hún ekki fram beinar tillögur til aðgerða.

Nefndarformaðurinn, Hallgrímur Snorrason hagstofustjóri, hefur á hinn bóginn skilað forsætisráðherra skýrslu þar sem störf hennar og viðfangsefni eru rakin.

Í skýrslunni kemur fram að afnám vörugjalds, niðurfelling tolla, samræming virðisaukaskatts og lækkun virðisaukaskatts af veitingaþjónustu myndi þýða fimmtíu þúsund króna lækkun matarreikninga heimilanna á ári. Fullt afnám tollverndar af búvöru myndi svo lækka þann sama reikning um rúmar áttatíu þúsund krónur til viðbótar. Þessar aðgerðir myndu ekki hafa afgerandi áhrif á afkomu ríkissjóðs, enda yrði tekjutapið ekki nema rúmlega 1,7 milljarðar króna. Er þá tekið tillit til veltuaukningar vegna skattalækkana.



**HALLGRÍMUR SNORRASON**

Í skýrslunni er fundið að skatta- og tollakerfi matvara og á það bent að virðisaukaskattsþrepin séu tvö, að sumar vörur beri vörugjöld en aðrar ekki og að auki séu vörugjöldin mishá. Þá leggist tollur á sumar vörur sem aftur er mishár. Í ofanálag fylgi kerfi undanþága. Heilt yfir sé kerfið því flókið og ógagnsætt. - bþs / sjá síðu 6









## SPURNING DAGSINS

*Viktor, var þetta engin smá auglýsing?*

„Nei, þessi smáauglýsing var sko engin smá augýsing.“

Viktor Urbancic er annar eigandi fyrirtæksins Sparibíll sem auglýsti 250 milljón króna bíl í smáauglýsingum Fréttablaðsins í fyrradag.

Hezbollah-samtökin hafa lýst yfir stríði á hendur Ísraelum í kjölfar hörðustu árása Ísraela á Líbanon í 24 ár:

# Íslenskir flugvirkjar flytja vegna ótta

**LÍBANON** Flugvirkjarnir sem eru staddir í Beirút á vegum Atlanta þurftu í gærmorgun að færa sig á hótel lengra frá flugvellinum af ótta við árásir Ísraelsmanna á flugvöllinn sem héldu áfram í gær. Aukin harka hefur færst í hernaðaraðgerðir þeirra í suðurhluta Líbanon, sem hófust seinasta miðvikudag.

Mennirnir, þrír Íslendingar og Belgi, eru í Beirút vegna viðhalds á Airbus-þotu í eigu Atlanta flugfélagsins. Þeir hafa haldið kyrru fyrir á hótelherbergjum síðan árásirnar hófust, en lokað hefur verið fyrir flug og siglingar til og frá Líbanon.



**ÖNGÞVEITI** Fjölmargir reyndu í gær að yfirgefa Líbanon vegna árása Ísraelshers, og myndaðist mikið öngþveiti við landamæri Líbanons og Sýrlands. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fjöldi Líbana reynir nú að yfirgefa landið og hefur mikil örtröð myndast við landamærin inn í Sýrland, einu færu leiðina út úr landinu.

Í gærkvöld höfðu alls 73 Líbanar farist í átökunum, nær allir óbreyttir borgarar, og 12 Ísraelar, þar af fjórir óbreyttir borgarar.

Eru þetta hörðustu árásir Ísraelshers gegn Líbanon í 24 ár, og er herinn að reyna að útrýma Hezbollah samtökunum í hefndarskyni, en meðlimir samtakanna tóku tvo ísraelska hermenn höndum fyrr í vikunni. Herinn gerði árásir á höfuðstöðvar samtakanna í gær og í kjölfarið lýsti Hassan Nasrallah, leiðtogi Hezbollah, yfir stríði á hendur ísraelsku þjóðinni. Jafnframt hafa meðlimir Hezbollah neitað að sleppa hermönnunum.

Utanríkisráðuneytið biður Íslendinga sem þurfa að ferðast til Mið-Austurlanda á næstunni um að sýna fyllstu gát og láta vita af ferðum sínum. - smk/sþs

Vigdís Finnbogadóttir:

## Sæmd nafnbót heiðursdoktors

**VIÐURKENNING** Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, var sæmd heiðursdoktorsnafnbót við Glasgow Caldonian háskólann í Skotlandi við hátíðlega athöfn þann 5. júlí síðastliðinn.



**FRÚ VIGDÍS FINNBOGADÓTTIR**

Henni var veitt nafnbótin fyrir að hafa um árabil tekið málstað menningarinnar, bæði í heimalandi sínu og á alþjóðlegum vettvangi, og fyrir að vera einarður talsmaður þess að menningarleg sjálfsvitund hverrar þjóðar auðveldi fólki að skilja menningu annarra. Háskólinn er sá átjándi sem sæmir Vigdísi heiðursdoktorsnafnbót. - sþs

Víða hvasst í dag:

## Hjólhýsafólk varist vindinn

**VEÐUR** Búist er við töluverðu hvassviðri víða um land í dag að sögn Sigurðar Þ. Ragnarssonar veðurfræðings.

Sigurður býst við að vindhraðinn verði um átján metrar á sekúndu með ströndum og í námunda við fjöll sunnan og vestan til og enn hærri í hviðum. Hann segir ekki glóru í því að ætla að ferðast með hjólhýsi í svo miklum vindi og vill beina þeim tilmælum til eigenda hjólhýsa, fellihýsa og húsbíla að vera helst ekki mikið á ferðinni um miðjan dag.

Búist er við að veður skáni í nótt. - sh

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Bíll út í Sogið** Mikill viðbúnaður var í gær við Sogið í Árnessýslu þar sem bíll fór út í ána. Betur fór en á horfðist því ökumaður bílsins komst á þurrt og var lítið sem ekkert meiddur.

# Óvíst hvort náist að veiða hrefnukvótann

**Alls hafa átján hrefnur verið veiddar á veiðitímabilinu sem lýkur 4. ágúst. Óvíst er hvort náist að fullnýta kvótann sem er 50 dýr. Markaðssetning á hrefnukjöti er að skila árangri að sögn framkvæmdastjóra Félags hrefnuveiðimanna.**

**HVALVEIÐAR** Mikil eftirspurn er á Íslandi eftir hrefnukjöti að sögn Gunnars Bergmanns Jónssonar, framkvæmdastjóra Félags hrefnuveiðimanna. „Við bjóðum núna upp á bæði reykt og kryddlegið hrefnukjöt og satt að segja óraði okkur ekki fyrir því að fólk yrði svona æst í þetta.“ Gunnar segir að félagið hafi haldið í mikla markaðssetningu á hrefnukjöti í fyrra sem sé að skila sér núna.

Hrefnuveiðitímabilið hófst 13. júní og hafa alls átján hrefnur verið veiddar af þeim fimmtíu sem sjávarútvegsráðuneytið gaf leyfi fyrir að yrðu veiddar á þessu tímabili. Í dag eru fjögur skip að veiðum, tvö fyrir sunnan land og tvö fyrir norðan.

Rannsóknaráætlun Hafrannsóknarstofnunar, sem hófst árið 2003, felur í sér veiðar á 200 hrefnum og gert er ráð fyrir að áætluninni ljúki á næsta ári. Meginmarkmið áætlunarinnar er að afla grunnþekkingar á fæðuvistfræði hrefnu en auk rannsókna á fæðusamsetningu með greiningu magainnihalds verður aflað annarra gagna sem nauðsynleg eru til að meta afrán tegundarinnar á hinum ýmsu fæðutegundum.

Félag hrefnuveiðimanna var fengið sem verktaki til að sjá um þessar vísindaveiðar en enginn annar hefur leyfi til að veiða hrefnur.

Konráð Eggertsson, skipstjóri á hrefnuveiðibátnum Halldóri Sigurðsson IS14, er ekki viss um að það náist að klára kvótann áður en veiðitímabilinu lýkur 4. ágúst. „Veiðar ganga þokkalega en það hefur þó verið bræla meirihlutann af tímabilinu. Ef svipað ástand helst áfram þá er ekki ólíklegt að í kringum 35 hrefnur muni veiðast.“ Konráð segir þetta þó geta gengið skarpt þegar fjórir bátar eru að í einu og veður helst gott.

sdg@frettabladid.is



**HVALKJÖT ER KOMIÐ Í VERSLANIR VÍÐA UM LAND** Gunnar Bergmann, framkvæmdastjóri Félags hrefnuveiðimanna og Árni Nílsson, kjötiðnaðarmaður.

Kjarabarátta starfsmanna IGS:

## Ætla að hætta allri yfirvinnu

**KJARAMÁL** Búast má við töfum á millilandaflugi næstu daga en starfsmenn IGS, dótturfyrirtækis Icelandair sem sér um þjónustustörf í Leifsstöð, ætla að fara sér hægt í vinnunni og hætta að vinna yfirvinnu til að knýja fram kröfur um betri laun og bætta vinnuaðstöðu.

Starfsfólkið lagði niður störf í tvær klukkustundir einn sunnudag í lok júní, og hlutust nokkrar tafir af aðgerðinni. Hún var hins vegar ólögleg og var samþykkt á fundi á miðvikudag að hætta ólöglegum aðgerðum og beita þess í stað aðgerðum eins og þeim sem hefjast í dag. - sþs

Bensíntankssmyglararnir:

## Sæta varðhaldi til 25. ágúst

**LÖGREGLA** Fjórir menn, sem handteknir voru fyrir að hafa flutt á þriðja tug kílóa af fíkniefnum til landsins og hafa setið í gæsluvarðhaldi frá því í apríl, munu sitja áfram í gæsluvarðhaldi til 25. ágúst, þegar mál þeirra fer fyrir dómstóla.

Þrír mannanna fjögurra, sem voru þrír Íslendingar og einn Hollendingur, voru handteknir á skírdag í vöruhúsi á Krókhálsi þegar þeir voru að fjarlægja efnin, fimmtán kíló af amfetamíni og tíu kíló af hassi, úr bensíntanki bifreiðar.

Hörður Jóhannesson yfirlögregluþjónn segir málinu lokið af þeirra hálfu og mennirnir bíði nú málsmeðferðar. - sh

## KANADA

**Þyrla hrapar** Kanadísk herþyrla hrapaði á fimmtudagskvöld undan ströndum Nova Scotia í Kanada með þeim afleiðingum að þrír hermenn fórust og fjórir slösuðust, þó ekki alvarlega. Áhöfn herþyrlunnar var við æfingar ásamt kanadísku strandgæslunni þegar slysið varð.




Hlutfall þeirra sem stunda kynlíf í 10. bekk hæst á Suðurnesjum og Vestfjörðum:

# Fleiri stelpur hafa sofið hjá

**SAMSKIPTI** Í rannsókn sem gerð var á heilsu og lífskjörum skólabarna nú í vor kemur í ljós að 32,4 prósent unglinga í 10. bekk hafa haft samfarir. Þetta hlutfall er hæst á Suðurnesjum, Suðurlandi og Vestfjörðum, um 40 prósent en lægst um 28 prósent í nágrenni Reykjavíkur. Í Reykjavík er þetta hlutfall rétt um landsmeðaltal.

Þóroddur Bjarnason, einn skýrsluhöfunda og prófessor í félagsfræði við Háskólann á Akureyri, segir það vekja athygli hversu mikill munur sé á kynhegðun unglinga eftir landshlutum. „Það geta verið margvíslegar ástæður fyrir þessu mynstri. Kynhegðun unglinga mótast að vissu marki af hefðum, venjum og viðhorfum sem ríkja í því samfélagi sem þau alast upp í.“



**SAMSKIPTI KYNJANNA** Það vekur athygli hversu mikill munur er á kynhegðun unglinga eftir landshlutum.

Í rannsókninni kemur einnig fram að um 29 prósent stráka og 36 prósent stelpna í 10. bekk hafa haft samfarir en hlutfall stelpnanna er með því hæsta í Evrópu. Sóley Bender, dósent við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands segir þessar tölur um kynhegðun unglinga ekki koma sér á óvart en bætir við að í ljósi umfjöllunar um eftirlitslausa unglinga á útihátíðum undanfarið sé ekki úr vegi að geta þess að áfengisnotkun tengist áhættuþáttum varðandi kynlíf. - hs

# Helgar sprengja

## á garðverkfærum

2.895
~~5.998~~



50% afsláttur

**Hjólbörur**
Vandaðar hjólbörur, 85 lítra
5080041

24.995
~~28.995~~



**Sláttuvél**
**Mega 5400XSS,** 4,0 Hp Briggs & Stratton mótor, safnpoki, 51 sm sláttubreidd, hæðarstilling
5085242

40% afsláttur

4.995
~~8.546~~



**Rafmagnsorf**
**Gardena,** 420W
5087514

9.990
~~14.995~~



**Bensínorf**
**Texas CG 260E,** tvígengismótor, 25 CC
5085592

**Nýtt kortatímabil**

7.495
~~12.995~~



**Hekkklippa**
**Black & Decker GT370,** rafmagnsklippa, 300W, 50 sm blað, klippir 20 mm
5083598

## Gildir til mánudags

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 14.7.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 74,68 | 75,04 |
| Sterlingspund | 137,57 | 138,23 |
| Evra | 94,59 | 95,11 |
| Dönsk króna | 12,679 | 12,753 |
| Norsk króna | 11,96 | 12,03 |
| Sænsk króna | 10,274 | 10,334 |
| Japanskt jen | 0,6444 | 0,6482 |
| SDR | 110,21 | 110,87 |

*Gengisvísitala krónunnar*
130,9663

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Stífla í Brasilíu sem er sömu gerðar og Kárahnjúkastífla:

# Sprunga kom í stífluvegginn

**FRAMKVÆMDIR** Sprungur komu í þriðju stærstu stíflu veraldar, sem er í suðurhluta Brasilíu, eftir að byrjað var að fylla hana af vatni, með þeim afleiðingum að allt vatnið flæddi úr stíflunni. Stíflan er sömu gerðar og sú sem verið er að reisa á Kárahnjúkum.

Campos Novos stíflan er 202 metra há og er grjótstífla með steyptri forhlið, eins og stíflan sem er í byggingu á Kárahnjúkum. Sigurður Arnalds, kynningarstjóri Kárahnjúkavirkjunar segist hafa heyrt af málinu.

„Ég hef heyrt af því að stífla í Brasilíu hafi á sínum fyrstu stigum, þegar fyllingin hafi verið að ná endilegri þjöppun með sigi, þá hafi forhliðin sprungið.

Allar stíflur síga bæði á meðan þær eru byggðar og fyrst þar á eftir til að ná fullri þjöppun. Ég þekki málavexti ekki mjög vel en mér skilst að við sig þessarar stíflu í Brasilíu hafi steypti flekinn skriðið til og í hann hafi komið sprunga.

Það eina sem ég veit er að hönnuðir Kárahnjúkastíflu fylgjast með því sem gerist í heiminum með svona stíflur. Þeir hafa skoðað það mjög gaumgæfilega hvernig stíflan sígur og hafa sérstök ráð til að fyrirbyggja að svona fari.“ **- sh**



**UNNIÐ VIÐ STÍFLUNA** Hér má sjá stífluna á Kárahnjúkum, en að sögn Sigurðar Arnalds hafa hönnuðir stíflunnar sérstök ráð til að hindra óhöpp.

Árekstur á Reykjanesbraut:

## Fótgangandi olli árekstri

**ÁREKSTUR** Ökumaður sendibíls slasaðist lítillega þegar bifreiðin sem hann ók og vörubifreið skullu saman á Reykjanesbrautinni á níunda tímanum í gærmorgun.

Vegfarandi olli slysinu þegar hann gekk út á akbrautina með þeim afleiðingum að vörubifreið sem ók í átt að honum snarhemlaði. Við það sveigði vörubíll sem ók á eftir fram hjá flutningabifreiðinni og lenti framan á sendibíl sem kom úr gagnstæði átt.

Beita þurfti klippum til að ná manninum úr sendibílnum og var hann fluttur til aðhlynningar á slysadeild. Að sögn læknis eru meiðsli hans minniháttar. **- æþe**

Hreðavatnsskáli í Borgarfirði:

## Bíl ekið inn í anddyrið

**ÓHAPP** Fólksbíl var ekið á hús veitingasölunnar Hreðavatnsskála í Borgarfirði seinnipartinn í gær. Lögreglan í Borgarnesi segir ökumanninn hafa verið ungan að árum og að hann hafi ætlað að leggja bílnum við inngang hússins en hafi misst stjórn á honum og hafnað svo að segja inni í anddyri skálans.

Mjög fáir voru inni í skálanum þegar óhappið varð og engin meiðsl urðu á fólki. Bíll piltsins er að mestu óskemmdur en að sögn lögreglu skemmdist anddyri skálans þónokkuð. **- sh**



**HEIMSÓKN Á SJÚKRAHÚS** Forsætisráðherra Indlands heimsótti í gær fórnarlömb sprengjuárásanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Indland og Pakistan:

## Hætta við að semja um frið

**MUMBAI, AP** Sprengjuárásirnar á lestakerfið í Mumbai, sem áður hét Bombay, hafa tefjandi áhrif á friðarviðræður milli Indlands og Pakistans. Tengsl ríkjanna hafa orðið töluvert vinsamlegri á síðustu árum, en nú hefur fundi utanríkisráðherra ríkjanna, sem átti að halda í næstu viku, verið frestað.

Manmohan Singh, forsætisráðherra Indlands, sagði á blaðamannafundi í gær að sprengjumennirnir hafi „notið stuðnings handan landamæranna,“ og á þar við Pakistan. **- gb**



**HÖFUÐSTÖÐVAR LANDSVIRKJUNAR** Hlutur Akureyringa í Landsvirkjun verður einnig seldur rétt eins og hlutur Reykvíkinga. Vinstri grænir fyrir sínu leyti eru á móti sölunni þrátt fyrir að ríkið kaupi af borginni, því salan sé liður í einkavæðingarferli ríkisstjórnarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Undrast ef borgin semur án Akureyrar

**Formaður bæjarráðs Akureyrar hélt að Reykjavíkurborg og bærinn stæðu saman í viðræðum um sölu á hlutunum í Landsvirkjun. Vinstri grænir mótmæla því að borgin selji ríkinu, því fyrirtækið verði þá einkavætt.**

**STJÓRNMÁL** „Við erum með í viðræðunum,“ sagði Hermann Tómasson, formaður bæjarráðs Akureyrar og í stóli bæjarstjóra í fjarveru Kristjáns Þórs Júlíussonar. Það er þvert á fullyrðingu borgarstjórans við blaðamann um að Reykjavíkurborg standi ein í viðræðum við Landsvirkjun um kaup ríkisins á hlut borgarinnar í fyrirtækinu.

„Þetta kemur mér á óvart,“ segir Hermann undrandi. Fulltrúi ríkisins hafi haft samband við þeirra fulltrúa um að bærinn kæmi aftur að samningaborðinu. Hann þekki ekki stöðuna í viðræðunum á þessari stundu, en fulltrúinn hafi fengið umboð til að halda söluviðræðunum áfram eftir að upp úr slitnaði síðast: „Ég held að það hljóti að vera að söluviðræðunum verði stillt upp saman og kláraðar saman.“

Spurður hvort bærinn vilji setja skilyrði í söluviðræðunum verði Landsvirkjun einkavædd segir Hermann það hugsanlegt: „Ég vil ekki upplýsa þau í þessu samhengi.“ Hann sagði þó að þau væru jafnvel önnur en borgarinnar. „Við munum vilja koma okkar sjónarmiðum varðandi raforkumál í landinu á framfæri í viðræðunum.“ Ekki standi þó á áhuganum að selja ríkinu hlutinn: „Mér finnst ekki eðlilegt að við séum með eignaraðild í orkufyrirtæki á landsvísu. Hagsmunir sveitarfélagsins eiga fyrst og fremst að nýtast íbúum þess.“

Borgarfulltrúar vinstri grænna í Reykjavík hafa sent frá sér yfirlýsingu og vara við sölu borgarinnar á eignarhlutnum í Landsvirkjun. Salan sé liður í stefnu ríkisstjórnarinnar að einkavæða fyrirtækið, og sé komin í Ráðhúsið.

Í yfirlýsingunni stendur að flokkurinn vilji ekki liðka fyrir einkavæðingaræði ríkisstjórnarinnar. Hann telur að fari Reykjavíkurborg út úr Landsvirkjun séu verulegar líkur á að orkuverð til Reykvíkinga stórhækki þá þegar.

Borgarfulltrúar Vinstri grænna eru sammála Degi B. Eggertssyni, Samfylkingu, um að tryggja eignarhald borgarinnar á flutningsnetinu og segja að lokum að sú tíð geti komið að borgin losi um eignarhald í Landsvirkjun: „En það má ekki verða á forsendum einkavinavæðingar mikilvægrar samfélagslegrar þjónustu, verðmats sem er fjarri öllu lagi, eða skammtímahagsmuna.“ **gag@frettabladid.is**

Heildarskipulag Vatnsmýrar:

## Ný keppnisgögn útbúin

**BORGARMÁL** Borgarráð hefur ákveðið að halda áfram með hugmyndasamkeppni um heildarskipulag Vatnsmýrarinnar.

Úrskurðarnefnd útboðsmála ógilti fyrra útboð þar sem það samrýmdist ekki reglugerð um opinber innkaup á Evrópska efnahagssvæðinu að nota tvær leiðir í útboði. Önnur var undir nafnleynd og hin undir nafni.

Dómnefnd verður falið að útbúa ný keppnisgögn, þar sem tekið verður mið af úrskurðinum.

Með ákvörðuninni er tekið af skarið um að heildarskipulag muni liggja fyrir áður en einstakir reitir Vatnsmýrarinnar koma til uppbyggingar á næstu árum. **- sdg**

Morðið á Ashley Turner:

## Hill verður sóttur til saka

**WASHINGTON, AP** Hinn tvítugi varnarliðsmaður, Calvin Hill, sem grunaður er um morðið á flugliðanum Ashley Turner þann 14. ágúst á varnarsvæðinu í Keflavík, verður sóttur til saka fyrir morðið, en verjendur hans höfðu reynt að fá málinu vísað frá vegna formgalla.



**ASHLEY TURNER FLUGLIÐI**

Hill er ákærður fyrir morð að yfirlögðu ráði, þjófnað og ólögmæta eignaupptöku. Einnig fyrir að setja fram ósannar opinberar fullyrðingar, að taka sér leyfi í heimildarleysi og koma í veg fyrir framgang réttvísinnar.

Turner átti, viku fyrir dauða sinn, að bera vitni gegn Hill fyrir að taka út 2000 dollara, um 150 þúsund krónur, af bankareikningi hennar. Ekki hefur verið ákveðið hvenær málið verður tekið fyrir. **- kóþ**




*MS drykkjarvörur í garðveisluna*
*MS mjólkurdrykkirnir eru prótein- og kalkríkir og stútfullir af næringarefnum. Veldu þér ískaldan mjólkurdrykk í handhægum umbúðum í næstu verslun.*


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**VIÐVÖRUN TIL FERÐALANGA**
Í dag er rétt að vara tjaldbúa og þá sem eru að ferðast með hjólhýsi við afar óhagstæðum veðurhorfum í dag. Því búast má við allhvössum og sumstaðar jafnvel hvössum vindi á vesturhelmingi landsins. Vindhraðinn nær að líkindum hámarki eftir hádegi og til kvölds en færist reyndar smám saman yfir daginn yfir á norðvestanvert landið. Hægari verður vindurinn lengst af á austurhluta landsins en þar bætir þó heldur í undir kvöld.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**
Sunnan 5-10 m/s og skúrir. Hiti 9-12 stig.

*um hádegi »*



*» á morgun*



5-10 m/s norðan til, annars hægari.

*» mánudagur*



Strekkingur allra syðst, annars hægur.

*um hádegi »*

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 20°C | léttskýjað | London | 24°C heiðskírt | | Alicante | 31°C léttskýjað |
| Billund | 21°C | léttskýjað | París | 28°C heiðskírt | | Mallorca | 29°C heiðskírt |
| Osló | 23°C | hálfskýjað | Frankfurt | 26°C léttskýjað | | Algarve | 28°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 24°C | léttskýjað | Friedrichshafen | 27°C léttskýjað | | Krít | 27°C heiðskírt |
| Gautaborg | 21°C | léttskýjað | Berlín | 26°C hálfskýjað | | Las Palmas | 27°C heiðskírt |

* Hitatölur sýna spágildi fyrir hæsta hita dagsins. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Grillum saman



Fylltur lambageiri
með villisveppum

GOTT Á GRILLIÐ



Svartir tómatar

GOTT Á GRILLIÐ



**Grillpinnar** úr kjötborði
svín, lamb, naut, hreindýr

GOTT Á GRILLIÐ






Kældu þig niður!

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



## KJÖRKASSINN

*Hefurðu unnið í garðinum í sumar?*

| | |
|---|---|
| Já | 22% |
| Nei | 78% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Hefurðu smakkað hrefnukjöt?*

Segðu þína skoðun á Vísi.is

Litháinn Romas Kosakovski var dæmdur í tveggja og hálfs árs fangelsi í gær:

# Gantaðist við verjanda sinn

**DÓMUR** Romas Kosakovskis, Litháinn sem reyndi að smygla rúmum tveimur lítrum af amfetamínbasa og tæpum lítra af brennisteinssýru inn til landsins í lok febrúar síðastliðnum, var dæmdur í tveggja og hálfs árs fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Þar að auki var honum gert að greiða rúma milljón króna í sakarkostnað.

Romas sýndi engin svipbrigði við dómsuppkvaðninguna, en létt virtist yfir honum áður en dómari gekk í salinn því hann gantaðist við lögfræðing sinn, Björgvin Jónsson, áður en dómshald hófst.

Að dómsuppkvaðningu lokinni kaus Romas að una dómnum ekki og áfrýjaði máli sínu til Hæstaréttar Íslands. Gæsluvarðhald yfir honum var því framlengt þar til Hæstiréttur kveður upp dóm í málinu. Vökvinn sem Romas reyndi að smygla inn til landsins fyrr á þessu ári hefði dugað til framleiðslu á um sautján kílóum af amfetamíni. Ef hann hefði haft það magn í fórum sínum þegar hann var handtekinn, hefði hann mátt búast við 12 til 13 ára dómi.

Samkvæmt Daða Kristjánssyni, lögfræðingi ákæruvaldsins, er vaninn sá að erlendir glæpamenn afpláni aðeins helming dóms, á meðan heimamenn séu látnir afplána tvo þriðju hluta refsingarinnar. Hann segir ástæðu þess vera að erfiðara reynist erlendum glæpamönnum að afplána dóm í íslenskum fangelsum heldur en íslenskum kollegum þeirra. - æþe



**SAKBORNINGURINN** Romas hefur áfrýjað máli sínu til Hæstaréttar. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Sænskur maður:

# Ákærður fyrir stríðsglæpi

**SVÍÞJÓÐ, AP** Sænskur maður hefur verið ákærður fyrir stríðsglæpi í Bosníu þegar hann barðist þar sem málaliði á tíunda áratugnum. Jackie Arklov er sakaður um að hafa pyntað og misþyrmt föngum, og var árið 1995 dæmdur í 13 ára fangelsi í Bosníu fyrir stríðsglæpi, en sænsk yfirvöld létu málið falla niður vegna skorts á sönnunum þegar hann var fluttur til Svíþjóðar árið 1996.

Nýja ákæran byggir á nýjum sönnungargögnum. Arklov situr nú í sænsku fangelsi fyrir morð á tveimur lögreglumönnum eftir bankarán árið 1999, en hann hlaut lífstíðardóm fyrir þann glæp. - smk

Ríkisskattstjóri hættir í október:

# Indriði hættir sem skattstjóri

**STARFSLOK** Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri hefur óskað eftir lausn frá embætti frá og með 1. október næstkomandi. Fjármálaráðherra hefur fallist á beiðnina og mun Indriði því hætta störfum að september loknum.



**INDRIÐI H. ÞORLÁKSSON**

Indriði er 65 ára og hefur gegnt starfi ríkisskattstjóra frá 1. janúar 1999. Þar áður var hann um langt árabil skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu og starfaði þar áður í menntamálaráðuneytinu. - sh

# Steytti á afnámi verndartolla landbúnaðarvara

**Fulltrúi bænda í matvælaverðsnefnd forsætisráðherra lagðist gegn hugmyndum um afnám verndartolla búvara. ASÍ vildi ekki standa að sameiginlegum tillögum nefndarinnar þar sem ekki var lögð til stórfelld uppstokkun landbúnaðarkerfisins. Össur Skarphéðinsson segir nauðsynlegt að afnema ofurtolla.**

**MATVÆLAVERÐ** Helst steytti á hugmyndum um afnám verndartolla landbúnaðarvara í starfi matvælanefndar forsætisráðherra. Háværar kröfur voru uppi í nefndinni um að gerð yrði tillaga um afnám þeirra en fulltrúi bænda lagðist alfarið gegn þeim. Samkvæmt útreikningum starfsfólks Hagstofunnar myndi matarreikningur meðalheimilis í landinu lækka um rúmar 80 þúsund krónur ef verndartollarnir yrðu aflagðir.

Alþýðusambandið, sem átti fulltrúa í nefndinni, krafðist þess að landbúnaðarkerfið yrði stokkað upp og fært „úr kerfi hafta og hamla, í kerfi með verulegum auknum beinum greiðslum sem rynnu til bænda,“ eins og segir í yfirlýsingu þess. Þar sem ekki náðist samstaða um þær hugmyndir vildi sambandið ekki standa að sameiginlegum tillögum nefndarinnar „sem leiða myndu til verulegra lækkana á sælgæti og gosi en óverulegra lækkana á verði venjulegra matvæla,“ eins og er orðað.

Samtök verslunar og þjónustu vilja einnig að tollar vegna innflutnings á búvöru verði afnumdir en telja mikilvæg skref stigin með afnámi vörugjalda og að öll matvara beri sama hlutfall virðisaukaskatts. Um leið er mótmælt hugmyndum Lýðheilsustofnunar um að halda beri í hærri skattlagningu á einstakar tegundir matvæla sem taldar eru óhollari en aðrar. Slík opinber neyslustýring hafi hingað til alltaf mistekist.

Það kemur Össuri Skarphéðinssyni, þingmanni Samfylkingarinnar, ekki á óvart að ekki hafi náðst samstaða í nefndinni enda hafi fulltrúar landbúnaðarins átt þar sæti. Össur telur mikilsvert að samstaða hafi náðst um ákveðin skref, sem feli í sér nokkra lækkun matarverðs ef að lögum verða, en segir mikilvægt að ganga lengra. „Það er ljóst að til að ná árangri sem munar um og skiptir neytendur miklu máli þá verður að afnema ofurtollana á innfluttum matvörum. Við í Samfylkingunni munum strax í haust leggja til að stigið verði stórt skref, til dæmis með helmingslækkun, og að síðar verði stefnt að því að afnema þá alveg.“ Hann segir að á móti verði að ganga til viðræðna við bændur um aðgerðir til að hjálpa þeim á aðlögunartímanum.



**ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON**

„Markmiðið á að vera að hér verði matarverð ekki hærra en í Evrópusambandslöndunum og ég held reyndar að besta leiðin til að ná verðinu verulega niður sé að ganga í ESB,“ segir Össur og minnir á að lækkun matarverðs sé eitt þeirra mála sem flokkur hans hefur lagt hvað mesta áherslu á á síðustu árum.

Forsætisráðherra vildi það eitt um málið segja að skýrslan yrði tekin til skoðunar. Ekki náðist í landbúnaðarráðherra.

bjorn@frettabladid.is



**KEYPT INN** Matarreikningur meðalheimilis myndi lækka um 130 þúsund krónur á ári, yrði farið að þeim hugmyndum sem helst voru ræddar í matvöruverðsnefnd forsætisráðherra.

**LÆKKUN ÁRSÚTGJALDA HEIMILANNA**

| | |
|---|---|
| Afnám vörugjalds | 21.900 kr. |
| Niðurfelling tolla | 8.700 kr. |
| Samræming virðisaukaskatts | 8.100 kr. |
| Lækkun virðisaukaskatts af veitingaþjónustu | 10.900 kr. |
| **Alls** | **49.600 kr.** |
| Afnám tollverndar af búvöru | 81.800 kr. |
| **Alls** | **131.400 kr.** |

**ÁHRIF Á TEKJUR RÍKISSJÓÐS**

**Að teknu tilliti til veltuaukningar í kjölfar skattalækkana. Í milljörðum króna.**

| | |
|---|---|
| Afnám vörugjalds | -1.170 |
| Niðurfelling tolla | -490 |
| Samræming virðisaukaskatts | -800 |
| Lækkun virðisaukaskatts af veitingaþjónustu | -810 |
| **Alls** | **-3.270** |
| Afnám tollverndar af búvöru | 1.510 |
| **Alls** | **-1.760** |

## MENGUN

**Spilliefni á lagersvæði** Mikið magn spilliefna stendur enn á gamla lagersvæði Olís við Köllunarklettsveg þrátt fyrir að fyrirtækið hafi sagt að öll efni yrðu horfin af lóðunni í lok þessarar viku. Undanfarnar þrjár vikur hafa ýmis spilliefni staðið á svæðinu vegna flutninga.

## STJÓRNMÁL

**Skorað á Birki Jón** Fufan, Félag ungra Framsóknarmanna á Akureyri og nágrenni, skorar á Birki Jón Jónsson, þingmann Framsóknarflokksins í Norðausturkjördæmi, að bjóða sig fram til forystu flokksins á flokksþinginu sem verður í ágúst.






Valerie Plame, fyrrverandi njósnari og sendiherrafrú:

# Hefur kært Dick Cheney fyrir að leka til fjölmiðla

**WASHINGTON, AP** Valerie Plame, fyrrverandi njósnari hjá bandarísku leyniþjónustunni CIA, hefur lagt fram kæru á hendur Dicks Cheney, varaforseta Bandaríkjanna, Karls Rove, ráðgjafa Bandaríkjaforseta, og fleiri embættismanna Hvíta hússins í Washington. Hún sakar þá um að hafa skipulagt „hvíslherferð“ með það að markmiði að eyðileggja feril hennar hjá leyniþjónustunni.

Hún heldur því fram í kærunni að Cheney, Rove og I. Lewis Libby, sem er fyrrverandi starfsmannastjóri Hvíta hússins, hafi lekið því til fjölmiðla að hún væri njósnari hjá CIA gagngert til þess að refsa eiginmanni hennar, Joseph Wilson, sem er fyrrverandi sendiherra Bandaríkjanna, fyrir það að hann sagði Bandaríkjastjórn hafa ýkt hættuna af Íraksstjórn til þess að réttlæta innrásina í Írak.

Wilson hafði ferðast til Nígers í Afríku og komist þar að raun um að líklega væri ekkert hæft í ásökunum Bush Bandaríkjaforseta um að Saddam Hussein hefði ætlað að útvega sér úran frá Afríku.

Opinberlega var fyrst ljóstrað upp um að Plame væri njósnari í júlí árið 2003 í grein sem pistlahöfundurinn Robert Novak skrifaði. Novak hefur upplýst að hann hafi á sínum tíma fengið staðfestingu fyrir því að Plame væri njósnari bæði hjá Karl Rove og Bill Harlow, upplýsingafulltrúa CIA. - gb



**JOSEPH WILSON OG VALERIE PLAME** Sendiherrahjónin fyrrverandi segja bandaríska ráðamenn hafa stofnað lífi þeirra í hættu með því að leka til fjölmiðla að hún væri njósnari á vegum CIA. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þessi viðkvæma rennblauta útlína
eða húð sem skilur okkur frá
afganginum af heiminum. Eiland
birti... ó eða
mi...
me... ð
til... nið
san... með
öllu. Að drukkna og ná aftur
andanum. Þetta er fæðingin.
Þegar vatnið kemur og vatnið fer.

# EI LAND

ÁSDÍS SIF GUNNARSDÓTTIR   FRIÐRIK ÖRN HJALTESTED   HARALDUR JÓNSSON   HRAFNKELL SIGURÐSSON   RAGNAR KJARTANSSON

## 5 listamenn í Gróttu

15.07. - 20.08. 2006

OPNUN Í DAG KL.15.15 - 18.18

ALLIR VELKOMNIR, LÉTTAR VEITINGAR Í BOÐI

EILANDSKAFFI ER OPIÐ Á SÝNINGARTÍMUM











www.eiland.is

SJÓVÁ



## VEISTU SVARIÐ?

1 *Hver hefur verið ráðinn nýr bæjarstjóri á Grundarfirði?*

2 *Hvað nefnast samtök múslima í Líbanon sem berjast gegn landtöku Ísraela í landinu?*

3 *Hvaða íslenski knattspyrnukappi hefur gengið til liðs við Breiðablik?*

Deilan um nýtt húsnæði Blóðbankans við Snorrabraut hefur verið leyst:

# Alfreð fær hálfa efstu hæðina

**LANDSPÍTALINN** Deilan um nýtt húsnæði Blóðbankans við Snorrabraut hefur verið leyst farsællega og með samþykki allra hlutaðeigandi. Ráðuneytisstjóri heilbrigðisráðuneytisins segir deiluna hafa frá upphafi byggst á misskilningi.

Starfsfólk Blóðbankans var ósátt við það að framkvæmdanefnd um nýtt sjúkrahús fengi efstu hæðina til umráða og taldi sig þurfa allt húsnæðið til að geta veitt viðunandi þjónustu.

Nú hefur verið ákveðið að framkvæmdanefndin fái helming hæðarinnar undir sína starfsemi, sem er raunar það sem fulltrúar heilbrigðisráðuneytisins og nefndarinnar sögðu frá upphafi að stæði til.



**DAVÍÐ Á GUNNARSSON** Ráðuneytisstjórinn segir deiluna hafa byggst á misskilningi.

Davíð Á. Gunnarsson, ráðuneytisstjóri heilbrigðisráðuneytisins, segir deiluna hafa byggst á misskilningi frá upphafi. „Menn voru að tala í kross eins og stundum gerist, ekki að tala um sama hlutinn. Það þurfti ekki neina sérstaka lausn. Þetta var leyst eins og ráð var fyrir gert strax í upphafi.“

Sveinn Guðmundsson, yfirlæknir Blóðbankans er ánægður. „Blóðbankinn fær með þessu móti um 1100 fermetra sem uppfyllir vel okkar þarfir og gefur okkur mikla möguleika á að þróast áfram. Ég tel okkur standa á krossgötum og ég fagna milligöngu ráðuneytisins í þessu máli.“ **- sh**

Einhverfa rannsökuð:

# Eitt af hverjum 100 börnum

**BRETLAND** Samkvæmt nýrri breskri rannsókn er eitt af hverjum 100 börnum í Bretlandi einhverft. Þetta er mun hærri tala en áður hefur verið stuðst við, en fyrir tíunda áratuginn töldu sérfræðingar að á hverja 10.000 íbúa Bretlands væru fjögur til fimm tilfelli af einhverfu.

Fréttavefur breska ríkisútvarpsins, BBC, greinir frá þessu, en niðurstöður rannsóknarinnar voru birtar í læknatímaritinu Lancet í vikunni. Sérfræðingarnir taka fram að þeir vita ekki hvort um betri greiningarferli er að ræða, eða hvort einhverfum börnum fer fjölgandi í Bretlandi. **- smk**

Bandarísk tilraun:

# Hugarorkan er hreyfiafl

**ERLENT** Bandaríkskum vísindamönnum hefur tekist að græða nema og senditæki í heila lamaðs manns sem gera það að verkum að hann getur hreyft músarbendil á tölvuskjá og stjórnað sjónvarpi og vélmenni með hugarorkunni.

Neminn nemur heilabylgjur mannsins og sendir þannig skilaboð í stað þess að fingur ýti á takka.

Vísindamenn vonast til að geta þróað tæknina þannig að hún geti hjálpað sem flestum sem eru hreyfihamlaðir vegna mænuskaða eða taugasjúkdóma á borð við Lou Gehrig-sjúkdóminn. **- kóþ**

Unnið að skýrslu vegna sprengihættu í El Grillo:

# Sprengjur fjarlægðar

**SEYÐISFJÖRÐUR** Að sögn Adrians J. King, sprengjusérfræðings hjá Landhelgisgæslunni, vinnur sprengjudeild gæslunnar að skýrslu vegna sprengihættu við El Grillo.

Landhelgisgæslan hefur fjarlægt yfir fimm hundruð sprengjur úr skipinu síðan 1972. Flestar þeirra hafa verið í mjög góðu ástandi og því bæði hættulegar þeim sem ekki hafa vit á að láta þessa hluti vera og eins einstaklingum sem taka með sér sprengjur úr flakinu fyrir forvitnissakir. Það er meðal annars vegna þessa sem sprengjudeild gæslunnar vinnur að skýrslu um hvernig bregðast megi við sprengihættu við flakið.

Í síðustu viku fór sprengjudeildin enn eina ferðina niður að flaki El Grillo í Seyðisfirði til að fjarlægja sprengikúlur sem fundust þar af köfurum.

Sérstaklega þjálfaðir kafarar sprengjudeildarinnar fundu þriggja tommu sprengikúlu úr loftvarnarbyssu skipsins. Sprengikúlan var virk og í mjög góðu ástandi miðað við að hafa legið á hafsbotni í rúm sextíu ár.

Kúlunni var fargað síðar um daginn, með þeim hætti að hún var sprengd upp á tveggja metra dýpi í fjöru á Seyðisfirði. **- æþe**






**HRÓPANDINN Í EYÐIMÖRKINNI** Þessi einmana trúbador gafst ekki upp í gær, heldur söng áfram gegn alþjóðavæðingu í tjaldbúðum mótmælenda á Kirov-íþróttaleikvanginum í Pétursborg. NORDICPHOTOS/AFP

# Mótmælendur einangraðir

**Athygli vekur hversu lítið hefur verið um mótmæli vegna G8-fundarins í Pétursborg. Engar mótmælagöngur eru leyfðar í borginni og öll mótmæli eiga að fara fram í 20 kílómetra fjarlægð frá fundinum.**

**PÉTURSBORG, AP** Það er bókstaflega bannað að mótmæla G8-fundinum í miðbæ Pétursborgar, að því er skipuleggjendur mótmæla vegna fundarins halda fram.

Lögregla borgarinnar mun nú þegar hafa sett rúmlega tvö hundruð manns á bak við lás og slá, en fólkið var grunað um að hafa andóf í hyggju. Fólkið á að hafa verið á leiðinni til borgarinnar þegar það var tekið höndum, en að auki hafi þrjátíu manneskjur verið handteknar í borginni sjálfri. Skipuleggjendurnir eru samt sem áður ákveðnir í að halda friðsamlega mótmælagöngu í dag, þótt borgaryfirvöld hafi ekki lagt blessun sína yfir hana.

Lögreglan í Pétursborg segir aftur á móti að handtökurnar hafi ekki verið í tengslum við fundinn, fólk væri handtekið dags daglega í borginni, til að mynda vegna þess að það hefði ekki tilskilin leyfi til dvalar í borginni eða hefði brotið aðrar reglur. Engin leið væri að vita hverjir væru mótmælendur og hverjir ekki.

Bandaríkjamenn hafa gagnrýnt Pútín-stjórnina harðlega fyrir að virða ekki fyllilega mannréttindi og vonast mótmælendurnir í Pétursborg til þess að erlendir leiðtogar á G8-fundinum þrýsti á Pútín forseta um að halda mannréttindi í heiðri.

Öryggisgæsla vegna G8-fundarins er gífurlega mikil og yfirvöld ætla sér að koma í veg fyrir að mótmæli skyggi á fundinn sjálfan, eins og gerðist í fyrra á Skotlandi, og á Ítalíu árið 2001 þegar einn maður lét lífið í átökum andófsmanna og lögreglu.

Mótmæli hafa verið takmörkuð við hrörlegan íþróttaleikvang á odda afskekktrar eyju í borgarlandinu, um tuttugu kílómetrum frá fundarsvæðinu. Næsta stoppistöð almenningssamgangna er í þriggja kílómetra fjarlægð og jafnvel þeirri stoppistöð hefur verið lokað meðan á fundinum stendur.

Aðstandendur mótmælafundarins á íþróttaleikvanginum líktu þessu við að vera í dýragarði og sögðu að yfirvöld ætluðu að láta líta út fyrir að alls engin stjórnarandstaða væri í landinu. Segja má að það hafi gengið eftir, því leikvangurinn er risavaxinn, rúmar um fimmtíu þúsund manneskjur, og „gleypti“ með öllu þá fjögur hundruð mótmælendur sem lögðu leið sína þangað í gær.

klemens@frettabladid.is

# nettó í sumarskapi

## full búð af tilboðum

**allir út á pallinn !**

DEKA®




**loksins er komin sól !**

**2 fyrir 1**

Pallaolía 2,5L

HÉR & NÚ / SÍA
Umbrot: Auglýsingastofa Víkurfrétta

**allt í matinn á einum stað**

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildistími til 16. júlí eða á meðan birgðir endast.

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

nettó



**YAHYA BIN YAHYA AL-GHADER** Hann yfirgefur hér þinghúsið í Sanaa í Jemen. Hann reyndi að bjóða sig fram til forseta í komandi kosningum og uppfyllti öll skilyrði, nema hvað að hann er dvergvaxinn og var því meinað framboðið.NORDICPHOTOS/AFP

Rannsókn hætt á máli þriggja manna sem grunaðir voru um fjársvik:

# Feginn að málinu sé lokið

**FJÁRSVIKAMÁL** Mál þeirra þriggja manna sem lögreglan í Reykjavík handtók í janúar vegna gruns um fjársvik hefur nú verið fellt niður. Mennirnir, einn Íslendingur og tveir útlendingar, voru handteknir í Íslandsbanka, grunaðir um að hafa ætlað að svíkja hundruð milljóna íslenskra króna úr bankanum.



**HOLBERG MÁSSON**

Að sögn Harðar Jóhannssonar, yfirlögregluþjóns lögreglunnar í Reykjavík, þótti einfaldlega ekki ástæða til að halda áfram með rannsókn málsins og því var henni formlega hætt.

Holberg Másson, Íslendingurinn sem var handtekinn, segist afar ánægður með að málinu sé lokið. „Augljóslega hef ég vitað það frá upphafi að málið var byggt á röngum upplýsingum en engu að síður er afskaplega leiðinlegt að lenda í þessu. Þetta mál hefur verið erfitt fyrir mig og fjölskyldu mína og við erum mjög fegin að þessu sé lokið.“

Hann segir að verið sé að kanna grundvöll fyrir skaðabótamáli. „Lögmaður minn er nú að skrifa bréf þar sem farið verður fram á bætur vegna ólögmætrar handtöku. Svo verður í framhaldi af því skoðað hvort farið verður í skaðabótamál.“ **- sþs**



**HÖRÐUR JÓHANNESSON** Það þótti einfaldlega ekki ástæða til að halda málinu áfram.

AFL gengur frá samkomulagi:

# Samið við starfsfólk HSA

**KJARAMÁL** Gengið hefur verið frá samkomulagi á milli AFL - Starfsgreinafélags Austurlands og Heilbrigðisstofnunar Austurlands um fjögurra launaflokka hækkun til þeirra starfsmanna sem tilheyra AFLi. Hækkunin er afturvirk frá 1. maí síðstliðnum. Unnið hefur verið að nýjum stofnanasamningi síðustu tvo mánuði en ekki hefur enn náðst samkomulag um launahækkanir 1. september.

Afl og forystumenn HSA eru sammála um að stefna að því að lægst launuðu starfsmenn HSA hækki einum launaflokki meira en aðrir 1. september. **- hs**

Alexöndru-maðurinn:

# Dæmdur í ellefu ára fangelsi

**SVÍÞJÓÐ** Barnaníðingur, sem gengið hefur undir nafninu Alexöndrumaðurinn í sænskum fjölmiðlum, var í Malmö í gær dæmdur í ellefu ára fangelsi fyrir að hafa misnotað 58 unglingsstúlkur. Þetta kemur fram á fréttavef sænska blaðsins Dagens Nyheter.

Maðurinn, sem er 31 árs og af erlendu bergi brotinn, verður gerður brottrækur frá Svíþjóð þegar hann hefur afplánað dóminn.

Hann vingaðist við 150 stúlkur á aldrinum tólf til átján ára með aðstoð netsins og þóttist vera 25 ára gömul kona sem rak módelskrifstofu og fylgdarþjónustu. Hann fékk stúlkurnar til að afklæða sig fyrir framan vefmyndavél, greiddi öðrum fyrir kynmök og nauðgaði sumum þeirra, að sögn sænskra saksóknara. **- smk**

Mannréttindafulltrúi í stað jafnréttisráðgjafa:

# Átök í borgarstjórn

**STJÓRNSÝSLA** Fulltrúar minnihlutans í borgarstjórn greiddu atkvæði gegn því að starf jafnréttisráðgjafa yrði lagt niður hjá Reykjavíkurborg í borgarráði í fyrradag. Í stað embættisins verður stofnað embætti mannréttindafulltrúa sem mun starfa með nýrri mannréttindanefnd borgarinnar, en stofnun hennar var ákveðin í vor.



**GÍSLI MARTEINN BALDURSSON**

„Það komu fram áhyggjur frá kvennahreyfingum, að þessi breyting myndi draga þrótt úr jafnréttisstarfi,“ segir Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingar. „Það var sameiginlegur skilningur að jafnréttisfulltrúi fengi sér við hlið mannréttindafulltrúa þó að verkefni sem snúa að innflytjendum, fötluðum og samkynhneigðum bætist við.“ Meirihlutinn vildi ekki gefa afdráttarlausar tryggingar fyrir að það gengi eftir á fundi borgarráðs, að sögn Dags.

Gísli Marteinn Baldursson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, segir þetta útúrsnúning hjá minnihlutanum. „Með sömu rökum væri hægt að segja að R-listinn hefði verið að vega að kynjajafnrétti með því að leggja niður jafnréttisnefnd og stofna mannréttindanefnd. Við þær breytingar treysti R-listinn sér ekki til að fjölga stöðugildum en við ætlum í samráði við nýjan mannréttindafulltrúa að skoða vel hans starfssvið og hvort nauðsynlegt verði að fjölga þeim sem vinna með þessi mál.“ **- sdg**



**KB BANKI** Fyrrverandi útibússtjóri KB banka í Borgarnesi var sýknaður af ákæru um fjárdrátt.FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Sýknaður af fjársvikum

**Kristján B. Snorrason, fyrrverandi útibússtjóri KB banka í Borgarnesi, var í fyrradag sýknaður af fjár- og umboðssvikum í Héraðsdómi Reykjaness.**

**SÝKNUDÓMUR** Héraðsdómur kvað upp sýknudóm í máli Kristjáns Björns Snorrasonar, fyrrverandi útibússtjóra KB banka í Borgarnesi, en hann var ákærður fyrir að hafa svikið út tíu milljónir króna í nafni annars manns á meðan hann gegndi fyrrnefndu starfi.

Kristjáni var gefið að sök að hafa, þann 10. mars árið 2003, stofnað tékkareikning með yfirdráttarheimild upp á tvær milljónir króna í nafni manns, sem þá var félagi Kristjáns, í leyfisleysi. Þá var honum gert að hafa, síðar þetta sama ár, hækkað yfirdráttarheimild umrædds reiknings upp í tíu milljónir og nýtt upphæðina í eigin þágu.

Kristján hélt ávallt fram sakleysi sínu og sagðist hafa stofnað umræddan tékkareikning samkvæmt beiðni félaga síns. Þeir hugðust kaupa tvo bíla frá Bandaríkjunum og var stofnun reikningsins liður í því, að sögn Kristjáns. Félagi Kristjáns hefur ekki viljað kannast við þetta.

Í Héraðsdómi var lagt fram bréf frá lögmanni Búnaðarbanka, þar sem fram kom að félaga Kristjáns hafi verið sendar tilkynningar um stofnun reikningsins og reikningsyfirlit með reglulegu millibili, auk þess sem hann hafi ítrekað haft samband við starfsmenn bankans vegna stöðu umrædds reiknings. Það var þó ekki fyrr en rúmu einu og hálfu ári frá stofnun reikningsins sem hann kom á framfæri athugasemdum við bankann um að reikningurinn hefði verið stofnaður án hans vitundar.

Kristjáni var sagt upp störfum sem útibússtjóri í Borgarnesi vegna samskiptaþreytu, áður en málið var kært til lögreglu og tengist uppsögn hans þessu máli ekki á nokkurn hátt. Kristján starfar nú sem sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Skagafjarðar, en stjórn Sparisjóðsins lýsti yfir trausti á störf hans meðan á málaferlunum stóð.

**aegir@frettabladid.is**


NÝR
STÁLSÉRFRÆÐINGUR

Létt ferða-MIG-vél fyrir atvinnumanninn og þig.
Bara stilla efnisþykkt í millimetrum og taka í gikkinn,
- vélin sér um restina.

Fyrir ál og stál
Fyrir ryðfría og
fluxfyllta víra 0,6 -1,0mm
Fyrir 230V og rafstöðvar
Þyngd aðeins 9,4 og 9,8 kíló



100 METRA framlengingarsnúrur eru EKKERT MÁL

STOFNAÐ ÁRIÐ 1978
ístækni ehf.
VÉLAR - TÆKI - VERKFÆRI

100% KEMPPI

Nethyl 2 Sími: 510 9100
Fax: 510 9109 www.istaekni.is

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu


Deila Þjóðverja og Ítala um björninn Brúnó:

# Skila ekki hræinu

**ÞÝSKALAND, AP** Milliríkjadeilan um björninn Brúnó, sem ráfaði yfir Alpana til Þýskalands og var skotinn af veiðimönnum, hefur náð nýjum hæðum, en þýsk yfirvöld neita nú að skila hræinu til heimalands bjarnarins, Ítalíu. Brúnó var skotinn að ósk yfirvalda sem óttuðust að hann myndi ráðast á menn, en hann hafði drepið kindur og kanínur á ferðum sínum um Bæjaraland.

Ítalir hafa harðlega mótmælt bjarnarvíginu og segja að frekar hefði átt að skjóta Brúnó með deyfilyfjum og flytja hann til síns heima. Þýsk yfirvöld hafa neitað bón Ítala um að hræinu verði skilað og hyggjast nota það til vísindarannsókna. **- sgj**



**BANGSINN BRÚNÓ** Yfirvöldum í Bæjaralandi bárust fjölmargar hótanir í kjölfar launmorðsins á birninum vinsæla.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP




* Bílasamningur til 84 mánaða með 30% útborgun. Mánaðarlegar greiðslur eru háðar vaxta- og gengisþróun.

HYUNDAI hefur gæðin

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444 | Selfoss 575 1460 | Akranes 431 2622 | Akureyri 461 2533 | Egilsstaðir 471 2524

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

**ICEX-15** 5.515 **+1,13%**

**Fjöldi viðskipta:** 304
**Velta:** 3.840 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Mosaic** | +6,10% | **Icelandic Group** | -0,63% |
| **Bakkavör** | +2,68% | **FL Group** | -0,59% |
| **Marel** | +2,10% | **Atorka** | -0,32% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:**
Actavis 63,60 +0,00% ... Alfesca 4,26 +0,47% ... Atlantic Petroleum 582,00 +0,69% ... Atorka 6,26 -0,32% ... Avion 33,80 +0,90% ... Bakkavör 49,90 +2,68%% ... Dagsbrún 5,65 +0,36% ... FL Group 17,00 -0,59% ... Glitnir 17,00 +1,19% ... KB banki 738,00 +0,68% ... Landsbankinn 21,60 +1,89% ... Marel 73,00 +2,10% ... Mosaic Fashions 17,40 +6,10% ... Straumur-Burðarás 16,90 +1,81% ... Össur 112,50 +1,35%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## Peningaskápurinn...

### Á gulu ljósi

Danska Samkeppnisstofnunin hefur veitt samstarfi 365 Media Scandinavia og Post Danmark bráðabirgðasamþykki. Post Danmark er ætlað að sjá um dreifingu á fyrirhuguðu fríblaði 365 Media, Nyhedsavisen. Slíkt samþykki er vanalega undanfari endanlegs úrskurðar sama efnis og gerir fyrirtækjum kleift að hefja undirbúning þeirra verkefna sem eru í burðarliðnum. Endanlegs úrskurðar er að vænta nú síðsumars. Í tilkynningu frá Samkeppnisstofnuninni segir að „engin sjáanleg hætta“ sé af samstarfi fyrirtækjanna, enda mikillar samkeppni að vænta á fríblaðamarkaði í Danmörku. Fyrsta eintak Nyhedsavisen kemur út nú á haustdögum. Líklegt þykir að 24 Timer, fríblað keppinautarins JP/Politiken, fylgi strax í kjölfarið.



### Í fótspor frændþjóðar

Og enn af Dönum og Danmörku, því greinilegt er að fasteignir falla víðar í verði en í Reykjavík. Nýverið var greint frá því að fasteignir í Danmörku hefðu fallið í verði um rúm tvö prósent á fyrsta fjórðungi árs. Hvergi var lækkunin meiri en í höfuðborginni, Kaupmannahöfn, þar sem hún nam rúmum níu prósentum. Danir hafa eins og við Íslendingar búið við hátt fasteignaverð og hefur verð meira en þrefaldast á átta árum. Á sama tíma hefur verð hér heima hækkað um 207 prósent. Svo virðist því sem við fylgjum frændum okkar eftir í þessu, sem svo mörgu öðru, en greiningardeildir íslensku bankanna hafa spáð allt að tíu prósenta raunlækkun fasteigna næstu tólf mánuði.

## MARKAÐSPUNKTAR...

Alfesca og Icelandic Group hafa skrifað undir formlegan kaupsamning um kaup IG á frystisviði Delpierre. Formleg yfirtaka IG á verksmiðjunni mun fara fram á næstu vikum en salan er háð samþykki þar til bærra yfirvalda.

Hannes Smárason hefur sagt sig úr stjórn Glitnis banka vegna fyrirsjáanlegrar stjórnarþátttöku sinnar í Straumi-Burðarási. Jón Sigurðsson, framkvæmdastjóri hjá FL Group, tekur sæti Hannesar í stjórninni.

Stjórn Dagsbrúnar ákvað hinn 13. júlí að nýta að hluta heimild til hækkunar hlutafjár að fjárhæð 85 milljónir króna vegna kaupa á EJS. Heildarhlutafé eftir hækkun verður 6.014.871.824 krónur að nafnverði.



**VERKAMAÐUR VIÐ VINNU** Launahækkanir síðasta árs á almennum vinnumarkaði eru sagðar endurspegla mikinn hagvöxt og spennu á vinnumarkaði.

# Þrettán prósenta launahækkun

**Meðallaun á Íslandi eru 315 þúsund krónur á mánuði. Stjórnendur fá bestu launin, verkafólk þau lægstu.**

Meðallaun á almennum vinnumarkaði voru 315 þúsund krónur á mánuði í fyrra samkvæmt launakönnun Hagstofunnar sem birt var í gær. 12,6 prósenta hækkun varð frá árinu áður þegar meðallaun voru 280 þúsund krónur.

Í Morgunkornum Glitnis segir að þessar niðurstöður endurspegli mikinn hagvöxt á tímabilinu og spennu á vinnumarkaði.

Fjöldi greiddra vinnustunda var 46,5 að meðaltali á viku og hafði þeim fjölgað um 1,2 klukkustundir frá árinu áður. Skráð atvinnuleysi mældist 2,1 prósent á árinu.

Stjórnendur reyndust hafa hæstu meðallaunin, 507 þúsund krónur á mánuði. Þá komu sérfræðingar með 430 þúsund krónur. Iðnaðarmenn voru með 368 þúsund krónur. Lægstu launin höfðu verkamenn með 253 þúsund krónur að meðaltali á mánuði.

Fólk milli fertugs og fimmtugs hefur hæstu launin en ungmenni undir tvítugu þau lægstu. Yfirvinnugreiðslur voru mestar hjá iðnaðarmönnum og verkafólki eða tæpur fjórðungur heildarlauna; samanborið við þrjú prósent hjá stjórnendum og fjögur prósent hjá sérfræðingum. - jsk

# Olíuverð aldrei hærra

**Fat af olíu kostar tæpa áttatíu Bandaríkjadala. Sérfræðingar treysta sér ekki til að spá fyrir um þróun olíuverðs. Bensín er dýrara í Danmörku en á Íslandi.**

**Olíuverð stendur nú í 78 Bandaríkjadölum fatið og hefur aldrei verið hærra. Verðið hefur hækkað dag frá degi síðan Ísraelar hófu árásir á Líbanon og slegið hvert metið á fætur öðru. Heimsmarkaðsverð á olíu hefur hækkað um tæp þrjátíu prósent það sem af er ári og hefur fjórfaldast frá því snemma árs 2002.**



**DÆLT SEM ALDREI FYRR** Þrátt fyrir að olíverð hafi aldrei verið hærra virðist eftirspurnin síður en svo minnka. Már Erlingsson hjá Skeljungi segir hækkanir ekki hafa áhrif á hegðun fólks enn sem komið er.

Olíuverð hér heima er á bilinu 127,90 til 134,4 krónur fyrir lítra af bensíni eftir því hvar keypt er. Már Erlingsson, innkaupastjóri hjá Skeljungi, segir í raun ómögulegt að spá fyrir um þróun olíuverðs.

Hann segir bæði mikla eftirspurn eftir olíu auk ástandsins í Austurlöndum nær halda olíuverði svo háu sem raun ber vitni. „Það er viðvarandi eftirspurn eftir olíu. Þetta virðist ekki ennþá farið að hafa áhrif á hegðun fólks.“

Már segir einnig fróðlegt að bera saman olíuverð á Íslandi og í nágrannalöndunum. „Maður þarf nú ekki að leita lengra en til Danmerkur til að finna hærra verð á bensíni en hér á landi.“ Bensínlítrinn hjá Shell í Danmörku kostar rúmar 138 íslenskar krónur.

Hlutabréfamarkaðir hafa ekki farið varhluta af hækkandi olíuverði; FTSE-vísitalan í Lundúnum hefur lækkað um tæp þrjú prósent undanfarna viku. Bandaríska Dow Jones-vísitalan féll um 1,5 prósent á fimmtudag og eins fór með hina japönsku NIKKEI.

Úrvalsvísitala Kauphallar Íslands hækkaði um rúmt prósent í liðinni viku. Hlutabréf í færeyska olíuleitarfyrirtækinu Atlantic Petroleum, sem skráð er í Kauphöllina, hækkuðu um þrjú prósent.

Þrátt fyrir að hvorki Ísraelar né Líbanir framleiði olíu óttast sérfræðingar að átökin breiðist út og hafi þá áhrif á olíuvinnslu í Austurlöndum nær. Mahmoud Ahmadinejad, forseti Íran, lét einmitt í veðri vaka að Íranar væru tilbúnir að koma nágrannaþjóðum sínum til hjálpar „Ef Ísraelar láta sprengjur falla í Sýrlandi mun það hafa alvarlegar afleiðingar“, sagði forsetinn. jsk@frettabladid.is

# HBOS með Baugi

Breski fjárfestingarbankinn HBOS verður meðal lykilfjárfesta í kaupum Baugs á bresku vöruhúsakeðjunni House of Fraser. Frá þessu sagði í The Daily Telegraph og öðrum breskum fjölmiðlum í gær. Aðrir sem vænst er að komi að yfirtökunni eru FL Group, breski fjárfestirinn Kevin Stanford auk smærri fjárfesta.

Baugur, sem þegar á 9,5 prósenta hlut í HoF, lagði fram tilboð í félagið í júní. Hljóðaði það upp á 148 pens á hlut, sem nemur um 48 milljörðum króna, með þeim fyrirvara að áreiðanleikakönnun myndi standast. Baugur er nú í óða önn við framkvæmd hennar og er þess vænst að endanlegt yfirtökutilboð berist um miðjan ágúst. - hhs

# Lífeyrissjóðirnir rýrna

Hrein eign lífeyrissjóðanna rýrnaði um rúma ellefu milljarða króna í maí samkvæmt tölum frá Seðlabankanum. Er þetta í fyrsta skipti í rúmt hálft ár sem eignir sjóðanna lækka milli mánaða.

Ástæðan er rakin til 15,5 milljarða rýrnunar á eign sjóðanna í erlendum hlutabréfasjóðum auk 4,5 milljarða lækkunar á erlendum hlutabréfum. Eign lífeyrissjóðanna í innlendum hlutabréfum jókst um tæpa 8,6 milljarða króna í maí.

Eignir lífeyrissjóðanna hafa vaxið um tæpa 126 milljarða, eða rúm tíu prósent frá áramótum. -jsk



**HÖFUÐSTÖÐVAR LÍFEYRISSJÓÐSINS FRAMSÝNAR** Hrein eign lífeyrissjóðanna rýrnaði í maí í fyrsta skipti í rúmt ár.



**TOSHIHIKO FUKUI** Seðlabankastjóri Japans greindi frá fyrstu hækkun stýrivaxta í landinu í sex ár í gær. MYND/AFP

# Stýrivextir hækka í Japan

Seðlabanki Japans hækkaði stýrivexti um 25 punkta í gær en þetta er fyrsta stýrivaxtahækkun bankans í sex ár en vextirnir hafa verið núll prósent síðan í ágúst árið 2000. Þeir eru nú 0,25 prósent.

Toshihiko Fukui, seðlabankastjóri Japans, segir bankann fylgjast mjög vel með þróun efnahagslífsins og ákveða hvort þörf sé á frekari hækkunum í framtíðinni.

Fjármálasérfræðingar segja um sögulega stund að ræða og sé ljóst að stjórn seðlabankans hafi tekið ákvörðunina eftir að seðlabankar í Evrópu og Bandaríkjunum hækkuðu stýrivexti sína fyrir skemmstu. Þrátt fyrir þetta er ekki búist við frekari hækkunum í bráð. - jab

# Keyptu fyrir Actavis

Króatíska samheitalyfjafyrirtækið Pliva sendi í gær frá sér tilkynningu um að fyrirtæki með höfuðstöðvar í Reykjavík, ELL 33 ehf., hafi keypt sem jafngildir 1.894.650 hlutum eða um 10,19 prósent af almennu hlutafé félagsins.

Að sögn Halldórs Kristmannssonar, almanna- og fjölmiðlatengslafulltrúa Actavis, keypti ELL 33 ehf. þessa hluti fyrir tveimur vikum og Actavis gerði um leið kaupréttarsamning um þá. Hann segir félagið sjálfstætt og ekki í eigu Actavis. Fleira fæst ekki upp gefið um fyrirtækið sem er ekki í Fyrirtækjaskrá sem bendir til þess að það sé nýtt. Í lok júní upplýsti Actavis að það réði með beinum eða óbeinum hætti yfir 20,8 prósentum hlutafjár í Pliva. Hlutirnir sem hér um ræðir voru þar með taldir.

Eftir rúman mánuð hefst formlegt þrjátíu daga söluferli á Pliva þar sem hluthöfum gefst færi á að meta hvorum þeir vilja selja bréf sín. Stjórn Pliva hefur lýst stuðningi við tilboð Barr. Halldór telur ekki að það muni hafa áhrif á ákvörðun hluthafa um sölu á sínum hlutum. Um sjötíu prósent þeirra séu alþjóðlegir fjárfestar utan Króatíu sem er fyrst og fremst umhugað um að fá gott verð fyrir sinn hlut. - hhs



**RÓBERT WESSMAN, FORSTJÓRI ACTAVIS** 10,19 prósenta hlutur fyrirtækisins ELL 33 ehf. í Pliva telst til þeirra 20,4 prósenta hluta sem Actavis ræður yfir.


HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 3891
Finnur þú fyrir sekt?
Umferðarlagabrot
*Of hraður akstur kr. 135.000
Ekið á móti rauðu ljósi kr. 15.000
Tvö börn laus í bíl kr. 20.000
samtals kr. 170.000
* Ökumaður sviptur ökuskírteini í 3 mánuði.
Umferðarlagabrot á borð við hraðakstur og akstur undir áhrifum áfengis og annarra vímuefna eru alvarleg afbrot og viðurlögin háar sektir og svipting ökuréttinda. Þetta eru þó smámunir í samanburði við aðrar mögulegar afleiðingar slíkra brota: limlestingar, ástvinamissi, dauða.
Öflugri löggæsla á vegum landsins.
Eftirtaldir aðilar hafa tekið höndum saman um að auka löggæslu á þjóðvegum landsins um 100% næstu mánuðina. Þetta er gert í forvarnarskyni og til að stuðla að því að þeir sem brjóta af sér þurfi einungis að glíma við fjárhagslegt tjón, en sleppi við aðrar og alvarlegri afleiðingar.
UMFERÐARSTOFA
RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN
VEGAGERÐIN
SAMGÖNGURÁÐUNEYTIÐ


BÓNUSFETINN ER FRAMLEIDDUR ÁN STYRKJA
BÓNUS FETA
BÓNUSFETI
198 KR.
250g
350g
KF SALAT
98 KR.
350g
HATTING KRYDDBRAUÐ Á GRILLIÐ!
GRILLBRAUÐ
359 KR.
pakkinn
ÍDÝFUR
170 ml
170 ml dós
99 KR.
KALDAR SÓSUR
BÓNUS GRILLSÓSA
149 KR.
270 ml
270 ml
Birgjum okkur
3 tegundir af Bónus samlokum
2 lítrar Coca-Cola light
115 KR.
BÓNUSGRILL SVÍNAKJÖT
Svínahnakkasneiðar
Svínalærissneiðar
Svínabógssneiðar
Svínakótelettur
HNAKKA-LÆRIS- OG BÓGSSNEIÐAR
879 KR. kg
MERKT VERÐ 1098 KR.
SVÍNAKÓTELETTUR
879 KR. kg
MERKT VERÐ 1098 KR.
20% afsláttur við kassann
BÓNUSSAMLOKA
99 KR.
1.5 LÍTRI TOPPUR
98 KR.
1.5 lítri
Nýtt kortatímabil!
PEPSI GOLD
49 KR.
500ml
10 frosnir hamborgarar
899 KR.
1 kíló
XL alvöru brauð!
4 XL brauð
98 KR.
HEILT kíló!
STEIKTUR LAUKUR
69 KR.
200g
Steiktur laukur
10 GOÐA PYLSUR
299 KR.
MERKT VERÐ 460 KR.
35% afsláttur við kassann
Lífræn ræktun!
LÍFRÆNT MÚSLÍ
259 KR.
375g
Lífrænt ræktað múslí
10 EGG í bakka
10 EGG
399 KR.
VISTVÆN
Vistvæn brún egg
3 XL góðar við grillið
3 XL rúllur
298 KR.
Sama verð
ERAN/Landlist


Frosnar
írskar
svínalundir
FROSNAR SVÍNALUNDIR
1599 KR.
kílóverð
Danskar kjúklingabringur
DANSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1398 KR.
FROSNAR: 900g poki
upp í Bónus!
VILLI LAMBASNEIÐAR
839 kg KR.
MERKT VERÐ 1399 KR.
40% afsláttur við kassann
Villikryddaðar lambasneiðar
40% afsláttur við kassann
TEX MEX KJÚKLINGAVÆNGIR
179 kg KR.
MERKT VERÐ 299 KR.
Tex Mex kjúklingavængir
AMERÍSKAR RISAPITSUR
CRESCENDO
McCain risapitsa
399 KR.
770/820g
risa pitsa
770-820g
ALI svína grillkótelettur
og úrbeinaður grillhnakki
SVÍNAKJÖT
1189 kg
Merkt verð 1699 KR.
30% afsláttur við kassann
Ferskir blandaðir bitar
HOLTA BITAR BLANDAÐIR
299 kg KR.
MERKT VERÐ 499 KR.
Holta-kjúklingur
40% afsláttur við kassann
SÚKKULAÐIBITAKÖKUR
150g
150g PAKKI
98 KR.
PRINS * ÆÐI * HRAUN
ÆÐI BITAR
Hraun BITAR
GÓU PRENNAN
399 KR.
PRINS/HRAUN/ÆÐI
KF FOLALDASTEIK
Frampartur úr frystinum
FOLALDASTEIK/FRAMPARTUR
399 kg KR.
MERKT VERÐ 499 KR.
Ný uppskera!
APPELSÍNUR
109 kg KR.
NÝ UPPSKERA
RAUÐ EPLI
109 kg KR.
NÝ UPPSKERA
Ný uppskera af eplum
og appelsínum
BEINT FRÁ ARGENTÍNU!
MYLLAN
ALLTAF NÝ BAKAÐ
MYLLUSNÚÐUR
59 KR.
um allt land!
www.bonus.is
BÓNUS

# skoðun

SJÓNARMIÐ
STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR

Þjóðin verður að standa saman um að uppræta unglingadrykkju.

## Þögn er sama og samþykki

Drykkja barna og ungmenna er svartur blettur á samfélagi okkar. Því miður hefur unglingadrykkja orðið fylgifiskur sumarhátíða þar sem fólk kemur saman til að gleðjast. Á árum áður voru slíkar hátíðir einkum haldnar um verslunarmannahelgi en síðari ár hefur þeim bæjarfélögum fjölgað sem efna til hátíða af mismunandi tilefni. Markmið þessara hátíða eru, auk þess að veita fjármagni inn í byggðarlögin, að vera hápunktur sumarsins í hverju byggðarlagi og vettvangur brottfluttra til að koma saman á fornum slóðum.

Unglingadrykkja er leiður fylgifiskur þessara sumarhátíða. Undantekning er að ekki fylgi fréttum af, að öðru leyti vel heppnuðum hátíðahöldum, að mikil ölvun hafi verið og ekki bara ölvun fullorðinna heldur einnig barna. Ölvun úr hófi er vitanlega alltaf til vansa en ölvun barna og unglinga er ótæk og á aldrei að líðast, hverjar sem ytri aðstæður eru.

Ábyrgð á börnum liggur vitanlega fyrst og fremst hjá foreldrum þeirra. Það er á ábyrgð foreldra að leyfa eða leyfa ekki börnum sínum að fara í eftirlitslausar ferðir á sumarhátíðir. Í raun má segja að foreldri sem leyfir barni sínu að fara í slíka ferð gangist ekki við þeirri ábyrgð sem allir foreldrar takast á hendur þegar þeir fá barn sitt í hendur í fyrsta sinn.

Hins vegar verða þeir sem ábyrgir eru fyrir sumarhátíðum, hvort heldur sem er í bæjarfélögum eða annars staðar, að bregðast við unglingadrykkjunni þegar þeir standa frammi fyrir því ástandi. Það er óforsvaranlegt að bregðast ekki með afdráttarlausum hætti við ölvuðu barni með því að hafa umsvifalaust samband við foreldra þess og svo barnaverndaryfirvöld ef foreldrar hyggjast ekki bregðast strax við. Í því sambandi má benda á hvernig Akureyringar unnu með markvissum hætti gegn unglingadrykkjunni á árlegri hátíð um verslunarmannahelgi.

Með því að líta framhjá unglingadrykkju og aðhafast ekkert, svo framarlega sem börnin fara sér ekki að voða eða skaða aðra, er verið að samþykkja að unglingadrykkja eigi sér stað. Sem betur fer hefur afstaðan í samfélaginu til áfengisneyslu barna undir lögaldri breyst síðan það tíðkaðist að kynslóðirnar drykkju saman á böllum frá því að fermingunni hafði verið tyllt á blessuð börnin.

Allar rannsóknir sýna að því yngra sem fólk er þegar það byrjar að neyta áfengis, því hættara er því við að áfengisneysla verði því til trafala á lífsleiðinni. Einnig er vitað að neysla áfengis og annarra vímuefna skaðar því meira uppbyggingu sjálfsmyndar sem neyslan hefst fyrr. Auk þess er það þekkt staðreynd að leiðin inn í heim fíkniefna liggur nánast undantekningalaust í gegnum áfengið.

Foreldrar verða að líta í eigin barm og horfast í augu við ábyrgð sína á börnunum. Hver og einn verður að taka sjálfstæða ábyrgð á sínu barni. Sömuleiðis verður samfélagið í heild, og þá eru þeir sem gangast fyrir sumarhátíðum vítt og breitt um landið ekki undanskildir, að taka höndum saman um að hafna unglingadrykkju með afgerandi hætti.

Meðan þegjandi samkomulag ríkir um að skella skollaeyrum við þessu vandamáli og varpa ábyrgðinni á milli sín verður unglingadrykkjan ekki upprætt. Drykkja barna á aldrei að líðast.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Gunga

Tilkynning Guðna Ágústssonar um að hann sækist eftir endurkjöri í embætti varaformanns Framsóknarflokksins kom sumum á óvart. Var það hald manna að hugur Guðna stæði til formennsku, enda hefur hann verið varaformaður í fimm ár. Össuri Skarphéðinssyni, félaga Guðna í Þingvallanefnd, hugnast ákvörðunin illa og átti hann raunar fyrr von á eigin dauða en að Guðni reyndi ekki að verða formaður. Sakar hann Guðna um gunguskap en telur engu að síður afar líklegt að hann verði endurkjörinn varaformaður. Á vefsíðu sinni fullyrðir Össur að Jón Sigurðsson sé sérlegur frambjóðandi Halldórs Ásgrímssonar, honum hafi verið teflt fram svo að Guðni yrði ekki formaður. Í hugvekju Samfylkingarþingmannsins um innstu mál Framsóknar segir svo orðrétt: „Framboð Jónínu var auðvitað stríðsyfirlýsing á hendur Guðna. Í henni fólst yfirlýsing Halldórs Ásgrímssonar um að láta það verða sitt síðasta verk að hreinsa Guðna Ágústsson úr forystu Framsóknarflokksins, og koma í veg fyrir framgang Sivjar."



### Guðjón

Ekki það að það sé almennt til siðs að kalla stjórnir stjórnmálaflokka einhverjum sérstökum nöfnum. Hins vegar þykir mönnum einsýnt að ef Jón Sigurðsson verður formaður Framsóknarflokksins og Guðni Ágústsson varaformaður verði forystan nefnd Guðjón.

### Beint í mokstur

Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri í Kópavogi, boðaði á fimmtudag niðurskurð í verklegum framkvæmdum í bænum. Samtals á að hætta við eða seinka framkvæmdum upp á 411 milljónir króna og með þessu vilja bæjaryfirvöld í Kópavogi leggja lóð sitt á vogarskálarnar svo draga megi úr þenslu og verðbólgu. Það má heita kaldhæðnislegt að örfáum klukkustundum eftir að bæjarráð hafði samþykkt tillögur Gunnars um niðurskurð var hann kominn í Dalsmárann til að taka fyrstu skóflustunguna að nýrri tennishöll í bænum. Hér verður ekki efast um þörfina fyrir slíkri höll en eitthvað hlýtur hún nú að kosta.



bjorn@frettabladid.is

## Leggjum niður Landsvirkjun!

ÍDAG
ORKUMÁL



SVERRIR JAKOBSSON

*Burt með báknið. það er kominn tími til að stjórnmálamenn hætti að skýla sér á bak við Landsvirkjun þegar um er að ræða grundvallarmál varðandi umhverfi og nýtingu auðlinda.*

Á dögunum leysti Illugi Gunnarsson eyðufyllingaverkefni úr stjórnmálaskóla Sjálfstæðisflokksins á síðum Fréttablaðsins. Verkefnið hljóðaði eitthvað á þessa leið: „Ríkisfyrirtæki X á í vanda vegna Y og Z. Lausnin á þessu er að einkavæða X." Illugi setti nafn Landsvirkjunar samviskusamlega í eyðu X og fannst raunar úrlausnin svo góð hjá sér að hann birti aðra grein um sama efni skömmu síðar.

Ekki þurfa allir að vera jafn sannfærðir og Illugi um að þessi eyðufyllingaformúla virki alltaf og alls staðar. Sérstaklega ekki þegar litið er til hins sértæka vandamáls sem tengist samningum Landsvirkjunar um orkusölu. Þessir samningar eiga að heita „viðskiptaleyndarmál," enda þótt hið opinbera sé orkusalinn, líkt og víða annars staðar, þar sem orkuverð og allir þættir samninga eru opinber gögn og hægt að taka þá til gagnrýninnar umræðu. Í Noregi eru t.d. allir orkusamningar uppi á borðinu og tölur koma fram í gögnum sem lögð eru fyrir stórþingið.

Hér á Íslandi er farin allt önnur leið og stjórnmálamenn láta jafnvel eins og orkuverð komi þeim ekki við. Sumir ráðherrar láta svo ólíkindalega að af þeirra máli má helst ráða að ríkisstjórnin reki hér enga stóriðju- eða virkjanastefnu, heldur sé það bara Landsvirkjun sem ákveði þetta og það sé ekki stjórnmálamanna að kryfja til mergjar forsendur fyrirtækisins.

En hvers vegna er „viðskiptaleyndarmál" hvað orkan kostar á Íslandi? Fyrir því er engin önnur ástæða en tilvist Landsvirkjunar sem orkusala. Áratugum saman komust Íslendingar ágætlega af án Landsvirkjunar í sínum orkubúskap. Þjóðin þurfti ekkert ríkisbákn til að standa að sölu orkunnar til kaupenda innanlands og utan. Á þessum tíma lék enginn vafi á því að orkuvinnsla og orkusala kom stjórnmálamönnum og allri þjóðinni við en var ekki einkamál einhvers fyrirtækis.

Til hvers var þá verið að stofna Landsvirkjun? Um það má vitna í heimasíðu Landsvirkjunar: „Með stofnun Landsvirkjunar varð það hugsunin að reka raforkukerfið og byggja virkjanir út frá viðskiptasjónarmiði. Fyrirtækið átti að hafa fjárhagslega getu og traustan rekstur til að standa fyrir frekari uppbyggingu af eigin rammleik."

Hér má sjá vanda Landsvirkjunar í hnotskurn. Sú „uppbygging" sem þetta fyrirtæki í eigu almennings stendur fyrir er framkvæmd „af eigin rammleik." Fyrirtækið mótar m.ö.o. eigin virkjanastefnu í stað þess að lúta eðlilegum leikreglum lýðræðisins. Það er þessi þáttur í fari Landsvirkjunar sem hlýtur að valda öllum áhugamönnum um lýðræði áhyggjum. Nýting auðlinda er viðkvæmt mál sem varðar okkur öll og því er bæði eðlilegt og vænlegt að umræða og ákvarðanataka um hana fari fram fyrir opnum tjöldum. Hvernig er hægt að spyrja gagnrýninna spurninga um nýtingu orkunnar, áhrif mismunandi valkosta á umhverfið eða virðisaukann af mismunandi valkostum ef mikilvægum staðreyndum er haldið innan fyrirtækis sem er í eigin hagsmunagæslu og beitir fjármunum skattgreiðenda óhikað til þess að reka áróður fyrir tilteknum sjónarmiðum?

Orkustefna Íslendinga á ekki að vera í verkahring einhvers fyrirtækis sem gerir hlutina af eigin rammleik. Innan slíks fyrirtækis verður nefnilega aldrei spurt grundvallarspurninga um hvort það sé rétt að virkja í öllum tilvikum. Þvert á móti er það beinlínis markmið fyrirtækisins að skapa sjálfu sér verkefni. Og það markmið er ekki endilega í samræmi við þá stefnu sem meirihluti þjóðarinnar vill skapa með lýðræðislegum hætti.

Hér er því tvenns konar vandi á ferð. Í fyrsta lagi er það leynimakkið um orkuverð sem ekki ætti að eiga sér stað af hálfu ríkisfyrirtækis. Sá vandi stafar hins vegar beinlínis af tilvist fyrirtækisins, sem er ætlað að byggja virkjanir af eigin rammleik út frá viðskiptasjónarmiði og lýtur því óeðlilega litlu lýðræðislegu aðhaldi. Lausnin á þessu vandamáli er augljóslega ekki sú að gefa bákninu sjálfstæða tilveru sem gróðafyrirtæki. Þvert á móti gildir hér það sem eitt sinn var sagt af öðru tilefni: Báknið burt.

Landsvirkjun hefur engu uppbyggilegu hlutverki að gegna sem hið opinbera getur ekki sinnt með hagkvæmari og lýðræðislegri hætti, líkt og gert var í árdaga orkuvinnslu á Íslandi. Það er þvert á móti hættulegt þegar opinberri stjórnsýslu í jafn mikilvægum málaflokki er kippt úr sambandi og mikilvæg ákvarðanataka á sér stað á leynifundum. Og það er kominn tími til að stjórnmálamenn hætti að skýla sér á bak við Landsvirkjun þegar um er að ræða grundvallarmál varðandi umhverfi og nýtingu auðlinda. Leggjum niður Landsvirkjun!

vísir VEFTV

NFS Í BEINNI Á VISIR.IS

35.000 gestir vikulega sem dvelja í u.þ.b. eina klst. hver.

Auglýsingasími 550 5000.

NFS

MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Sögurnar, tölurnar, fólkið.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

BYLGJAN, HAGKAUP OG FJÖLSKYLDAN SKEMMTA SÉR SAMAN Í GALTALÆK UM VERSLUNARMANNAHELGINA

# GALTALÆKUR

## SUMARGLEÐI FJÖLSKYLDUNNAR

IOGT

BYLGJAN 20 ÁRA

FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ Í VÍMULAUSU UMHVERFI




DAGSKRÁIN OG VEÐRIÐ HEFUR ALDREI LITIÐ EINS VEL ÚT

MIÐASALA HEFST Í HAGKAUPUM FÖSTUDAGINN 21. JÚLÍ NK.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Nú færðu AGA Gasol hylkin hjá ÍSAGA, BYKO og Atlantsolíu*






AGA Gasol®

Afgreiðsla ÍSAGA, Breiðhöfða 11, er opin virka daga frá kl. 8 til 17.

Alla daga frá kl. 10 til 22

800 5555

Heimsendingarþjónusta

**AGA** **Gasol** hylkin eru léttari, ryðga ekki og þú sérð innihaldið. Þú getur valið á milli tveggja hylkjastærða – 5 og 10 kílóa – allt eftir því hvað hentar þér.

Komdu til okkar að Breiðhöfða 11, heimsæktu umboðsmann okkar eða verslaðu **AGA** **Gasol** hylki og áfyllingar hjá BYKO eða Atlantsolíu*, nýjum samstarfsaðilum ÍSAGA.

Þú færð allar nánari upplýsingar um **AGA** **Gasol** hylkin, þrýstiminnkara, slöngur og sérlausnir hjá umboðsmönnum okkar og í þjónustuveri ÍSAGA í síma 577 3000.

Linde Gas | AGA

BYKO

ATLANTSOLIA

* Kópavogsbraut 115, Kópavogi

Umboðsmenn ÍSAGA ehf.:
*SELFOSS:* Vélaverkstæði Þóris, s. 482 3548
*SAUÐÁRKRÓKUR:* Byggingavörudeild Kaupfélags Skagfirðinga, s. 455 4626
*REYÐARFJÖRÐUR:* Heildverslunin Stjarnan, s. 474 1114
*ÍSAFJÖRÐUR:* Þröstur Marsellíusson hf., s. 456 3349
*AKUREYRI:* Sandblástur og málmhúðun hf., s. 460 1515




MAÐUR VIKUNNAR

# Drifin áfram af miklum metnaði


JÓNÍNA BJARTMARZ
ALÞINGISMAÐUR OG FÉLAGSMÁLARÁÐHERRA


Jónína Bjartmarz, alþingismaður og félagsmálaráðherra, hefur boðið sig fram til embættis varaformanns Framsóknarflokksins. Jónína skipaði þriðja sæti á lista Framsóknarflokksins í Reykjavík í kosningunum 1999 og tók sæti Finns Ingólfssonar á þingi þegar tæpt ár var liðið af kjörtímabilinu. Hún hafði fram að því ekki gefið sig sérstaklega að pólitík en framsóknarmenn þrýstu á hana um að ganga til liðs við flokkinn.

Jónína er dóttir Helgu Elsu Jónsdóttur og Björns Stefáns Óskarssonar Bjartmarz, sem er kjörfaðir hennar. Hún er elst fjögurra systkina, yngri eru bræðurnir Óskar, Jón og Björn. Fjölskyldan bjó í smáíbúðahverfinu í Reykjavík sem þá var að byggjast upp. Jónína var fjörugt barn og fljótlega gætti ákveðni í fari hennar. Ákveðnin hefur ekki elst af henni.

Jónína tók stúdentspróf frá Kennaraskólanum 1974 og lauk lagaprófi frá Háskóla Íslands 1981. Meðfram laganámi vann hún á skrifstofu Lögmannafélagsins en að því loknu var hún fulltrúi hjá bæjarfógeta og yfirborgarfógeta og síðar á lögmannsstofu. Jónína er gift Pétri Þór Sigurðssyni lögmanni og 1985 hófu þau rekstur eigin lögmannsstofu. Þau eiga synina Birni Orra og Erni Skorra.

Fljótlega eftir að Jónína hóf afskipti af stjórnmálum varð öllum ljóst að hún stefndi hátt. Hún þykir afar metnaðargjörn – reyndar full metnaðargjörn fyrir smekk sumra – og er hermt að hún hafi fyrst kunnað virkilega vel við sig í pólitíkinni frá og með 15. júní síðastliðnum þegar hún varð umhverfisráðherra.

Það er talið Jónínu til tekna að í pólitískum umræðum talar hún mannamál. Hún gerir sér far um að nota auðskilið orðalag og flækir ekki mál sitt með lagatæknilegum atriðum. Þá kemur hún vel fyrir, sjálfsöryggið geislar af henni og jafnan er hún með bros á vör.

Eins og gengur og gerist um metnaðargjarnt fólk á Jónína til að færast of mikið í fang og fyrir vikið tekst henni ekki alltaf að ljúka verkefnum sem hún tekur að sér. Þá mun skipulagning ekki vera hennar sterkasta hlið.

Alþingismenn sem rætt var við skiptust í tvo hópa þegar spurt var hvernig Jónína er í samstarfi. Sumir segja afar gott að vinna með henni en öðrum finnst hún ekki jafn þægileg. Fylgir þá sögunni að hún vilji haga málum eftir eigin höfði og taki lítt tillit til sjónarmiða annarra. Flestir segja Jónínu orðheldna en einnig var nefnt að hún nyti ekki fulls trausts allra, þar sem eigin metnaður væri jafnan í fyrirrúmi við meðferð og afgreiðslu mála.



Jónína var formaður Heimilis og skóla, landssamtaka foreldra á árunum 1996-2004. Í gegnum það starf kom hún fyrst í sviðsljós fjölmiðlanna og segja kunnugir að þar hafi vaknað áhugi framsóknarmanna á að fá hana í framboð. Grunar suma að hjarta hennar hafi ekki slegið í sérstökum takti við flokkinn fram að því og vilja hinir sömu meina að hún hafi alls ekki síður átt samleið með sjálfstæðismönnum í pólitík.

Jónína er ekki það sem kallað er ástríðustjórnmálamaður. Hún er miklu heldur atvinnustjórnmálamaður, lítur á þingmennsku og ráðherradóm sem hverja aðra vinnu.

Á þingferli sínum hefur Jónína setið í mörgum og ólíkum nefndum. Af fastanefndum þingsins hefur hún verið í utanríkismálanefnd, landbúnaðarnefnd, heilbrigðis- og tryggingarnefnd, félagsmálanefnd, allsherjarnefnd og efnahags- og viðskiptanefnd. Að auki hefur hún setið í nokkrum sérnefndum, til dæmis sérnefnd um stjórnarskrármál og stjórnarskrárnefnd. Þá hefur hún setið í nefndum og stjórnum utan þings, var til dæmis í stjórn Landssímans og um hríð formaður Félags kvenna í atvinnurekstri.

Jónína Bjartmarz býður sig nú fram til embættis varaformanns Framsóknarflokksins öðru sinni. Hún, Guðni Ágústsson og Ólafur Örn Haraldsson sóttust eftir embættinu 2001 og hlaut Guðni þá rúm 63 prósent atkvæða á móti þrjátíu prósentum Jónínu. Þótti sumum það nokkuð góður árangur í ljósi þess að hún hafði þá aðeins starfað í um tvö ár í flokknum. Sjálf kvaðst hún sátt með eigin árangur en öllum má vera ljóst að hún stefnir hærra að þessu sinni.


MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Sögurnar, tölurnar, fólkið.



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

# HELGARTILBOÐ!




**Muse - Black HolesRevelations**
Rauk beint á toppinn, ekki láta þessa fara framhjá þér!




**100 Íslenskir sumarsmellir**
Fimm stútfullir diskar af tónlist, frábærir fyrir alla fjölskylduna




**Svona er sumarið 2006**
Glæný plata úr Svona er sumarið seríunni, heitustu smellirnir




**Friðrik Ómar og Guðrún Gunnars**
**Ég skemmti mér í sumar**
Enn og aftur klikka þau ekki á sumarstemningunni




**Snorri – Allt sem ég á**
Mögnuð plata frá Snorra Idolstjörnu!




**Margeir - Blue Lagoon Soundtrack**
Mögnuð safnplata þar sem Margeir hefur fangað hina einstöku stemningu Bláa Lónsins




**Running Scared**
Geðveik spennu-, glæpamynd sem fær frábæra dóma




**Pink Floyd – Pulse 2DVD**
Inniheldur meðal annars tónleikaútgáfu af Dark Side Of The Moon




**John Fogerty – The Long Road Home**
Frábærar tónleikaupptökur með öllum vinsælustu lögum John Fogerty

## MESTA ÚRVALIÐ ER Í SKÍFUNNI

**YFIR 20.000 TITLAR AF TÓNLIST, DVD OG TÖLVULEIKJUM**

S·K·Í·F·A·N

skemmtir þér ;)

**Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is**

# Gróðapungar – og réttur til að vera í friði fyrir taumlausri græðgi



Kæra Dagbók

Þráinn Bertelsson skrifar

*Í Dagbók Þráins Bertelssonar er fjallað um ókeypis peninga, sjómennsku, hjólreiðar, plokkfisk og Z.Z. Einnig er minnst á köfnunarefni, sólarlandaferðir, gróðapunga, barnarúm og Framsóknarflokkinn.*

■ FÖSTUDAGUR, 7. JÚLÍ



**ÓKEYPIS PENINGAR**

Ef ég nota bílinn minn í innanbæjarsnatt eyðir hann á að giska 15 lítrum af bensíni á hverja 100 kílómetra. Ef bensínlítrinn kostar tæpar 130 krónur kostar 100 km-snatt um 2.000 kall í útlögðum peningum – og þá reikna ég ekki með afskriftum, viðhaldi og öðrum kostnaði af bílnum.

Ég hjóla inn í Laugardal í ræktina 5 daga í viku, tæplega 4 kílómetra hvora leið, 7,5 km fram og til baka. Það eru 37,5 km á viku.



Segjum að ég geti farið þessa leið á hjólinu í 30 vikur á ári. Það eru 1125 km. Á bíl mundi bensínkostnaðurinn verða 22.000 kr. Þetta eru ókeypis peningar handa hjólreiðamanni. Á einu ári er hjólið mitt búið að borga sig upp. Og ekki nóg með það heldur fæ ég þarna hálftíma hreyfingu og útivist daglega og er búinn að hita upp þegar ég mæti í ræktina reiðubúinn að jafnhatta lóðin.

Reyndar er ég búinn að gera meira en að hita upp líkamann. Hjólreiðarnar eru hvorki meira né minna en helmingurinn af líkamsræktinni. Með þeim sé ég líkamanum fyrir tveimur af þeim fjórum þáttum sem skynsamleg líkamsrækt beinist að. Þættirnir fjórir eru: Þol, jafnvægi, styrkur og fimi. Á hjólinu þjálfa ég þol og jafnvægi. Með því að lyfta lóðum viðheld ég eða byggi upp vöðvastyrk. Og með því að gera teygjuæfingar sé ég um að halda líkamanum sæmilega liprum.

Um þetta var ég að hugsa á hjólinu mínu í dag til að forða mér frá því að hugsa neikvæðar hugsanir eins og:

Af hverju er aldrei logn?

Af hverju lendi ég alltaf í mótvindi, sama úr hvaða átt vindurinn blæs?

Af hverju rignir alltaf þegar ég er á leiðinni í ræktina eða heim og styttir upp um leið og ég kem í hús?

Í framhaldi af votviðrasömum hugsunum gáði ég að ódýrum sólarlandaferðum á netinu og fann Mæjorku-ferð á tilboðsverði, 180.560 kr. fyrir fjóra í tvær vikur, sem sé Sólveigu, mig og barnabörnin, Andra og litlu Sólveigu. Við leggjum í hann 20. júlí.

■ LAUGARDAGUR, 8. JÚLÍ

**KÆFANDI KÖFNUNAREFNI**

Fórum með barnabörnin austur í Bolholt á Rangárvöllum og komum við í Hveragerði og fórum í sund í Laugaskarði. Þetta var dýrðlegur dagur.

Sló blettinn þegar ég kom heim í kvöld. Ég sé að köfnunarefnið sem ég bar á mosann stendur svo sannarlega undir nafni, það hefur kæft mosann og núna er bletturinn fagurgrænn að mestu leyti.

■ SUNNUDAGUR, 9. JÚLÍ

**ÞEGAR VIÐ UNNUM HEIMSMEISTARANA**

Heimsmeistarakeppni, úrslit. Frakkland: Ítalía.

Þetta varð sögulegur leikur. Zinedine Zidane skallaði ítalann Materazzi í magann og var rekinn út af. Það var ljótur leikur. Án Z.Z. töpuðu Frakkar vitanlega vítaspyrnukeppninni í lokin og Ítalir eru orðnir heimsmeistarar í fjórða sinn.



Vel að merkja þá hafa Ítalir ekki tapað nema einum leik síðan Þjálfarinn Lippi tók við liðinu. Það var fyrir Íslandi. Við unnum Ítalíu, 2:0.

Þetta má reyndar orða á annan hátt: Við unnum síðast þegar við lékum við heimsmeistarana.

En hvað sem því líður þá held ég ekki að hann Zidane minn sofi vel í nótt.

■ MÁNUDAGUR, 10. JÚLÍ

**KRÓKUR Á LEIÐINNI**

Skipstjórinn minn, hann Árni Þór, hringdi um hádegið. Klukkutíma síðar sigldum við út úr höfninni á Akranesi á mótorbátnum Villa. Við veiddum vel og gerðum að aflanum um borð. Ég var orðinn illa svangur þegar ég kom heim um átta-leytið. Greip þorskflak og bjó til plokkfisk. Það tók mig 17 mínútur. Sólveig var stórhrifin af plokkfisknum, enda eru hvítlaukur, rjómaostur og ólífuolía mögnuð leynivopn.



Mér finnst gaman að elda handa konunni minni. Ég veit nefnilega um ákveðinn krók á leiðinni að hjartanu.



■ ÞRIÐJUDAGUR, 11. JÚLÍ

**GRÓÐAPUNGAR**

Sem hjólreiðamaður efast ég um að maðurinn sé kominn af öpum. Þó getur vel verið að Darwin og jafnvel vísindamenn yfirleitt séu komnir af öpum, en ég tel augljóst að ökumenn séu komnir ýmist af nautgripum eða sauðfé.

Þetta les ég úr svipbrigðum þeirra sem ég sé gera einhver heimskupör í umferðinni; það er meðfædd árátta hjá bílstjórum að svína á hjólreiðamönnum og þegar þeir átta sig á því að maður hefur takmarkaðan áhuga á að leyfa þeim að keyra yfir sig verða þeir annaðhvort eins og sauðir á svipinn eða eins og naut.

Nýjasta brella peningaskrílsins er að kaupa jarðir til að geta kúgað hærri leigu út úr sumarhúsaeigendum.

Sem betur fer vill svo til að sú athöfn að græða peninga er aðeins höfuðáhugamál lítils minnihluta í þjóðfélaginu – allur þorri fólks kýs að eyða ævinni í að hugsa um áhugaverðari hluti en peninga.

Miklir gróðapungar hafa fæstir orðið langlífir í mannkynssögunni. Þó lærði maður á sínum tíma um Marcus Licinius Crassus og aðferð hans til að græða á fasteignaviðskiptum. En sá góði maður rak einkaslökkvilið í Rómaborg. Þegar eldur kom upp einhvers staðar mætti Crassus með slökkviliðið og gerði húseigandanum smánartilboð í eignina. Og þá fyrst þegar kaupin höfðu verið gerð sagði Crassus slökkviliðinu að taka til starfa.

Svona skríl á að loka inni á stofnunum svo að venjulegt fólk geti lifað í friði fyrir þeim sem eru sjúkir af taumlausri græðgi og hafa hvorki hjartalag né sköpunargáfu til að láta peninga vinna og gera gagn.

Marcus Crassus fékk að smakka á græðginni að lokum. Maður sem var orðinn leiður á ágirnd hans og ásárgirni hellti ofan í hann bráðnu gulli. Þá fékk hann loksins nóg.










■ MIÐVIKUDAGUR, 12. JÚLÍ



**SAMTÍMAMAÐUR NAPÓLEONS**

Í dag er afmælisdagurinn hans pabba míns. Hann var fæddur 12. júlí 1894.

Napóleon dó 5. maí 1821. Beethoven dó 26. mars 1827.

Undarleg tilhugsun að faðir minn skuli hafa verið uppi á sömu öld og þeir. Gegnum hann tengist ég 19du öldinni og er á vissan hátt samtímamaður Napóleons.



■ FIMMTUDAGUR, 13. JÚLÍ

**BARNARÚM, SJÓHATTUR OG FRAMSÓKNARFLOKKURINN**

Ég þarf að borga 7.000 krónur aukalega til að fá barnarúm handa litlu Sól á Mæjorku. Það finnst mér fáránlegt. Ég er búinn að borga ferð og gistingu fyrir hana og nú á ég að borga aukalega af því að hún sefur í barnarúmi.

Næst finna ferðaskrifstofur upp á því að láta fullorðna borga aukalega fyrir að sofa í fullorðinsrúmum: „Því miður, það eru bara barnarúm á þessu hóteli. En fullorðnir geta að sjálfsögðu fengið fullorðinsrúm – gegn vægu gjaldi.

Guðni Ágústsson var að lýsa yfir framboði til varaformanns Framsóknarflokksins. Það kemur mér á óvart. Ég hélt að Guðni þekkti sinn vitjunartíma. Núna þarf Framsókn formann sem nær til fólks.

En þetta er, eins og maðurinn sagði, ekki minn sjóhattur. Samt er skrýtið að sjá þungavigtarmann leggjast til hvíldar í pólitísku barnarúmi.






4.664 KR. Á MÁNUÐI TIL 5. OKTÓBER*
SUMARTILBOÐ
STÖÐ 2 BÍÓ FYLGIR FRÍTT MEÐ!
* MIÐAÐ VIÐ EINGREIÐSLU
515 6100 | STOD2.IS
SKÍFAN | OG VODAFONE
GOTT FÓLK McCANN



Ljúft & gott
um helgina
Úr Kjötborði Nóatúns
Sparaðu 1200 kr.
LAMBA RIB-EYE ÚR KJÖTBORÐI
1.998 kr. kg
Ferskt eða reykt Hrefnukjöt
Frábært á pönnuna eða grillið!
20% afsláttur
GOURMET GRÍSAKÓTELETTUR
LÉTTREYKTAR
1.379 kr. kg
KARTÖFLUR MEÐ MOSARELLA 998 kr. kg
MAÍSKÓLFUR 169 kr. stk.
Lay's
Paprika
LAY'S FLÖGUR
M. SALTI - PAPRIKU
EÐA SÝRÐUM RJÓMA OG LAUK
199 kr. pk.
EGILS
KRISTALL 2 L
129 kr. 2 l.
Argentínu grillsósur!
15% afsláttur
TE OG KAFFI
NÝMALAÐ EÐA BAUNIR
499 kr. 250 g
TSZZZ


Bestir í kjöti
NÓATÚN
í 40 ár
Hvúmm
Úr Kjötborði Nóatúns
GRILLSPJÓT
GRÍSAFILLET MARIN.
M. GRÆNMETI
498 kr. stk.
Úr Kjötborði Nóatúns
GRILLSPJÓT
NAUTAFILLET
M. GRÆNMETI
598 kr. stk.
Úr Fiskborði Nóatúns
TÚNFISKSTEIK
Í TERYAKI
2.398 kr. kg.
Glæsilegt úrval
á fiskspjótum!
Úr Fiskborði Nóatúns
BJÓÐDU UPPÁ GRILLUÐ FISKISPJÓT - TILBÚIN BEINT Á GRILLIÐ
skötuselsspjót - keiluspjót - lúðuspjót - smokkfiskspjót - tígrisrækjuspjót
KENWOOD SMOOTHIES
DJÚS BAR - GERÐU ÞINN EIGIN HOLLUSTUDRYKK
Gæðavél
7.998 kr. stk.
Ferskri ávextir
í ferðalagið!
ferskjur
plómur
nektarínur
GUL
MELÓNA
129 kr. kg
BLÁBER
Í BOX
299 kr. pk.
...mmm NÓATÚN -hljómar vel!

**JESSE VENTURA FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1951.**

*„Skipulögð trúarbrögð eru svikamylla og hækja fyrir þá veikbyggðu sem þurfa að leita til fjöldans til að fá styrk.“*



***Jesse „Kroppurinn“ Ventura var atvinnumaður í fjölbragðaglímu en varð óvænt ríkisstjóri í Minnesota í Bandaríkjunum. Hann er talinn einn fyrsti stjórnmálamaðurinn til að nýta sér internetið í kosningabaráttu.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST 15. JÚLÍ 1815

# *Napóleon Bónaparte gefst upp*



Þennan dag árið 1815 gafst Napóleon Bonaparte upp eftir orrustuna við Waterloo.

Á rétt rúmum áratug börðust herir Frakka við næstum öll stórveldi Evrópu og náðu völdum í mestöllum mið- og vesturhluta álfunnar. Misheppnuð innrás í Rússland árið 1812 og tap í orrustunni við Leipzig í október 1813 urðu til þess að Napóleon missti völdin og var hrakinn í útlegð á eyjunni Elbu. Hann náði aftur völdum í stuttan tíma en tapaði svo orrustunni við Waterloo hinn 18. júní 1815. Í kjölfarið gafst hann upp og var hrakinn í útlegð. Hann dó á eyjunni St. Helenu eftir sex ára útlegð.

Eftir útlegðina á Elbu hafði Napóleon komið sér aftur til Frakklands af ótta við að verða sendur til fjarlægrar eyjar í Atlantshafinu. 1. mars árið 1815 kom hann til Frakklands, en Loðvík 18. konungur hafði sent herdeild sem áður hafði þjónað Napóleoni til að mæta honum. Þegar Napóleon mætti þeim steig hann niður af hesti sínum og hrópaði: „Hermenn fimmtu deildar, þið þekkið mig. Ef nokkur ykkar vill skjóta keisara sinn, má hann það núna.“ Eftir stutta þögn hrópuðu hermennirnir „Lifi keisarinn!“ og fylgdu honum til Parísar. Hann kom þangað 20. mars, safnaði stórum herafla og ríkti í hundrað daga.

Hann beið svo ósigur í orrustunni við hertogann af Wellington og Gebhard Leberecht von Blücher við Waterloo og gafst upp á skipinu HMS Bellerophon í höfninni við Rochefort, þennan dag fyrir 191 ári.

## MERKISATBURÐIR

**1799** Rósettusteinninn finnst í egypska þorpinu Rosetta, en hann var lykillinn að því að ráða ritmál Egypta, híróglýfur.

**1870** Georgía er seinast Suðurríkjafylkjanna til að sameinast Bandaríkjunum.

**1954** Fyrsta flug Boeing 707 þotu, fyrstu bandarísku farþegaþotunnar.

**1958** 5.000 bandarískir landgönguliðar lenda í Beirút, höfuðborg Líbanons, til að styðja við bakið á ríkisstjórninni.

**1974** Grískir þjóðernissinnar gera uppreisn á Kýpur og gera Nikos Sampson að forseta eyjunnar.

**1997** Gianni Versace myrtur fyrir utan heimili sitt í Miami, Bandaríkjunum, af fjöldamorðingjanum Andrew Phillip Cunanan.

## ÚTFARIR

11.00 Steingrímur Kolbeinsson, Miðstræti 22, Neskaupstað, verður jarðsunginn frá Norðfjarðarkirkju.

14.00 Hafsteinn Guðvarðarson, vélstjóri, verður jarðsunginn frá Durup kirkju í Nørager í Danmörku.

18.00 Runólfur Gíslason frá Hvanneyri, Brekastíg 26, Vestmannaeyjum, verður jarðsunginn frá Landakirkju.

## AFMÆLI



**Kristján Þór Júlíusson**, bæjarstjóri á Akureyri, er 49 ára.



**Þorleifur Örn Arnarson** leikari er 28 ára.

# Tímabil hreindýraveiða byrjað



Umhverfisstofnun hefur tekið ákvörðun í samráði við hreindýraráð að veiðitímabilið hefjist 15. júlí, en það hófst á sama tíma í fyrra. Heimilt er að veiða tarfa á öllum veiðisvæðum, en óheimilt er þó að veiða þá tarfa sem halda sig með hreinkúm fram til 1. ágúst. Veturgamlir tarfar eru þó alfriðaðir eins og áður. Hreinkýr má veiða eins og áður frá og með 1. ágúst. Veiðistjórnunarsvið hvetur hreindýraveiðimenn til að nýta sér allan veiðitímann og reyna að koma í veg fyrir mikið álag í lok veiðitímans.

Hreindýraveiðar njóta sífellt meiri vinsælda og mikið er um að erlendir ferðamenn taki þátt í veiðunum.



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Óttar Ketilsson**

Reykhúsum 4d, Eyjafjarðarsveit,

andaðist á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri 12. júlí sl. Jarðsungið verður frá Akureyrarkirkju föstudaginn 21. júlí kl. 13.30.

**Sigrún Halldórsdóttir**

| | |
|---|---|
| **Halldór Óttarsson** | **Lovísa Guðjónsdóttir** |
| **Þórir Óttarsson** | **Yocasta Óttarsson Rosa** |
| **Rósberg Halldór Óttarsson** | **Þórdís Rósa Sigurðardóttir** |
| **Hrafnborg Óttarsdóttir Hansen** | **Mogens Ingemann Hansen** |
| **Brynjar Karl Óttarsson** | **Hildur Hauksdóttir** |

**og barnabörn.**



†

*Ástkær móðir okkar , tengdamóðir og amma,*

**Kristín Magnúsdóttir**

Rjúpufelli 42, Reykjavík, áður Vestmannabraut 10, Vestmannaeyjum,

verður jarðsungin frá Fossvogskirkju mánudaginn 17. júlí kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

**Einar Ottó Högnason**
**Magnús Hörður Högnason** **Hrafnhildur Sigurðardóttir**
**Guðmundur Ingi Einarsson**
**Kristín Högna Magnúsdóttir**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér til hliðar má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma **550 5000**.



**ÓLAFUR HELGI KJARTANSSON GEFUR BLÓÐ** Formanni Blóðgjafafélagsins reiknast til að hann hafi gefið um 54 lítra af blóði yfir ævina í 120 blóðgjöfum, en til gamans má geta að í líkamanum eru að staðaldri aðeins um 6 lítrar af blóði. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## BLÓÐGJAFAFÉLAG ÍSLANDS: 25 ÁRA AFMÆLI Á MORGUN

# Samfélagsleg skylda

Á morgun, sunnudaginn 16. júlí, eru liðin 25 ár frá stofnun Blóðgjafafélags Íslands. „Forgöngu um stofnun félagsins hafði Ólafur Jensson, fyrsti formaður þess, árið 1981,“ segir Ólafur Helgi Kjartansson, núverandi formaður félagsins og sýslumaður á Selfossi.

„Við ætlum bara að halda upp á daginn með því að minnast afmælisins. Við eigum nú ekki mikla peninga, en við höfðum áhuga á að fá þá afmælisgjöf að húsnæðismál Blóðbankans yrðu leyst til nokkurrar frambúðar,“ segir Ólafur. Deilur um húsnæðið hafa verið leystar, en framkvæmdanefnd um nýtt sjúkrahús fékk hálfa af þremur hæðum í nýju húsnæði Blóðbankans við Snorrabraut, en Alfreð Þorsteinsson er formaður hennar. „Það er nú ekki hægt að sjúga neitt blóð úr honum lengur,“ segir Ólafur og hlær, en bætir þó við að Alfreð og framkvæmdanefndin hafi sýnt Blóðbankanum mikinn skilning og hjálpað til við að leysa húsnæðisvandamálið.

En hvaða starfi sinnir Blóðgjafafélagið? „Það er alltaf þörf fyrir blóðgjafa. Blóðgjafafélagið er fyrst og fremst hagsmunafélag blóðgjafa og það hefur alltaf verið hægt að ganga út frá því á Íslandi að til sé fólk sem vill gefa blóð. Það er ekkert sjálfsagt. Það er víða vandamál í heiminum að fá fólk til að gefa blóð. Við höfum reynt að stuðla að áróðri til að fá fleira fólk til að gefa blóð og það hefur skilað árangri. Við reynum að vekja fólk til umhugsunar og vekja athygli á því að ef einhver úr stórum hópi íslenskra blóðgjafa verður fyrir skaða, til dæmis ef eitthvað kemur fyrir við blóðtökuna eða hann slasast á leið til eða frá Blóðbankanum, sækir hann sér rétt sem sjúklingur, en víða annars staðar eru sérstakar tryggingar fyrir blóðgjafa. Blóðgjafar eru heilbrigt fólk að veita samfélaginu þjónustu með sjálfboðavinnu, en ekki sjúklingar, og það verður að koma fram við þá samkvæmt því,“ segir Ólafur Helgi.



**HÚSNÆÐIÐ VIÐ SNORRABRAUT** Blóðbankinn flytur í haust í nýtt húsnæði við Snorrabraut, þar sem áður var Skátabúðin. Miklar vonir eru bundnar við að þetta leysi það húsnæðisvandamál sem bankinn hefur þurft að glíma við.

„Blóð er mjög sérstök afurð. Það jafngildir lyfi að mörgu leyti, það er ekki hægt að komast af án þess við læknismeðferð, uppskurð eða slys. En þetta lyf er ekki framleitt eins og önnur lyf, heldur treystum við á ólaunaða sjálfboðavinnu Íslendinga. Blóðgjafar hafa ekki áhuga á því að fá greitt, það eru mannúðarsjónarmið og samfélagsleg skylda sem ráða því að fólk gefur blóð,“ segir Ólafur.

Í Blóðgjafafélaginu eru um 3.000 manns og er það því með stærri félögum. Ólafur hvetur alla sem hafa áhuga á blóðgjöfum og ekki síst blóðgjafa til að ganga í félagið. Félagar borga ekki félagsgjöld, en Ólafur segir að sem betur fer hafi félagið fengið framlög frá ríkinu undanfarin ár. „Félagið heiðrar félaga sem ná ákveðnum áföngum. Karlmenn mega gefa blóð fjórum sinnum yfir árið og konur þrisvar sinnum, ef heilbrigði leyfir. Um 45 Íslendingar hafa gefið blóð hundrað sinnum yfir ævina. Sex hafa gefið blóð 125 sinnum,“ segir Ólafur. Hann er sjálfur meðal þeirra sem hafa komist yfir hundrað blóðgjafir, en ætla má að því marki geti maður náð á um það bil 25 árum ef blóð er gefið reglulega.

„Meginmarkmiðin okkar eru að fjölga blóðgjöfum, vinna með Blóðbankanum og heilbrigðisyfirvöldum og gæta hagsmuna blóðgjafa,“ segir Ólafur Helgi og óskar blóðgjöfum til hamingju með daginn. **steindor@frettabladid.is**

## 250 ára afmæli



*Árið 1956 fæddust þessir síungu og fjallmyndarlegu menn.*

*Til að fagna þessum tímamótum með þeim er öllum vinum og vandamönnum boðið að Heimalandi undir Eyjafjöllum laugardaginn 22. júlí. Formleg móttaka verður frá klukkan 20.00.*
*Þar verður etið, drukkið, dansað, og gamli tíminn rifjaður upp.*
*Tjaldstæði ER á staðnum.*

**Sigurður í Varmahlíð**
**Markús frá Ystabæli**
**Jóhann og Bragi frá Mið-Grund**
**Ásgeir í Stóru-Mörk**

# Útsala

**NÝTT**
kortatímabil




TILBOÐ
**24.900kr**
Verð áður 36.900,-

# 20-50% afsláttur af öllum garðhúsgögnum

| | | | |
|---|---|---|---|
| Stækkanlegt borð + 6 stillanlegir stólar | 58.990 kr. | ~~82.999~~ kr. | 29% |
| Borð með 4 stólum og 2 armstólum | 24.900 kr. | ~~36.999~~ kr. | 33% |
| Átthyrnt borð með 4 stólum | 15.990 kr. | ~~19.999~~ kr. | 20% |
| Ferkantað borð með 2 stólum | 6.499 kr. | ~~12.999~~ kr. | 50% |
| Stækkanlegt borð með 4 stillanlegum stólum | 39.990 kr. | ~~54.999~~ kr. | 27% |
| Stækkanlegt borð með 6 stólum | 94.900 kr. | ~~149.990~~ kr. | 37% |
| 2ja sæta róla | 17.990 kr. | ~~24.990~~ kr. | 28% |
| 2ja sæta bekkur | 6.490 kr. | ~~9.990~~ kr. | 35% |
| Borð með áföstum bekkjum | 9.900 kr. | ~~14.990~~ kr. | 34% |
| Sólbekkur með stillanlegu baki | 10.990 kr. | ~~14.990~~ kr. | 27% |
| Vagn með 2 lausum bökkum | 6.990 kr. | ~~9.990~~ kr. | 30% |
| Stillanlegur stóll með örmum | 6.999 kr. | ~~8.999~~ kr. | 22% |
| Stækkanlegt borð Galway | 24.990 kr. | ~~34.999~~ kr. | 29% |
| Stækkanlegt borð Butterfly | 18.999 kr. | ~~24.999~~ kr. | 24% |
| Stækkanlegt borð Kalimattan | 44.999 kr. | ~~59.999~~ kr. | 25% |
| Pulla fyrir stillanlega stóla | 1.499 kr. | ~~2.999~~ kr. | 50% |
| Átthyrnt borð | 7.999 kr. | ~~9.999~~ kr. | 20% |
| Samanbrjótanlegir stólar úr tré | 2.999 kr. | ~~3.999~~ kr. | 25% |
| Nett ferkantað borð | 3.999 kr. | ~~6.999~~ kr. | 43% |
| Samanbrjótanlegir stólar úr tré og efni | 1.999 kr. | ~~3.999~~ kr. | 50% |

ODDI VOB4282

Gildir á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla



**FÓTBOLTI ER LÍFIÐ** John gamli Kelly hefur farið á alla leiki liðsins frá því að hann man eftir sér. „Jafnvel líka löngu fyrir þann tíma,“ segir hann og glottir við eina tönn. „Alls staðar eruð þið blaðasnáparnir,“ bætir hann við. „Við erum heimsfrægir.“ FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL




**SIMON OG FJÖLSKYLDA** Frá vinstri eru Paul, þá Jenny eiginkona hans, þá Roy og Simon. Þau áttu nokkra daga í frí og ákváðu að fylgja liðinu til Íslands. Ekkert annað kom til greina enda langt síðan þau sáu liðið spila síðast. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# *Í úrvalsdeildinni í ofbeldi*

Vesturbær Reykjavíkur í júlí. Bólgin rigningarský hanga ógnandi yfir lágreistri stúkunni á KR-vellinum. Til eyrna berast háværköll og söngur knattspyrnuáhugamanna. Hefðbundnar íslenskar háðsglósur um dómarann heyrast ekki heldur framandi skilaboð upp á enska tungu. „No one likes us, no one likes us, no one likes us, we don't care.“ Æfingaleikur heimaliðsins og enska Lundúnaliðsins Millwall FC er nýhafinn. „Þeir hljóta að vera mörg hundruð saman,“ hugsar *Svavar Hávarðsson* sem, í orðsins fyllstu merkingu, á stefnumót við óvissuna.

Orðspor stuðningsmanna Millwall FC er samtvinnað sögu þessa rótgróna enska knattspyrnufélags sem fyrrum leikmaður félagsins, blaðamaðurinn Eamon Dunphy, hefur dregið saman í eina setningu: „Millwall hefur alltaf verið í úrvalsdeildinni í ofbeldi en neðri deildum í fótbolta.“ Dunphy vitnar hér til þess að það tók félagið 103 ár að vinna réttinn til að spila í efstu deild enskrar knattspyrnu en þá höfðu áhangendur félagsins verið á forsíðum dagblaða um allan heim í rúman áratug fyrir að vera hörðustu fótboltabullur Englands. Það orðspor stuðningsmannanna hefur í engu breyst; Millwall féll niður í 2. deild í fyrra.

**Góðan daginn!**

Þegar inn á völlinn er komið eru sárafáir þar fyrir. KR-ingarnir, sem sennilega tengjast allir leikmönnum félagsins blóðböndum, sitja hljóðir í öðrum enda stúkunnar þrátt fyrir að staðan sé 2-0 þeirra mönnum í hag en í fljótu bragði bólar ekkert á þeim sem ætlunin var að hitta. Þegar gengið er á hljóðið fer þó ekkert á milli mála hverjir það eru sem fylgja liðinu að málum. Svo virðist sem allar erkitýpur enskrar verkamannastéttar séu samankomnar í litlum hópi sem situr innan um rauðhvíta fána.

Augnagotur þeirra bresku senda ákveðin skilaboð en þrátt fyrir það mannar blaðamaður sig upp og kynnir sig fyrir þéttvöxnum, rauðbirknum náunga sem skemmtir sér greinilega hið besta. Svar hans lofar allt annað en góðu: „Ég heiti Simon. Þú veist að við hötum blaðamenn?“ Kvikmyndin Green Street Hooligans rifjast upp þar sem fram kemur að enskir blaðamenn hafa skrifað margt niðrandi um stuðningsmenn Millwall og bætt gráu ofan á svart með því að aðstoða lögregluna þar í landi við að finna forsprakka slagsmálagengja; ekki síst þeirra sem tengjast Millwall. Til að segja eitthvað útskýri ég að öllum fótboltaáhugamönnum á Íslandi sé í nöp við KR-inga ef þeir á annað borð halda ekki með þeim. Kannski var það ósjálfráð tilraun til að finna eitthvað sem ég og Simon áttum sameiginlegt. Það skilar þeim árangri að Simon spyr með hvaða liði ég haldi á Englandi. Í gegnum hugann flýgur hvort það sé einfaldlega skynsamlegt að segja frá því, en áður en ég veit af er ég tekinn að segja söguna af því að KR-ingar spili einmitt í búningum þess liðs sem ég held með. Árið 1907 hafi Newcastle United verið Englandsmeistari og því hafi stjórn félagsins ákveðið að skarta búningum þess félags. Ég enda ræðuna á því að segjast vera stuðningsmaður liðs sem heitir Fram og þeir séu erkióvinir KR. Hverjir eru helstu andstæðingar Millwall, bæti ég við. „West Ham,“ segir Simon með áherslu. „Og Crystal Palace.“ Simon útskýrir að áhangendur Millwall séu margir hverjir hafnarverkamenn og allir af verkamannastétt. Því sé eins farið með West Ham áhangendur, nema þeir búa hinum megin við Thames-fljótið. Það er næg ástæða til að vera illa við þá andskota, segir Simon. Crystal Palace áhangendur hins vegar eru millistéttarfólk. „Þeir líta niður á okkur vegna þess að við eigum minna af peningum en þeir. Við hötum þá fyrir að hata okkur fyrir peningaleysið.“ Ekki langt frá standa feðgarnir David og John Kelly. Þeir leggja orð í belg en það eina sem er skiljanlegt verður ekki haft eftir hér, en það tengdist West Ham og Crystal Palace.



**MARK** Hefur fylgt liðinu í gegnum súrt og sætt í gegnum árin. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

**Fæddist í ljónagryfju**

Sagan segir að árið 1966, aðeins nokkrum mánuðum áður en enska landsliðið lyfti heimsbikarnum á Wembley, sé fæðingarár fótboltabullunnar eins og við þekkjum hana. Millwall var í heimsókn á Loftus Road, heimavelli Queens Park Rangers, og var að tapa leiknum 6-1. Þá var peningi kastað úr stúkunni og lenti hann í höfði Len Juliens, framherja heimsliðsins, og úr blæddi. Þá var tilkynnt í hátalarakerfi að ef áhorfendur höguðu sér ekki eins og menn yrði leikurinn flautaður af. Áhangendur Millwall vissu að samkvæmt reglum þess tíma yrði leikurinn ógiltur og leikinn að nýju. Í stöðunni 6-1 var það alls ekki svo vitlaus hugmynd að fá annað tækifæri og því fjölmenntu stuðningsmenn Millwall inn á völlinn og settust niður í miðjuhringnum.

Þetta atvik fékk gríðarlega umfjöllun í enskum fjölmiðlum þrátt fyrir að uppreisnarseggirnir hafi ekki haft erindi sem erfiði. Hinum ungu og uppreisnargjörnu Millwall-stuðningsmönnum líkaði athyglin vel og á næstu vikum endurtóku þeir leikinn, bæði á heima- og útileikjum liðsins. Þessi uppátæki fengu umfjöllun fjölmiðla og svo kom að þegar Millwall hélt til Oxford til að spila deildarleik beið hópur lögreglumanna á lestarstöðinni. Þeir handtóku ekki nokkurn mann heldur ruddu leið í gegnum stærstu verslunargötuna í bænum svo Millwall-stuðningsmennirnir kæmust sem fyrst á völlinn án þess að angra almenning með hrópum sínum og stráksskap.

Á aðeins fáum árum spruttu upp svipaðir flokkar ungra uppreisnargjarnra pilta í fjölmörgum borgum Englands. Það sem hafði þá bæst við var þörfin til að sanna sig. Það var gert með slagsmálum. Allir litu til stuðningsmanna Millwall, þeir voru upphafsmennirnir og því viðmið allra þeirra sem töldu sig hafa eitthvað að sanna. Ekki bætti úr skák að Millwall-hverfið í suðausturhluta Lundúnaborgar er þekkt af öllu öðru en að ala af sér dúkkudrengi. Hafnarverkamennirnir voru tilbúnir til að svara ef einhver kom kallandi.

**Fjölskyldan í fríi**

Ég kemst að því að Simon er í fríi ásamt fjölskyldu sinni sem hann kynnir fyrir mér. Faðir hans, Roy, segir mér að hann hafi farið með strákana sína á völlinn í fyrsta skipti þegar þeir voru tveggja ára gamlir. Ég spyr um orðsporið sem fer af stuðningsmönnum liðsins en hann minnir á að ekki megi setja alla undir einn hatt. Þeir séu miklu fleiri sem aldrei hafa komið nálægt slagsmálum en þeir sem slást og láta eins og skepnur, eins og hann orðar það. „Ef það er eitthvað sem þig vantar að vita um þann hóp ættirðu að tala við hann þennan,“ segir Roy og bendir í áttina að skuggalegum náunga sem situr með félögum sínum nokkrum sætaröðum frá.

**Ísland eins og Kanada**

Mark, eins og hann reynist heita,

## ÚR SÖNGBÓKINNI

„Hillsborough! Hillsborough, you should have all died at Hillsborough.“
Beint að Liverpool-áhangendum á leik liðanna árið 1996. Hér er verið að vitna til eins sorglegasta atburðar í sögu knattspyrnunnar þegar 96 áhangendur Liverpool krömdust til bana á Hillsborough-leikvanginum í Sheffield árið 1989.

**NO ONE LIKES US**

No one likes us, no one likes us
No one likes us, we don't care
We are Millwall
Super Millwall
We are Millwall from The Den

**WE ARE THE MILLWALL**

Fuck 'em, fuck 'em all
United, West Ham, Liverpool
Cause we are the Millwall and we are the best
We are the Millwall
So fuck all the rest

**WEST HAM HATERS**

We hate West Ham and we hate West Ham
We hate West Ham and we hate West Ham
We hate West Ham and we hate West Ham
We are the West Ham haters

**A WELSH VISIT**

Sheep, sheep, sheep shaggers
Sheep, sheep, sheep shaggers
Sheep, sheep, sheep shaggers

**SNEAKING OUT**

We can see you, we can see you
We can see you sneaking out
We can see you sneaking out
AAAAAARRRRRRGGGGHHHH
Beint til þeirra sem yfirgefa „Ljónagryfjuna“ áður en leik lýkur.



Nigel Spackman, framkvæmdastjóri:

## Frábær ferð til Íslands

„Dvöl okkar á Íslandi hefur verið frábær. Okkur hefur verið sýnd mikil gestrisni og aðstæður til æfinga eru mjög góðar. Það sama má segja um hótelið og við höfum notið dvalarinnar hér þrátt fyrir að það sé kalt í veðri.“ Nigel Spackman, sem tók við stjórn liðsins fyrir stuttu, segir að úrslit leikjanna í ferðinni segi ekki mikið um liðið.

„Við höfum aðeins verið saman við æfingar í rúma viku og þetta eru fyrstu leikir okkar á undirbúningstímabilinu. Það dregur þó ekki úr þeirri staðreynd að íslensku liðin eru mjög góð.“ Næstu verkefni leikmanna eru stífar æfingar og fleiri leikir. „Næstu verkefni eru vináttuleikir gegn Charlton, Reading og Crystal Palace og vonandi verðum við tilbúnir í þann slag. Vera okkar hér á Íslandi mun reynast okkur vel sem undirbúningur fyrir komandi átök.“

Vináttuleikur gegn Crystal Palace, er það mögulegt? „Nei, og ekki heldur gegn Charlton. En við munum samt nýta þessa leiki til þess að öðlast meiri leikæfingu og skilning innan liðsins. Það er líka gott fyrir leikmennina að takast á við þessi lið því hvatningin til þess að standa sig er vissulega fyrir hendi.“



NIGEL SPACKMAN

er ekki viljugur til að spjalla við blaðamenn, ég veit af hverju. „How do you like Iceland?“ Spurningin lá einhvern veginn beint við og svarið er einfalt. „Eftir leikinn, félagi.“

Mark reynist þekkja vel til orðsporsins sem af hans mönnum fer og ekki er hægt að skilja hann öðruvísi en sú þekking hans sé frá fyrstu hendi. Hann hefur ekki tölu á öllum þeim þjóðlöndum sem hann hefur ferðast til í tengslum við leiki liðsins, en Kanada líkir hann við Ísland. „Klúbburinn bókar æfingaleiki í svona löndum af því að þar eru engin vandamál. Þar bíða okkar ekki einhverjir sem vilja slást. Þetta er reyndar ekkert vandamál lengur því það er svo mikil gæsla. En þegar við mætum West Ham stoppar okkur enginn. Þar á milli ríkir algjört hatur og ekkert stoppar okkur, ekki lögreglan; enginn.“ Mark segir að það hafi aldrei skipt máli þó að önnur lið eigi fleiri stuðningsmenn. „Við erum einfaldlega harðari og höfum alltaf betur.“ Ég hef engar forsendur til að rengja orð hans og kveð.

Þeir halda út í sumarnóttina og á milli húsanna í Vesturbænum hljóma síðustu skilaboð kvöldsins: „There is a long way home, 4-0, There is a long way home, 4-0“.

Barry Hayles, framherji:

### Áhangendurnir eru mikilvægir

„Það var erfitt að byrja æfingar að nýju, ekki síst vegna þess að ég er búinn að vera meiddur lengi. Fyrstu leikirnir eru alltaf erfiðir, sérstaklega þegar leikið er gegn góðum liðum eins og því sem við lékum við í dag.“



Hayles segir að ekki gefist mikill tími til að skoða borgina eða landið. Æft er tvisvar á dag og enginn frítími á milli. „Við förum heim strax á morgun og fáum þá frídag.“

Hayles hefur verið í tvö ár með Millwall en lék áður með Bristol Rovers, Fulham og Sheffield United. Hann á ættir sínar að rekja til Jamaíka en ólst upp í Lundúnum, aðeins steinsnar frá „Ljónagryfjunni“. „Ég er ekki áhangandi eins og þessir sem eru með liðinu. En ég hef taugar til þeirra á minn hátt. Áhangendurnir hafa ekkert sérstakt orð á sér. En þeir láta vel í sér heyra og það hjálpar liðinu.“





Tréolíu sprey
0,4 ltr. 934 kr.

Flügger tréolía
Fljótleg og einföld í notkun
www.flugger.is

Flügger litir

Stórhöfða 44
110 Reykjavík
Sími 567 4400

Skeifan 4
Snorrabraut 56
Bæjarlind 6

Dalshraun 13
Hafnargata 90
Austursíða 2

Austurvegur 69
Hlíðarvegur 2-4
Egilsholt 1

104732

## Að hreyfa við ofurhetju

Eftir tíu ára vandræðagang, nokkra leikstjóra og enn fleiri aðalleikara var það Bryan Singer sem tók að sér að leikstýra Superman Returns og þykir hafa farist það vel úr hendi. Hvernig fór hann að þessu?

„Þeir sem tóku að sér verkið á undan mér ætluðu að byrja upp á nýtt og sýna upphaf Súpermans. Mér fannst það alltaf hugsunarvilla,“ útskýrir leikstjórinn. „Sá sem er eldri en 25 ára ætti að muna eftir fyrstu myndinni og þekkir þess vegna uppruna hans. Þeir sem eru yngri þekkja ábyggilega til hans í gegnum myndasögurnar eða Smallville-þættina. Eftir að hafa leikstýrt tveimur myndum um X-mennina tel ég mig líka hafa náð valdi á ofurhetjumyndum og þess vegna treystu framleiðendurnir mér að koma með nýja hugmynd. Við ákváðum að tengja þessa mynd við þær eldri með því að láta Súperman snúa aftur til jarðarinnar eftir fimm ára fjarveru.

Myndin er hlaðin Biblíutilvísunum enda er Ofurmennið einn þekktasti kristgervingur kvikmyndasögunnar. „Ég vildi alls ekki beygja frá þeirri Messíasarímynd sem hefur alltaf loðað við Súperman, allt frá því hann var sendur til jarðar eins og Móses var sendur niður ána í sefkörfunni til að mæta örlögum sínum. Í þessari mynd tók ég svolítið á þörf fólks fyrir bjargvætti og að láta bjarga sér. Stundum er ástæða fyrir þeirri þörf en stundum þurfum við menn að takast á við eigin vandamál. Mörg stefin í Súperman eru jafngömul mannkynssögunni.

**Áður en lengra er haldið er rétt að vara þá við sem ekki hafa séð myndina og vilja láta koma sér á óvart.**

Í Superman Returns er kynntur til sögunnar sonur Súpermans en hann hefur aldrei komið fram í myndasögunum. Singer kveðst hvergi hafa verið smeykur við þessa djörfu ákvörðun. „Þetta var ekkert mál mín vegna. Ég hef lært það af því að gera X-manna-myndirnar að það verða alltaf einhverjir aðdáendur sem eiga eftir að kvarta. En allar þessar ofurhetjur hafa farið í gegnum svo margar breytingar í gegnum tíðina. En svona ákvarðanir tekur maður bara ef það hentar sögunni. Ég var mjög spenntur fyrir því að kynna til sögunnar þessa breytingu, því burt séð frá kryptóníti þá er erfitt að hugsa sér nokkurn skapaðan hlut sem getur hreyft við þessari ofurhetju. Að Lois Lane eigi unnusta sem sé ekki slæmur gæi, og að það sé barn í spilinu sem sé ekki hægt að stroka bara út, eða endurskrifa, finnst mér vera alvöru mál að takast á við.“



# Heimurinn þarf bjargvætti

Eftir hverja mislukkaða tilraun af fætur annarri til að koma Súperman aftur á flug tókst Bryan Singer loksins að klára verkið með Brandon Routh í hlutverki stálmannsins og Kevin Spacey í hlutverki Lex Luthor. Birgir Örn Steinarsson hitti þremenningana að máli og ræddi við þá um myndina.

Það eru ekki aðeins ofurkraftar Súpermans sem gera hann frábrugðinn flestum öðrum ofurhetjum, það sem greinir hann frá þeim Batman og Spiderman er að þeir eru menn með ofurkrafta og dulbúa sig þegar þeir nota þá. Í tilfelli Súpermans er þessu einmitt öfugt farið. Hann er geimvera sem dulbýr sig á meðan hann er ekki að bjarga heiminum. Hans rétta ímynd er Súperman en blaðamaðurinn Clark Kent er dulargervið.

Uppruni Súpermans er ástæða þess að í upphafi Superman Returns hefur hann verið horfinn af jörðinni í fimm ár. Kal-El, eins og foreldrar hans á Krypton nefndu hann, hafði greinilega lent í tilvistarkreppu því hann ákvað að kanna uppruna sinn með því að halda í heljarinnar leiðangur í gegnum himingeimanna í von um að finna aðra sem lifðu af þegar heimkynni hans eyðilögðust. Svo er ekki og myndin hefst á því að Brandon Routh, sem tekur við hlutverki Christophers Reeve sem Súperman, fellur til jarðar eftir að hafa eytt fimm árum af ævi sinni til einskis.



## Vissi að þetta yrði skemmtilegt

Kevin Spacey sló í gegn í myndinni Usual Suspects í leikstjórn Singers fyrir 11 árum. Stuttu síðar festi hann sig endanlega í sessi sem einn af bestu leikurum samtímans með afbragðs leik í American Beauty. Síðustu misseri hefur Kevin eytt nær öllum tíma sínum í að reyna að endurvekja dýrðarljóma Old Vic leikhússins í London, bæði með því að sjá um rekstur þess og leika í verkum sem þar eru sett upp. Hann hefur því ekki verið mjög iðinn við að leika í bíómyndum upp á síðkastið og fannst sumum skrítið að sjá hann í sumarsmelli á við Superman Returns og hafa hörðustu gagnrýnendur hans spurt hvers vegna „alvarlegur leikari“ skuli leika í svona mynd?

„Ef svona myndir eru nægilega fínar fyrir Marlon Brando, þá eru þær nægilega fínar fyrir mig,“ svarar Kevin án þess að blikna. „Bryan Singer lokkaði mig að þessu verkefni. Mér finnst hann frábær leikstjóri og það var frábært að vinna með honum fyrir 11 árum síðan. Þegar hann hringdi og sagði mér frá því að hann ætlaði að leikstýra Súperman fannst mér það vera hárrétt ákvörðun. Ég vissi líka að þetta yrði alveg svakalega skemmtilegt. Eins lengi og ég finn hlutverk sem mér finnst áhugaverð og tímasetningin stangast ekki á við vinnuna í Old Vic, þá er ég meira en reiðubúinn til þess að halda áfram að leika í bíómyndum.“

Spacey fer á kostum í hlutverki Lex Luthor, og virðist skemmta sér vel þegar hann leikur illmenni. „Það lítur kannski út fyrir það. Kannski er það vegna þess að möguleikarnir með persónu eins og Lex Luthor eru svo miklir. Maður kemst upp með að vera stór og hádramatískur í talanda og gjörðum. Maður verður að finna jafnvægi á milli þess að vera skondinn og raunverulegur. Þetta var virkilega frábær upplifun.“

Í fyrri myndunum fór Gene Hackman með hlutverk Luthors og segist Spacey vissulega hafa haldið í ákveðna takta. „Ég dáist mikið að gömlu Súperman-myndunum og fannst Gene Hacman frábær í þeim. Bryan sagði mér að hann langaði til að halda í nokkra þætti persónuleika hans, sérstaklega þeirra sem voru fyndnir og kjánalegir. Hann vildi líka að samband hans við kærustuna yrði nokkuð stormasamt. Hann vildi líka sýna hlið af Luthor sem hefur ekki sést áður, að hann getur verið mjög ógnvekjandi og hættulegur. Alvöru andstæðingur Súpermans. Þannig að þegar Súperman er veikastur gæti fólk trúað því að Lex myndi virkilega hafa betur. Ég kem úr þeim ranni leikhússins þar sem menn hugsa ekki þannig að leikarar eigi hlutverk, heldur fái þau lánuð í vissan tíma, til dæmis höfum við séð óteljandi útgáfur af Hamlet eða Óþelló. Að leika hlutverk er eins og að klæða sig í stakk sem maður sníður sér síðan eftir vexti.“



## Yfirvegaður suðurríkjastrákur

Það er ekki furða að Brandon Routh hafi verið valinn í hlutverk stálmannsins; hann er dökkhærður, hávaxinn og lítur út eins og klón úr sameiginlegum genum Christopher Reeve og og Tom Welling, sem leikur Ofurmennið á yngri árum í sjónvarpsþáttunum Smallville sjónvarpsþáttunum. Ekki spillir fyrir að Routh er borinn og barnfæddur sveitastrákur úr suðurríkjum Bandaríkjanna, rétt eins og Clark Kent, sem réði miklu um að hann hreppti hnossið.

„Sá sem elst upp í smábæ í Bandaríkjunum verður að venjast kyrðinni,“ segir Brandon um uppeldisárin. „Sumir njóta hennar sem krakki, en aðrir verða fúlir vegna þess að það er ekkert að gera. Ég var einn þeirra sem naut kyrðarinnar. Fannst frábært að hafa opið rými, og geta hjólað út um allt. Ég á því minningar af því að hlaupa um á ökrunum og njóta þess að slappa af í sveitinni. Þannig finnst mér Súperman vera. Hann er alinn upp á friðsömum stað, sem útskýrir kannski að vissu leyti hvers vegna hann er alltaf svona rólegur og yfirvegaður. Mér finnst ég sjálfur yfirleitt vera þannig.“

Routh kveðst hafa verið mikill aðdáandi fyrstu tveggja myndanna um Súperman sem Richard Donner leikstýrði. „Ég fletti blöðunum líka annars lagið sem krakki. Ég man að það var aðal umtalsefnið í skólanum þegar Súpermnn dó í einni sögunni. Þannig að ég vissi stundum hvað var að gerast en ég las sögurnar aldrei gaumgæfilega.“

Hann kveðst þó ekki hafa verið smeykur við að taka að sér rulluna. „Ég var vissulega meðvitaður og varkár vegna túlkunar Christpher Reeves, það var jú hann sem gerði mig að aðdáanda Súpermans. Ég gerði mitt besta til þess að muna að sýna hlutverkinu virðingu, en ég var nú ekkert að eyða of miklum tíma í það að velta því stöðugt fyrir mér. Ég átti að vera leika kröftugustu lífveru jarðar, og í þannig hlutverki er ekkert pláss fyrir ótta. Þannig að ég ýtti honum bara til hliðar.“

Brandon segist hafa undirbúið sig vel andlega fyrir þá miklu athygli sem hlutverkið hefur veitt honum á skömmum tíma og hann getur vel hugsað sér að leika Súperman aftur í fleiri myndum svo lengi sem teymið í kringum framleiðsluna er gott.

## KYNNING Á LEIÐSÖGUMÖNNUM

Nýr vefur hefur verið stofnaður í þeim tilgangi að kynna íslenska leiðsögumenn.

FERÐIR 6



## UNDANÞÁGA TIL VERÐSAMRÁÐS

Margir eru uggandi yfir því að afnám á sameiginlegum hámarkstaxta leigubifreiðastöðva kunni að koma illa niður á farþegum. BÍLAR 2




## ALLT HITT

**[FERÐIR BÍLAR]**

**Gönguhátíð** verður haldin á Vestfjörðum 27. til 30. júlí. Hvern dag verður boðað til einnar aðalgöngu og einnar léttari göngu ásamt barnadagskrá. Ýmis menning og afþreying verður í boði öll kvöld hátíðarinnar.



Sem dæmi má nefna að gengið verður úr Krossadal í Tálknafirði yfir í Selárdal við Arnarfjörð, siglt yfir í Geirþjófsfjörð og gengið upp á Lónfell. Nánari upplýsingar má finna á www.vesturbyggd.is eða www.utivera.is.

**Hin** 72 ára gamla þokkagyðja Sophia Loren mun sitja fyrir á dagatali sem ítalska dekkjafyrirtækið Pirelli gefur út. Hún verður líklega klædd demöntum einum saman.

**Hún** verður þó ekki eina þokkagyðjan á dagatalinu 2007. Hinar verða Penelope Cruz, Hilary Swank og Naomi Watts. Aldursins vegna gæti Sophia Loren verið langamma þeirra.

**Heimsferðir** hafa sett upp vetraráætlun sína og hægt er að nálgast bæklinginn á www.heimsferdir.is.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er laugardagurinn 15. júlí, 196. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 3.40 | 13.34 | 23.25 |
| Akureyri | 2.54 | 13.18 | 23.39 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Björn er duglegur að skipta um bíla og leggur meira upp úr því að gott sé að keyra þá en að þeir séu flottir.
FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

# Búinn að eiga átta bíla

***Björn Ástmarsson er algjör bíladellukarl að eigin sögn og leggur ýmislegt á sig fyrir áhugamálið. Hann er aðeins nítján ára en þrátt fyrir ungan aldur hefur hann átt átta bíla.***

„Ég á BMW Z4 árgerð 2003. Þetta er blæjubíll og mjög flottur. Ég er búinn að eiga hann síðan í apríl og hann hefur reynst mér mjög vel. Ég er eiginlega ekkert búinn að gera við hann, bara bóna hann," segir Björn, sem þurfti ekkert að gera við bílinn þegar hann fékk hann. „Hann var í góðu ástandi enda bara keyrður 30.000 kílómetra."

„Ef það er sól þá er ég með blæjuna niðri. Það er eitthvað tekið eftir manni þá," segir Björn en hann er duglegur að skipta um bíla. „Ég er frekar mikill bílakarl. Ég er búinn að eiga einhver átta stykki eða svo," segir Björn, sem er aðeins nítján ára. „Þegar maður er með dellu þá er þetta bara þannig. Ég skipti reglulega um bíl og mér finnst gaman að breyta til, þó það standi ekkert til að selja þennan."

„Ég er eiginlega bæði með bíladellu og BMW-dellu. Ég er búinn að eiga þrjá BMW en það er algjörlega óákveðið hvort ég haldi mig við BMW eða fái mér aðra tegund næst," segir Björn, sem á samt engan sérstakan draumabíl.

„Ég er duglegur að fylgjast vel með nýjungum og panta bæði frá útlöndum og kaupi hér, það er misjafnt eftir því hvað það er. Ég legg ýmislegt á mig fyrir þetta áhugamál og það tekur mestan hluta af peningunum sem maður vinnur sér inn. Ég er í fullri smíðavinnu á sumrin og vinn með skóla þannig að ég get leyft mér þetta. Þetta sleppur alveg, ég bara spara annars staðar."

„Þetta er góður bíll og flottur og það er líka gott að keyra hann. Ég hugsa vel um hann og þríf hann reglulega," segir Björn en hann á ekki langt að sækja þetta skemmtilega áhugamál. „Pabbi er líka bíladellugaur þannig að hann smitaði mig."

*lilja@frettabladid.is*

## Páfinn fær Volvo

XC90 BÆTIST Í BÍLAFLOTA PÁFANS, SEM HEFUR ALDREI VERIÐ MEÐ BÍLPRÓF.

Yfirmenn Volvo afhentu Benedikt XVI páfa nýlega Volvo XC90 sem er sérsmíðaður fyrir hans þarfir. Bíllinn er dökkblár með ljósar innréttingar, fjórhjóladrifinn og að sjálfsögðu mjög öruggur eins og við er að búast af Volvo.

Páfinn átti fyrir meðal annars BMW X-5 sem hann fékk gefins frá BMW í München. Páfinn, sem hefur aldrei haft bílpróf, átti Golf meðan hann var enn kardínáli og treysti þá ýmist á bróður sinn eða einkaritara til að ferja sig á bílnum.



Volvo XC90 mun framvegis sjá um að koma páfa á milli staða.

BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS
Tjónaskoðun

TOYOTA-þjónusta
- Nútíma verkstæði og fullkominn tækjabúnaður
- Gæðavottað verkstæði af Bílgreinasambandinu
- Bílaleigubíll á meðan viðgerð stendur
- Sérþjálfaðir starfsmenn
- Fljót og góð þjónusta

CABAS Verkstæði



Réttum og málum allar tegundir bíla
Nýbýlavegi 10 · Kópavogi · Sími 554 2510 · www.bilasprautun.is · bilasprautun@bilasprautun.is

**Tengdamömmubox eru frábær uppfinning.**
Þau auka geymsluplássið til muna og það hentar stórum fjölskyldum vel.

BIFREIÐAVERKSTÆÐI
FRIÐRIKS ÓLAFSSONAR ehf.
Smiðjuvegi 22 (Græn gata) · 200 Kópavogi
Sími: 567 7360 · www.bfo.is
SUBARU þjónusta HONDA þjónusta NISSAN þjónusta

KT jeppa & útivistarverslun
S:466-2111
Pallhús
loftdælur
skriðgírar
lægra lágadrif
TOYO TIRES
Bestu dekkin í USA 8 ár í röð
www.kliptrom.is

WWW.ABVARAHLUTIR.IS
EIGUM ÁVALLT Á LAGER VARAHLUTI Í FLESTAR GERÐIR BÍLA
BODDYHLUTIR - GRINDUR - LJÓS - SPEGLAR - SÍLSHLUTIR - VATNSKASSAR OG FLEIRA
ERUM YKKAR BÓNUS Í BÍLAVARAHLUTUM
Bíldshöfða 18 - Sími 567 6020 - ab@abvarahlutir.is - www.abvarahlutir.is Opið virka daga 8-18

Sláttuvélarnar eru komnar í hús
Flottar vélar – frábær verð
SENTINEL
Allir þekkja hina landsfrægu vara-hluta- og viðgerðaþjónustu okkar.
HVELLUR.com
... í einum grænum
G. Tómasson ehf • Súðarvogi 6 • sími 577 6400 • www.hvellur.com • hvellur@hvellur.com

SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA FYRIR
Jeep CHRYSLER DODGE
BÍLJÖFUR
BIFREIÐAVERKSTÆÐI
Smiðjuvegi 34 - gul gata Kópavogi • Sími 544 5151 • biljofur@biljofur.is

Smurþjónusta
fyrir allar gerðir bíla
Eigum olíusíur í flestar gerðir bíla
Komdu með bílinn til okkar!
Frábær verð og góð þjónusta!
Alltaf heitt á könnunni!
SMURSTÖÐIN
„Sá smurði gengur"
STÓRAHJALLA
S. 554 3430

# Undanþága til verðsamráðs

***Margir eru uggandi yfir því að afnám á sameiginlegum hámarkstaxta leigubifreiðastöðva kunni að koma illa niður á farþegum. Páll G. Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlits, segir enga ástæðu til að óttast, þar sem gripið hafi verið til viðeigandi ráðstafana.***


Páll G. Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlits, segir það stríða gegn hlutverki samkeppnisyfirvalda að ákvarða hámark ökutaxta leigubifreiða. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

„Að okkar mati er það ekki hlutverk samkeppnisyfirvalda að ákvarða hámark ökutaxta fyrir leigubifreiðamarkaðinn hérlendis eins og lengi hefur viðgengist og þess vegna vildum við afnema það fyrirkomulag," segir Páll til að útskýra breytinguna og bætir við að sú tilhögun hafi verið arfur frá Verðlagsstofnun.

„Að sama skapi var ákveðið að fella úr gildi sameiginlegan hámarkstaxta leigubifreiðastjóra, sem er í kjölfarið óheimilt að hafa verðsamráð," útskýrir Páll ennfremur. „Þar með er grundvöllur lagður að verðsamkeppni þeirra á milli," bætir hann við.

„Hins vegar var ákveðið að veita leigubílastöðvum tímabundna undanþágu til að hafa eigin hámarkstaxta," segir Páll. „Þetta gefur leigubílstjórum innan hverrar stöðvar færi á verðsamráði. Undanþágan gildir í eitt ár, en á þeim tíma ætti að sjást hvort þessi tilhögun gefst vel eða ekki."

Nú telja margir að breytingin muni koma illa niður á farþegum, sem muni eiga í vandræðum með að átta sig á gildandi verði. Einnig er óttast að óprúttnir aðilar kunni að misnota sér aðstöðu sína, með því að hækka fargjöld upp úr öllu valdi. Neytendur viti því aldrei hverju þeir geta átt von á.

Páll segir að þessi atriði hafi verið höfð í huga þegar undanþágan var samþykkt. „Við settum það meðal annars sem skilyrði að plastspjald með gildandi hámarkstaxta viðkomandi stöðvar yrði komið fyrir í hverjum leigubíl gegn veitingu undanþágu og erum vongóðir um að það fyrirbyggi misskilning."

roald@frettabladid.is


FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

## Öryggi neytenda grundvallaratriði

GUÐMUNDUR BOGASON, LEIGUBÍLSTJÓRI HJÁ HREYFLI-BÆJARLEIÐUM Í 20 ÁR

„Ákveðið óvissuástand skapast á meðan þetta gengur yfir," segir Guðmundur um afnám á hámarkstaxta leigubifreiðamarkaðarins. „Vonandi helst sama festa varðandi taxta, svo viðskiptavinir okkar geti áfram gengið að eðlilegri verðlagningu sem vísum hlut. Öryggi neytenda er grundvallaratriði í þessu máli."

Hreyfill-Bæjarleiðir er ein leigubifreiðastöðvanna sem Samkeppniseftirlit veitti árslanga undanþágu til að hafa einn taxta fyrir alla bíla. „Þetta er stærsta stöðin, með 350 bíla eða 65 prósenta markaðshlutdeild," útskýrir Guðmundur. „Vegna stærðarinnar bjóst ég ekki við að stöðin fengi undanþáguna. Við fengum hana samt og er ég ánægður bæði með það og eins að stjórn Hreyfils skuli hafa ákveðið að fylgja sömu verðstefnu og áður. Gömlu taxtarnir eru enn í gildi."

Guðmundir segir enga ástæða til bölsýni, takist að halda málum í svipuðum farvegi. „Nú er boltinn hjá rekstraraðilum leigubifreiðastöðvanna," segir hann. „Ég tel ólíklegt að þeir geri glappaskot enda hafa þeir talsverða ábyrgðartilfinningu gagnvart atvinnugreininni og neytendum."

## Ýta vandamálinu á undan sér

HAUKUR GESTSSON, LEIGUBÍLSTJÓRI HJÁ BSR Í TÍU ÁR.

„Það er einfaldlega ekki hægt að treysta 570 mönnum fyrir svona löguðu," segir Haukur um afnám á hámarkstaxta leigubifreiða og er greinlega mikið niðri fyrir. „Það þarf að hafa ákveðinn mælikvarða sem allir geta fylgt. Það verða alltaf einhverjir óprúttnir aðilar sem munu misnota sér aðstöðuna. Margir bílstjórar brjóta nú þegar reykingabannið með því að reykja í eigin bílum, þannig að ekki er von á góðu." Haukur segist ekki sjá tilganginn með undanþágunni, sem Samkeppniseftirlit veitti ákveðnum leigubifreiðastöðum. „Menn eru einfaldlega að ýta vandamálinu á undan sér, þar sem þeir hafa uppgötvað hversu fánýtt þetta fyrirkomulag er."





## Bitnar á neytendum og leigubílstjórum

KRISTINN MATTHÍASSON, LEIGUBÍLSTJÓRI Í TUTTUGU ÁR, STARFAR NÚ HJÁ BSR.

„Ég er ekki hlynntur þessu frelsi sem verið er að gefa með afnámi á hámarkstaxta leigubifreiðamarkaðarins," segir Kristinn. „Það leynist misjafn sauður í okkar röðum eins og annars staðar. Hætta er á að einhverjir leigubílstjórar taki upp á því að undirbjóða hvern annan í meiri mæli en áður eða hækki fargjald upp úr öllu valdi, sérstaklega þegar erfitt er að fá bíl, þannig að viðskiptavinir munu ekki vita að hverju þeir ganga. Að mínu áliti mun þetta því bæði bitna á neytendum og eins leigubílstjórunum sjálfum. Það er helst að undanþágan sem Samkeppniseftirlit veitti á dögunum stemmi stigu við þeirri þróun."



## Áfram veginn

Einar Elí Magnússon kemst leiðar sinnar

# Átján ára ofurmenni

Í upphafi verð ég að viðurkenna að ég hef verið stöðvaður fyrir of hraðan akstur. Meira að segja tvisvar eða þrisvar ef ég man rétt. Ég hef líka setið í bílum hjá öðrum ökumönnum þegar þeir hafa verið stoppaðir.

Yfirleitt er verið að fylgja umferðarhraða sem er meiri en takmarkanir segja til um, kannski aðeins verið að flýta sér líka. Um leið og löggan sést er hoppað á bremsuna. Ég held því að stundum mælist fólk á minni hraða en það var þegar það sá lögreglubílinn.

Að vísu sýna flestir hraðamælar ögn meira en raunhraða en ég held samt að fólk sé stundum mælt á meðan það er að hægja á sér. Þannig að sá sem var í raun og sann á 120 km hraða mælist kannski á 110. Við það bætast skekkjumörk, sem væru fjórir kílómetrar eftir því sem ég best veit, þannig að bílstjórinn er sektaður fyrir 106 km hraða.

Þetta er í það minnsta mín kenning. Gaman væri að fá hana staðfesta eða hrakta af gamalreyndum lögregluþjóni. En gefum okkur í smá stund að þetta sé raunin. Hugsum svo til átján ára unglingsins sem var mældur á 169 km hraða í vikunni á Vesturlandsvegi. Er séns að hann hafi verið búinn að hægja á sér þegar hann var mældur? Kannski mikið?

Hvað sem því líður þá er það ótrúleg firra að halda að eitt ár undir stýri sé næg reynsla til að stjórna bíl á þessum hraða. Það má segja sem svo að fjórir þættir verki saman við að skapa öryggi eða hættu þegar ekið er hratt. Sá fyrsti er bíllinn. Sé hann góður og vel við haldið eru minni líkur á að hann klikki. Það þarf ekki að þýða að líkurnar á slysi séu minni.

Annar þáttur er vegurinn. Þeir sem hafa gefið sér tíma til að skoða yfirborð íslenskra vega vita að þar eru margar slysagildrur. Að auki eru þeir mjóir og kræklóttir og nánast bjóða upp á útafkeyrslur. Þeir sem hafa keyrt á hraðbrautunum í Þýskalandi skynja hvernig vegagerðin leikur lykilhlutverk í umferðaröryggi. Þar eru vegir meira að segja betur hannaðir til að losa sig við rigningarvatn. Kílómetrinn kostar enda margfalt á við sömu vegalengd hér á landi.

Þriðji þátturinn er umferðin. Sá sem ferðast á öðrum hraða en hinir í umferðinni verður hættulegur öllum sem hann er nálægt OG skapast hætta af þeim á móti. Svo einfalt er það, engar undantekningar.

Þá er einn þáttur eftir og það er bílstjórinn. Í raun má segja að hans þáttur verði aldrei nema brot af jöfnunni þegar aðstæður eru góðar. Það þarf hinsvegar ekki nema örlítið frávik í einhverjum hinna þáttana til að öll jafnan færist yfir á hann og hinir þættirnir verði algjört aukaatriði. Þegar það gerist á 50 km hraða á auðum vegi má oftast bjarga fyrir horn. Á 90 km hraða þarf heilmikla heppni til en á 169 km hraða getur maður gleymt því. Bregðist bíllinn á þeim hraða, einhver úr gagnstæðri átt beygir skyndilega fyrir mann eða veggripið tapast, þá er það einfaldlega ekki á valdi ökumannsins að bjarga neinu. Þó maður sé átján ára.

# Nýr Porsche 911

***Ný forþjöppu- og kælitækni bætir 60 hestöflum við mótorinn.***

Bílabúð Benna frumsýnir um þessar mundir nýjan 911 Turbo. Bíllinn er með 6 strokka vél sem skilar 480 hestöflum og hámarkstogi upp á 680 Nm frá 2100 til 4000 snúningum.



Nýi 911 bíllinn er svipaður forvera sínum í útliti en 60 hestar hafa bæst við í hesthúsið.

Bíllinn er 60 hestöflum aflmeiri heldur en fyrirrennarinn, þrátt fyrir að 3,6 lítra slagrýmið sé óbreytt. Tæknimenn Porsche náðu þessum árangri með nýstárlegri forþjöppu- og kælitækni; túrbínu með breytilegri afkastagetu. Hröðun bílsins eftir þessa breytingu frá 0 upp í 100 km hraða er 3,7 sekúndur á sjálfskiptum bíl með Tiptronic S skiptingu.

Stórmarkaður í stofunni heima
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ

Gabriel höggdeyfar, AISIN kúplingssett, TRISCAN spindilkúlur, stýrisendar, gormar. Drifliðir, drifliðshlífar, ballansstangir. Tímareimar, ökuljós, stefnuljós ofl. Sætaáklæði, sætahlífar á stóla – vatnsheldar fyrir veiðimenn, hestamenn o.fl. Kerruljós, bretti og nefhjól á kerrur. Bílamottur.
GS varahlutir
Sími 567 6744 • Bildshöfða 14 • 110 Reykjavík

CITROËN

Berlingo Van 1,4 75 hö. 5 gíra*
Tilboð dagsins án vsk. 1.168.700 kr.
Fjármögnunarleiga: 20% útborgun, 60 mán.
Mánaðargreiðsla án vsk. 17.834 kr.
Rekstrarleiga 39 mán og 75.000 km. akstur.
Mánaðargreiðsla án vsk. 22.289 kr.



Betri kjör á fjármögnun

Við erum sjálfselsk hjá Citroën. Þær tilfinningar sem fylgja því að hafa tekist að gera enn betur í dag en í gær gefur okkur þann drifkraft fyrirtækjaþjónusta Citroën stendur fyrir. Í það minnsta finnst okkur það.

Enn meira fyrir enn minna

Hagstæðari samningar við framleiðanda; enn betri kjör, enn betri þjónusta og sérútbúnir atvinnubílar fyrir íslensk fyrirtæki styrkir okkur í því að samvinna við aðra og stöðug hugmyndaleit borgar sig alltaf. Komdu í dag.

Samvinna við SP-Fjármögnun borgar sig. Nú getum við boðið betri kjör í þeirra nafni. Komdu endilega til okkar í Brimborg, Bíldshöfða 8 og skoðaðu hvað við getum boðið þér. Kynntu þér kosti og hagkvæmni samvinnu við okkur.

Citroën Berlingo

Dæmi um tilboð sem við gátum ekki boðið í gær
• Betri kjör á fjármögnun frá SP-Fjármögnun
• Hundrað þúsund krónur í beinan afslátt
• Fimmtán þúsund fleiri kílómetrar veljir þú rekstrarleigu
• Mun betri kjör á fjármögnunarleigu
• Mun betri kjör á rekstrarleigu
• Aðeins tuttugu prósent útborgun veljir þú fjármögnunarleigu
• Betri þjónustu í dag en í gær

SP-FJÁRMÖGNUN HF.
SP-Fjármögnun býður í enn betri fjármögnun á Citroën Berlingo

Dæmi um staðalbúnað í Citroën:
· Meiri burðargeta: 800 kg
· Hliðarhurðir beggja vegna með lokunarvörn
· 180 gráðu opnun á afturhurðum
· Topplúga fyrir lengri hluti
· Hiti í sætum
· Geislaspilari með útvarpi og fjarstýringu við stýri
· Rafdrifnar rúður
· Fjarstýrð samlæsing
· Fellanlegt framsæti farþega með borði og geymsluhólfi

Berlingo Van 2,0 HDi 90 hö. 5 gíra*
Tilboð dagsins án vsk.1.317.300 kr.
Fjármögnunarleiga: 20% útborgun, 60 mán.
Mánaðargreiðsla án vsk. 20.163 kr.
Rekstrarleiga 39 mán og 75.000 km. akstur.
Mánaðargreiðsla án vsk. 24.997 kr.

Þetta tilboð gildir meðan birgðir endast.

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.citroen.is

Enn meira fyrir enn minna

Sífellt fleiri Íslendingar velja Citroën. Sérstök hönnun, framúrskarandi tækni og mikil eftirspurn á endursölumarkaði tryggja gæði og hagkvæmni Citroën. Skoðaðu súlumyndina hér til hægri og þú sérð að fleiri og fleiri Íslendingar velja Citroën.

| Ár | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Sala | 23 | 120 | 132 | 256 | 372 | 527 |

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.citroen.is

* Öll verð í auglýsingunni eru án virðisaukaskatts. Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er fjármögnunarleiga með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 60 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 75.000 km akstur á tímabilinu. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL



NÝTT!
Turtle Wax
EXTREME NANO-TECH FORMULA
Bón og hreinsivara
NÝ OG ÖFLUGRI VARNARLÍNA
FRÁ TURTLEWAX
Söluaðilar um land allt
Esso
Bílanaust
... á næstu Esso stöð ... bestir fyrir bílinn þinn
2287 / TAKTIK

# Dráttarbíll ársins í Hollandi

*Subaru Forester er sigurvegari í flokki fjórhjóladrifsbíla í fimmta sinn.*



Subaru Forester fékk hæstu einkunn fjórhjóladrifsbíla í prófunum felli- og hjólhýsatímarits í Hollandi.

Hollendingar eru iðnir við útilegur og þá sérstaklega þegar kemur að notkun ýmissa eftirvagna, svo sem tjaldvagna, fellihýsa og hjólhýsa.

Gefið er út sérstakt tímarit sem fjallar þessa ástríðu Hollendinga, „Kampeer-en Caravan Kampioen“. Árlega eru bílum veitt verðlaun sem þykja standa sig afburðavel þegar kemur að drætti eftirvagna. Subaru Forester 2,0 var sigurvegari í flokki fjórhjóladrifinna bíla og völdu átta dómarar á milli 23 bíla sem kynntir hafa verið frá byrjun seinasta árs. Bílarnir fóru í gegnum strangar prófanir með vagn í eftirdragi og var einnig reynt á bílana við misjafnar aðstæður á vegum. Tekið var tillit til stöðugleika, þæginda og krafts.

Fjórhjóladrif bílsins fékk sérstaklega góða dóma, sem og lárétt Boxer-vél sem skilar bílnum lágum þyngdarpunkti og eykur þar með stöðugleika, veggrip og rásfestu. Þetta er í fimmta sinn sem Subaru vinnur til verðlauna en verðlaun af þessu tagi voru fyrst veitt árið 1991. Einnig má geta þess að árin 2004 og 2005 var Subaru Forester valinn dráttarbíll ársins í Bretlandi í sínum flokki.






Piaggio-vespan á sér langa sögu. NORDICPHOTOS/GETTY

# Vespan vinsæla

*Vespan er er gífurlega vinsæll fararmáti í stórborgum enda létt og meðfærileg. Saga vespunar, allt frá því Piaggio-hergagnaframleiðandinn setti hana fyrst á markað, spannar sextíu ár.*



Piaggio er mikil tískuvara. NORDICPHOTOS/GETTY

„Þetta lítur út eins og vespa,“ sagði Enrico Piaggio, forseti Piaggio-herflugvélaframleiðandans, og átti hann þar við flugutegundina. Þessi fleyga setning sem hrökk út úr forsetanum í undrun var fyrstu viðbrögð hans við litlu vélhjóli sem þá var nýjasta viðbót fyrirtækisins, nafnið festist á vélhjólið undir eins og þar með var vespan fædd.

Árið 1946 var heldur hrörlegt um að lítast á Ítalíu og Piaggio-fyrirtækið, sem hafði nær eingöngu einbeitt sér að hergagnaframleiðslu í stríðinu, var algjörlega lamað. Seinna þetta ár kom vespan í fyrsta skipti á markað og seldist nægilega vel til þess að fyrirtækið lifði af. Tvöþúsund og fimmhundruð eintök seldust fyrsta árið en fjórum árum síðar var salan komin upp í sextíu þúsund eintök og vespurnar farnar að vekja töluverða athygli.

Snjóboltinn fór fyrst að rúlla fyrir alvöru þegar Hollywood fór að sýna vespunni áhuga. Audrey Hepburn og Gregory Peck sáust þeysa um á vespu í kvikmyndinni Roman Holiday frá árinu 1952, salan rauk upp og það ár seldust hundrað þúsund eintök af vespunni. Á næstu áratugum varð vespan tískuvara í Evrópu og Bandaríkjunum og spruttu upp vespuklúbbar úti um allt, í lok áttunda áratugarins höfðu um tíu milljón vespur selst í heiminum. Fjöldi bíla- og vélhjólaframleiðenda fór að framleiða lítil vélhjól sem öll byggja á hönnun upprunalegu vespunar frá Piaggio. Vespan varð útbreidd um allan heim.

Eftir erfitt tímabil í lok tíunda áratugarins sem leiddi næstum því til gjaldþrots fyrirtækisins er Piaggio aftur komið á stall sem leiðandi fyrirtæki í ítalskri gæðahönnun. Hollywood-stjörnur sem venjulega aka um á rándýrum eðalvögnum hafa margar sést aka um á Piaggio-vespum, meðal þeirra eru Marlon Brando, Jerry Seinfeld og Gwyneth Paltrow. Áhugamenn um vespuna geta heimsótt Piaggio-safnið í Pontedera við Pisa en sýningin á safninu hefur meðal annars verið sýnd á Guggenheim-safninu í New York og Pompidou-miðstöðinni í París. Á sýningunni gefur meðal annars að líta frægustu vespu allra tíma, sem sjálfur Salvador Dali hannaði árið 1962 fyrir Piaggio.

valgeir@frettabladid.is



# Breytingar hjá McLaren Mercedes

*Montoya hættir og de la Rosa tekur við sæti hans í liðinu.*



Formúlu 1 kappinn Juan Pablo Montoya hefur sagt skilið við McLaren Mercedes liðið og reyndar Formúlu 1 yfir höfuð. Brottför hans var ákveðin í sameiningu við liðið og samkvæmt fréttum er allt í góðu þar á milli.

Töluvert hefur gengið á innan liðsins að undanförnu og sögusagnir verið uppi um að til stæði að reka Montoya. Til þess kom þó ekki.

Ástæðan fyrir þessum snöggu umskiptum er meðal annars sú að Montoya vill eyða meiri tíma með fjölskyldu sinni, en kona hans á von á öðru barni þeirra í september. Hann er þó hvergi nærri hættur í kappakstri því á næsta ári mun hann keppa fyrir Ganassi í Nascar. Samkvæmt fréttum var það samningurinn við Ganassi-liðið sem kom öllu af stað fyrir Montoya.

Í stað Kolumbíumannsins Montoya mun Spánverjinn Pedro de la Rosa taka sæti í McLaren Mercedes liðinu en hann hefur verið tilraunaökumaður þess um skeið. Auk hans keppir Finninn Kimi Räikkönen fyrir liðið.

Montoya fagnar sigri fyrir hönd McLaren Mercedes á Silverstone í fyrra.
NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

# 38 krónur af eldsneyti

RAUNHÆFUR KOSTUR Í RAFMAGNSBÍLAFRAMLEIÐSLU.

Richard Marks, fyrrum verkfræðingur hjá GM, hefur hannað og smíðað rafmagnsbíl sem kemst 40-65 km á rafmagni sem í Bandaríkjunum kostar jafnvirði 38 króna.

Bílnum er aðallega ætlað að nýtast í íbúðarhverfum og öðrum svæðum þar sem umferðarhraði er ekki mikill, enda er hámarkshraði bílsins í dag takmarkaður við 40 km á klukkustund.

Bíllinn er ný hönnun frá grunni. Marks fékk verkstæði sem sérhæfir sig í smíði kappakstursbíla til að smíða grunninn að bílnum, til að hann líktist ekki „enn einum golfbílnum“. Frumgerð bílsins er vel nothæf, gengur fyrir sex átta volta rafhlöðum og er hávaða- og mengunarlaus.



Rafmagnsbíll Richards Marks er ekki beinlínis straumlínulaga, en hann er vistvænn og hagkvæmur í rekstri.

Næsta skref Marks er að laða að fjárfesta til að gera fjöldaframleiðslu mögulega.












**Ekki gleyma að gera ráðstafanir vegna gæludýranna þegar haldið er í sumarleyfi.** Fáið einhvern til að gæta þeirra eða koma reglulega heim til að líta eftir þeim.


MJÓLKURVÖRUR Í SÉRFLOKKI



HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Skemmtilegur ferðafélagi




Potsdamer-Platz í Berlín.

## Listaborgin Berlín

EXPRESS FERÐIR BJÓÐA UPPÁ HELGARFERÐ TIL BERLÍNAR 27. JÚLÍ TIL 1. ÁGÚST.

Nú gefst þeim sem ekki komust á heimsmeistaramótið í fótbolta tækifæri til að heimsækja Berlín helgina 27. júlí til 1. ágúst. Gist er á 4* hóteli á hinu fræga Alexanderplatz. Boðið upp á skoðunarferð um borgina, siglingu á ánni Spree sem er ógleymanleg upplifun að sögn þeirra sem reynt hafa og ferð til Potsdam torgsins, leikvangs endaloka seinni heimsstyrjaldarinnar. Berlín er mikil menningar- og listaborg með áhugaverð söfn, óperuhús og fjölbreytt úrval tónleika. Einnig jazz og kabarettsýningar, sem borgin er heimsfræg fyrir allt frá tímum Marlene Dietrich á millistríðs- árunum.

## BJÖRGUNARSVEITIR Á HÁLENDINU



Meðal vinsælla ferðamannastaða norðan Vatnajökuls eru Herðubreið og Herðubreiðalindir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## *Norðan Vatnajökuls*

HÆTTULEG VÖÐ OG HVASST GRJÓT

Björgunarsveitin Garðar frá Húsavík var þessa vikuna stödd norðan við Vatnajökul. „Við erum með býsna stórt svæði. Á þessu svæði er til dæmis Askja, Kverkfjöll, Snæfell, Herðubreiðarlindir, Geldingafell og fleira. Það er mikið búið að aka," segir Guðbergur Ægisson björgunarsveitarmaður, sem fer um svæðið ásamt Friðriki Þór Brynjarssyni á stórum Ford Econoline á 44 tommu dekkjum.

„Það er býsna mikið af ferðafólki hér, á bílum, rútum, reiðhjólum og svo gangandi." Þeir félagar hafa haft í nógu að snúast enda mikið af ferðafólki á svæðinu um þessar mundir. „Við erum að þjónusta ferðafólkið, vísa til vegar, aðstoða ef bílar bila eða dekk springa. Það er svipaður straumur hérna alla daga, mest útlendingar, og mesti fjöldinn er við Dreka og við Kverkfjöll," segir Guðbergur en þeir félagar voru einmitt á leið í útkall þegar Fréttablaðið hafði samband við þá.

Garðarsmenn ættu ekki að fara framhjá neinum á stóra bílnum sínum og Guðbergur segir ferðamenn ekki feimna að gefa sig á tal við þá af fyrra bragði til að fá upplýsingar. „Það sem ferðafólk þarf helst að passa sig á á þessu svæði eru vöðin og svo auðvitað vegslóðarnir, það stendur hvasst grjót upp úr þeim hér og þar," segir Guðbergur að lokum. *- elí*



Leiðsögumenn starfa bæði innan borgarmarka og utan.

# Kynning á leiðsögumönnum

***Nýr vefur hefur verið stofnaður í þeim tilgangi að kynna íslenska leiðsögumenn og breikka starfsvettvang þeirra.***

Á vefnum er hægt að fletta upp faglærðum leiðsögumönnum þar sem þeir eru kynntir og þjónusta þeirra. Lára Hanna Einarsdóttir hefur umsjón með vefnum en hana hefur lengi langað til að opna sérstakan vef fyrir leiðsögumenn. „Tilgangurinn með síðunni er að leiðsögumenn geti komið sér á framfæri. Þeir koma úr öllum áttum og það er erfitt fyrir einstaklingana sjálfa að kynna sig. Einnig er tilgangurinn að búa til fleiri starfstækifæri fyrir leiðsögumenn. Til dæmis geta bílaleigur boðið upp á starfskrafta þeirra fyrir viðskiptavini sína. Við erum sannfærð um að miklu fleiri myndu nýta sér bílaleigurnar ef þeir fengju einhvern með sér til að segja sér til og jafnvel keyra með þeim," segir Lára Hanna, sem starfar sjálf sem leiðsögumaður.

Vefurinn er hentugur fyrir fyrirtæki sem koma að ferðaþjónustu, bæði erlend og íslensk, en einnig fyrir einstaklinga. „Það er til alls kyns leiðsögn, til dæmis afþreyingar-, öku- og gönguleiðsögn. Íslendingar ættu að gera meira af því að ferðast um landið og nýta sér þá sérfræðikunnáttu sem leiðsögumenn búa yfir. Það er gaman að fá að heyra þjóðsögurnar sem tengjast landinu og prófa að vera túristi í eigin landi. Einnig geta fyrirtæki sem eru með erlenda gesti á sínum vegum fundið leiðsögumann í gegnum vefinn til að fara í ferðir með gestina. Leiðsögumenn eru miklir áhrifavaldar í íslenskri ferðaþjónustu því þeir benda á alls kyns þjónustu og afþreyingu fyrir ferðamenn. Það eru margir möguleikar fyrir hendi og um að gera að nýta sér þá," segir Lára Hanna að lokum.

Vefslóðin er: www.icelandguide.is.

*erlabjorg@frettabladid.is*


# Í ferðalagið

**Mikið úrval af LCD flatskjám og loftnetum tilvalið í ferðalagið.**




eico SKÚTUVOGI 6 SÍMI 570 4700 • www.eico.is



# 2 fyrir 1 til Ítalíu / Króatíu

19. júlí

frá kr. 19.990



## Aðeins örfá sæti

Nú bjóðum við frábært tilboð á síðustu sætunum til Bologna og Trieste á Ítalíu 19. júlí í 2 vikur. Þú kaupir 2 flugsæti en greiðir aðeins fyrir 1. Gríptu tækifærið og skelltu þér til Ítalíu eða yfir til Króatíu á einstökum kjörum.

**Verð kr. 19.990**

Flugsæti báðar leiðir með sköttum, m.v. 2 fyrir 1 tilboð. Netverð á mann.

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri sími 461 1099 • www.heimsferdir.is



AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ




**Veiðisumarið**

með Stefáni Jóni Hafstein

*Fleiri veiðifréttir og heilræði við veiðar á www.flugur.is.*

## Sjóbleikjan sér um sig

Þessi pistill kemur úr hnjúkaþeynum á norðausturhorninu þar sem könnun á högum sjóbleikjunnar stendur yfir. Hún er tekin að ganga í ánum allt frá Öxarfirði að Héraðsflóa. Merkilegt hve göngumynstrið er ólíkt: Í Brunná í Öxarfirði sést hún ekki fyrr en í júlí, í Lónsá í Þistilfirði kemur hún fyrst í maí, í Hofsá sést hún fyrst um þetta leyti, og í Fögruhlíðará í Héraðsflóa er hún löngu tekin að veiðast. Í Breiðdalnum sitja menn fyrir henni fyrst í maí. En nú má sjá hana á öllu þessu svæði.

Einn mesti sjóbleikjuveiðimaður sem ég þekki er Pálmi Gunnarsson og nutum við samvista í vikunni ásamt stórri göngu af bleikju sem var að ganga í flottan hyl. Við fengum draumaveðrið. Dumbung, logn eða smá vindgáru. Ég stóð ofarlega en Pálmi var að góna á fugla þegar hann sá stóran fugl gera gáru, en sá fugl kom aldrei úr kafi aftur. Ályktunargáfan brást ekki: Fiskur! Við vorum búnir að finn'ana. Þarna komu hringir upp örstutt frá landi, við máttum ekkert vaða. Ég hugsaði með mér að nú yrði gaman. Og það reyndist rétt. En við veiddum ekkert! Næstu þrjá tímana reyndum við allar gerðir af flugum, þurrflugum, lirfum, kúluhausum, minnstu teg-



Silungsveiðin stendur nú sem hæst.

undir sem við áttum í boxinu, fórum niður í grennstu tauma sem mögulegt var að þræða. Bleikjan kom upp og tók með smellum svo undir tók í brekkunum! Þær gerðu pena hringi eins og þegar þær taka lirfu undir yfirborði. Og þær skelltu sér á flugu í gárunni með látum. Og svo komu þær eins og hnísur, með höfuðið fyrst, svo hrygginn og loks sporðinn, og við sáum þær snúa sér á eftir ætinu þegar sólin hellti sólstöfum á hylinn.

Ég hef áður skrifað um dynti bleikjunnar og á vefnum flugur.is er heilmikill fræðilestur eftir okkur Pálma, en það er ljóst að stundum verður maður einfaldlega gjörsamlega kjaftstopp. Við játuðum okkur sigraða og um kvöldið þegar við komum aftur sást hvorki tangur né tetur af fiski. Þegar þessi pistill er skrifaður á föstudagsmorgni er ég nýkominn utan úr á. Frá klukkan 7-9 lægði tvisvar í eina mínútu í hvort skipti. Annars var hífandi hnjúkaþeyr. Um leið og lægði sá ég bleikjur koma upp, og kastaði þurrflugu úr rassendafjöður andar beint á hausinn á fiskinum. Ég tók tvær!

Bið að heilsa öllum vonglöðum sjóbleikjuveiðimönnum og bendi ykkur á heilræðagreinar á flugur.is, það veitir sko ekki af þegar hún er svona!



Til sölu Cherokee árg. '95, 2.5 diesel turbo og intercooler. 35" dekk. Verð 400 þús. stgr. S. 846 3551.



Nissan Terrano '95, ek. 96 þ. ssk., með öllu. Fæst á góður stgr. verði. Uppl. í s. 862 2530.



Nissan micra 99 ekinn 76000 ss. 3d. verð 390.000 kr velamidstod.is simi 840 5735.



Vw caddy 00 ekinn 61000 verð 450000 vagnasmidja.is simi 840 5735.



Suzuki Jimny 99 ekinn 98000 ásettv 690000 sjá velamidstod.is simi 840 5735.



Renult kangoo 98 ekinn 116000 verð 410000 sjá velamidstod.is s. 840 5735.



Toyota corolla 98 módel ekinn 67.000 þús km verð 580.000 uppl.í s.8972073

Til Sölu Polo '96 1400, ek. 135 þ. D.Grænn Verð 280.000 Uppl. 694 7846.

Ford Taurus árg.'93, góður bíll. Uppl. í s. 691 6553.

Nissan 300 ZX Twin Turbo. Árg. '90. Þarfnast lagfæringa. Uppl. í s. 865 1863.

Suzuki Vitara árg. '99 dísel 35" breyttur, þarfnast lagfæringar. Fullt af aukahlutum. 750 þús s. 699 8899.

VW Vento '98, sk. '07. Ný tímareim, sumar og vetradekk á felgum. Ek. 94 þús. Verð 360 þús. S. 846 8540.

Til sölu Subaru Legacy Outback 2.2 '95. Ekinn 176.000 km. Álfelgur, cruise control, airbag, ABS. Uppl í síma 896 5712.

Toyota Corolla árgerð '96 toppbíll í góðu standi flottar græjur fylgja, keyrður 128 þús. verð 300 þ. S. 697 5414.

Frábær bíll. Renault Kagoo árg '01. Sk. án ath.Ekinn 75 þús, rispa hægra megin. Enginn útborgun, yfirtaka á láni. Uppl. í s. 567 5459 & 863 3707.

Til sölu Toyota Avensis 1.6 '98 módel, ek. 141 þ. verð 290 þ. Einnig Honda Civic 1.6 VTi árg. '97, verð 290 þ. Uppl. í s. 868 3069.

Volvo V-70 XC AWD '01, ssk. Með öllu. Litur út sem nýr. V. 2.390 þús. S. 663 2595.

Honda Civic árg. '95 nýsk., ek. 160 þ., verð 170 þús. Uppl. í s. 895 8873.

Nissan Almera '94, ek. 186 þ. Þarfnast lagfæringar. Selst á 60 þ. S. 692 6615.

Til sölu Nissan Sunny árg. '95 skoðaður 06" 4x4 station. Góður bíll. Audi 80 árg '88 skoðaður 06 og einnig 40 ft. gámur. Uppl. í s. 892 0040.

Nissan Micra 2000 til sölu. Vel með farinn. Ek. 88 þús. km. Þarfnast viðgerðar. Tilboð óskast. Uppl. í s. 845 5067.

Toy Corolla L/B árg. 98 ek. 149 álfelgur, spoiler og cd. Skoða skipti á td. Crossara, gokart eða vespu. 899 9377.

## Tjónabíll

Toyota Avensis árg.'99 tjónaður að framan. Selst hæstbjóðanda. Uppl. í s. 844 6074.

## Subaru 4X4

Til sölu Subaru Impressa '97, ek. 170 þ. Vel með farinn. Verð 220 þ. Uppl. í s. 893 3386.

Til sölu Nissan Terrano árg. '91 2.4 L, margt nýtt, nýlega skoðaður, tilbúin í ferðalagið. Verð aðeins 160 þús. stgr. Uppl. í s. 897 9252.

## 0-250 þús.




Pyle.is er með fulla búð af græjum í bílinn þinn. Gerðu verðsamanburð. Sendum út á land. Pyle.is S. 893 1994, Pyle@Pyle.is



Til sölu '87 árgerð af Cherokee. 4 l mótor, vel með farinn. 3 eigendur. Staðsettur á Egilsstöðum. Uppl. sími 864 1185.



Til sölu. Nissan Sunny 1600 árg. '94, ek.156 sk. '07 án aths. Finn bíll. v. 130 þ. stgr. Uppl. í s. 698 0105.



Opel Astra 1997, ekinn 164 þús. Skoðaður 2007. Uppl. í síma 898 2881.



Renault Megané '99 Góður bíll. Gott verð 143 þús. km. 250.000 kr. S/v-dekk. 1600cc. Skoðun til 08-07. s. 899 6147.



Til sölu Toyota Lc 120 árg 02/06 ekinn 12 þ. km 35" breittur ssk., 5 gíra. Verð 5890 þús. áhvílandi 3,7 milj. Uppl. síma 892 9673.



Honda Civic '91, ek. 180 þús. Bíll í ágætu standi. CD-spilari. Fæst ódýrt. S. 849 1827.



Opel Astra 95 beinsk. ek. 206 þús. km. Ásett v. 160 þús. Tilboð 80+ 26 þús. lán eða 100 þús.Uppl. í s.861 7224.



Toyota Yaris, árg. 2004, ek. 19000. 5 dyra, beinskiptur. Verð 1050 þús. Uppl. í síma 695 5582.



Tilboð! Fiat Marea Weekend station, árg. 98, sjálfskipt nýsk. o7 ekinn 125.000 km einn eigandi. Verð aðeins 199.000 staðgreitt. s. 691 1001.



Lancer'98 4x4 m/dr. krók til sölu, áhvílandi 200 þ. uppl. í síma 690 0770.



Gullmoli til sölu. Árg.' 93 af Clio. 1400 vél. Ek. aðeins 76 þús. Fjarlæsingar, rafmagn í rúðum, hiti í sætum, vetrardekk á felgum. Pessi á 10 góð ár eftir.Verð 199 þús. Uppl. í s. 699 1868.

Til sölu er Vw Golf station 1400. Beinsk. Árg 12/1996. Ekinn 127 þ. Góður og ódýr bíll. Verð 150 þ stgr. 848 0944

Subaru Legacy 1,8 árg '91, ek. 190 þús., ssk., sk. '05, sumardekk/vetrardekk. Þarfnast smá hjúkrunar. Verð 80 þús s. 699 4352.

MMC Pajero árg. '91 ekinn 195 þ. km. Nýskoðaður. Verð 290 þús. Uppl. í s. 694 5573.

VW Caddy til sölu. Árg. '98 Verð 200 þús. Uppl. í s. 823 8711.

Toyota Corolla '94 keyrður 174.000 Sk. '07 Selst ódýrt. S. 699 1610.

Til sölu Toyota Corolla árg.'92. 4X4. Verðhugmynd 90-95 þús. Uppl. í s. 843 0639.

Hyundai Accent árg. '98 ek. 82 þ.km nýskoðaður bíll í topp standi. Uppl. í s. 898 1131 & 690 6288.

Til sölu Subaru Legacy STW árg.'92 Ssk, ek 136 þús. mílur, Sk.'07. Toyota 4runner. árg.'92 Bsk. Ek. 186 þús. km. Sk.'07. Uppl. í s. 899 6633.

Toyta Corolla '93 fæst gefins, gegn því að vera sótt. Gangfær og sk. '07. Lítið ryðgaður, nýleg tímareim. Á sama stað til sölu ódýr Chesterfield-leðursófi. Ágúst s. 899 4612.

Til sölu Volvo S40 árg. '97, viðgerður tjónabíll. Nýskoðaður og selst fyrir lítið. Uppl. í s. 696 4950.

## 100 þúsund

Opel Astra station '94, blár, ssk., sk. 07. Góður bíll í góðu standi. Uppl. í s. 696 0016.

## 120 þúsund!

Opel Astra station '97, rauður, bsk., sk. 07. Uppl. í s. 6960016.

Nissan Primera '97, ssk., þarfnast smá lagfæringar. Uppl. í s. 586 1800 & 864 6318.

Toyota Touring '98 4x4 tilboð 220 þús. Uppl. í s. 820 5155.

Toyota Corolla árg. '96, 4ra dyra, þarfnast lagfæringa. Verð 80 þús. Uppl. í s. 869 9330.

Til sölu MMC Pajero 2,5 dísil árg. 88. 7 manna nýskoðaður. Auka vél getur fylgt með verð 120 þús. Uppl. í síma 899 4697, 557 4661.

4 nýsk. og eyðslug. Renault 19 1400 '95, ek. 130 þ. 119 þ. stgr. Renault 19 1400 '93, ek. 170 þ. 79 þ. stgr. Opel Corsa 1200 '95, ek. 177 þ. 79 þ. stgr. Geo Metro (Suzuku Swift) 1000 '95, ek. 152 þ. 59 þ. stgr. S. 821 7898.

## 250-499 þús.



VW Golf GL 1600 árg. '97, sjálsk., ek. 65 þ. Verð 350 þús. Uppl. í s. 892 3532.



## Algjör gullmoli!!

Til sölu mjög vel með farinn BMW 316 árg. '92, ekinn 173 þúsund. Vetrardekk og sumardekk á felgum. Eyðslugrannur!! Verð 280 þ. Uppl. í síma 898 6016.



## 220 þús. kr. afsl.

Til sölu Subaru Impreza 4x4 '99 1600 vél, ek. 136 þús. Ásett verð 600 þús. Selst á 380 þús. Uppl. í s. 564 3850, 534 2555 & 694 7621.



VW Polo 1400 árg. '99, ek. 88 þ., 5 d., 5 g., ný tímareim og púst, vökvast. álfelgur, sumar/vetrardekk á felgum, nýskoðaður. Verð 420 þ. S. 848 1403.



Toyota Camry V6 1992 ekinn 184.000. Einn með öllu, leður, lúga, ac, cruise, magazine, þjófav.+ fjarstart o.fl. Mikið endurnýjaður. sk 07 án ath. Uppl. 690 9900.



Toyota Corolla árg. '95 ek. 142 þús. km. Sjálfsk. Sumar- og vetrard. Ný skoðaður. Í topp standi. Verð aðeins 290 þús. kr! Uppl. Elín í síma 893 5036 e.kl 18.

Til sölur er Nissan Almera 1.6. Árgerð '98. 5 dyra. Ekinn 160 þús. CD. Verð 390.000 kr Uppl. í s. 866 9543.

Til sölu Volvo station 850 árg. '93, mikið endurnýjaður. Tilboð óskast. Uppl. í síma 695 9542.

## Tilboð 370 þús!

Til sölu Hyundai Sonata árg. '98, ek. 88 þús., 2,0, ssk. Upplýsingar í s. 899 4275.

BMW 730 árg. '93 ek. 194 þús., sk. 07, 2 álfelgugangar, lítur vel út v.499 þ. simi 659 8238.

## 500-999 þús.



Toyota Carina E, nýsk., MP3, bsk. Ek.163 þ. 17" króm, verð tilboð óskast simi 866 0759.



GR. Cherokee E 4,0 LAR. Verð 790.000, vel með farinn og góður bíll. Ekinn 140 þús. Ssk., rafm. í öllu. Einn eigandi á undan núverand. Fyrst skráður hér 1998. Skipti á ódýrum bíl hugsanleg. Uppl. í síma 899 5035.



Toyota Yaris T-sport! 02' ek. 71. þús. Nánari uppl. í s. 849 0057 & 824 5150.



VW Passat 1.6 sjálfsk. árgerð '98 ekinn 139 þ. Ný skoðaður og í góðu ástandi. Listaverð 640 þ. ásett 500 þ., 200 þ. kr lán getur fylgt. Ath. skipti á ódýrari. S. 847 2465.

## TIL SÖLU



**Starcraft Pine Mountain 800** Camperhýsi árg.2005 Sturta/WC ofl V:1.190.þús Tilboð:1.050.þús stgr. Uppl:461-2525 / 895-2525 www.bilasalinn.is



**Adria Adora 502** UK árg.2006 gólfhiti, kojur, ísskápur, wc, 12v, ofl Uppl:461-2525 / 895-2525 www.bilasalinn.is



**BMW 525 ID** 2,5 dísel turbo Interc. Skr.12/'02 ek.88.þ.km ssk, leður, spólv/skriðv., a/c, webasto miðstöð, ofl Áhv. kr.3.300.þ./60.þ. V.3.700.þús. Uppl:461-2525 / 895-2525 www.bilasalinn.is



**Nissan Navara** 2.5 DTI skr.4/'00 ek.119.þ.km bsk, 38" br., 240 ltr tankur, loftlæs., lækkuð hlutföll ofl ofl Uppl:461-2525 / 895-2525 www.bilasalinn.is



**Jaguar XJ-6** Vanden Plas Majestic árg.'90 ek.76.þ.m. ssk, leður, rafmagn í öllu, ofl ofl V:690.þús Uppl:461-2525 / 895-2525 www.bilasalinn.is



**Skoda Oktavia** L&K 4x4 Turbo skr.4/'04 bsk, 16ïálf, leður, sóll., hraðast., a/c, aukafelgur/dekk áhv. ca.1.600.þús/26.þ. V.2.000.þús. Uppl: 461-2525 / 895-2525 www.bilasalinn.is



**Subaru Forester Luxury** 2.0 skr.3/'04 ek.35.þ.km ssk, álf, krókur, a/c, sóll ofl Uppl:461-2525 / 895-2525 www.bilasalinn.is



**Peugeot Boxer 2.5** dísel 320 langur árg.1998 ek.179.þ.km, bsk, ek.20.þ.km á vél V:890.þús Uppl:461-2525 / 895-2525 www.bilasalinn.is

bílasalinn.is

## BÍLAR TIL SÖLU

Lúxusbíll!

M.Benz 320

'99árg, 7manna, Reyklaus, leður, dráttarkúla og farsími.

Ekinn 100 þús.

Innfluttur frá Þýskalandi.



Upplýsingar í s. 895 5421 og 565 9788.

## TILKYNNINGAR









Ódýrir og stórir maðkar til sölu! Silungs og laxa. Margra ára reynsla. S. 692 5133.

## Hestamennska

Til sölu 5 vetra gæfur myndarlegur foli, bandvanur. Mf. Adam frá Meðalfelli. Uppl. í s. 557 7160 og 693 2923.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

2ja herb. 67 fermetra íbúð á besta stað í Smáranum. Góðar suðursvalir. Helst reyklaus. 95 þús. á mán + ljós og hiti. 3 mánaða tryggingafé á bók. Reglusemi og góð umgengni áskilin. Laus 1 águ. Uppl í s. 892 8285.

Íbúð til leigu á Costa Blanca ströndinni á Spáni. Golf og Strönd innan seilingar ásamt mörgu öðru. Uppl. í síma 557 8124 0g 822 8773 eða á síðu.http://puntaprima.blogspot.com.

Rúmgóð 2ja herb. íbúð sem ný á sv. 111, sérbýli. Uppl. berist Fréttablaðinu merkt "Frábært útsýni" fyrir kl. 13.00 þann 17.07.

3 herb. íbúð í Kóp., leigist í 3 mán. í senn. Uppl. í s. 897 5568.

Íbúð til leigu í Vesturbænum með húsgögnum. 84 fm. Uppl. í s. 848 6088.

Falleg 3ja herbergja íbúð á eftstu, 3.hæð, með S-svölum og útsýni í 101Rvk. Leiga 97.000. Laus strax. Frekari uppl. í 696 6274.

2ja herbergja 75 fm kjallaraíbúð til leigu í Mosfellsbæ. Sérinngangur, laus strax. Uppl. í s. 557 2806, 862 1523 & 849 7532.

3 herbergja 82 fm aukaíbúð í einbýlishúsi í austurbæ kópavogs. 92 þús. á mánuði, 2 mán. fyrirfram sem trygging, eingöngu reglusamir og reyklausir. Uppl. í s. 554 4751 milli 17-19.

## Húsnæði óskast

Reglu manneska í góðu starfi vantar góða 2. herb. íbúð á svæði 111 frá og með 15 ágú. Langtímaleiga, skilvísum greiðslum lofað. Uppl. í s. 848 1538 & 453 5094.

25 ára tónlistanemi utan af landi óskar e. herb. m. aðg. að wc og eldunaraðst. á sv. 108 eða nágr. Tryggvi s. 847 0917 e. 19.

Par óskar eftir herbergi/stúdíóíbúð miðsvæðis, helst nálægt Hlemmi á verðbilinu 40-90 þús. S. 690 3882.

Ungt par óskar eftir 3-4 herb. íbúð til leigu miðsvæðis í RVK sem fyrst. Skilvísum greiðslum og reglusemi heitið. Heiða, s. 867 4521 & Ingi, s. 659 2959.

Hjálp, mér vantar íbúð! Óska eftir 4 herb. íbúð, helst í Hafnarfirði eða Vogunum og Vatnsleysu. Uppl. í s. 865 1863.

Halló!! Ég er 16 ára stelpa utan af landi og er að fara í skóla í Grafarvogi. Mig vantar herbergi eða Stúdíóíbúð sem fyrst. Áhugasamir hafi samband í s. 845 6933, Þuríður.

Óska eftir að taka á leigu íbúð, 2.-3. herb. í ca 6 mán. Fyrirfram greiðsla. Uppl. í s. 895 8763.

Reglusamt par um 30 óskar eftir 3 herb. íbúð á leigu. Uppl. í s. 695 9543.

Vantar 2-3 herb. íbúð til leigu, helst í Kóp. eða Hfj. Skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 868 6169.

Fjölskylda óskar e. 4-5 herb. íbúð til leigu til lengri tíma á svæði 104 eða nág. sem fyrst. Vinsamlega hafið sambandí í s. 848 4301.

Ungt par norður í landi hyggst flytjast búferlum í höfuðborg Íslands með haustinu. Okkur bráðvantar að fá leigða litla tveggja herbergja íbúð. Fyrifram sem og skilvísum greiðslum heitið. Nánari upplýsingar í síma 863 5591 (Birgitta) og 89 42040 (Arnar).

Óska eftir að leigja húsnæði á Eyrabakka eða Stokkseyri, uppl. í s. 692 7292.

## Sumarbústaðir




Garðhúsgögn, Heitir pottar og Kamínur. Auðbrekka 6, 200 Kóp, NORM - X S. 565 8899 www.normx.is



Til sölu ca 28 m2 sumarhús til flutnings. Upplýsingar á matmálstímum í síma 451 1179.



Til sölu er 16,5 m≤ gestahús / sumarbústaður. Húsið er nú staðsett í Biskupstungunum Sjá nánar á www.islandia.is/guddi/gestahus sími 898 1015.






Til sölu rafmagnspottur. Hot Spring Prodigy með perlulitri skel. 5 manna með 7 litum í ljósi og öflugu nuddi. Einangrað lok og klórefni fylgja með. Einn með öllu, snilldargræja. Hægt að hafa max 42° hita á vatninu. Var keyptur um jólin 2005 kostar nýr um 600.000 kr.Fæst á 530.000 kr. www.hotspring.com. Uppl. í síma 847 5214.

### Ótrúlegt verð

Smíðum flestar gerðir sumarbústaða og heilsárshúsa. Gerum tilboð p. m2. Getum einnig tekið að okkur grunna o.fl. Uppl. í s. 893 9902, Steini & 849 8785, Rafn.

Vandað sumarhús tilbúið til fluttnings, 65m2 + 20m2 svefnloft. Húsið er fullbúið að utan, fokhelt að innan. Verð 6.800.000. S. 898 0880.

Þrjár lóðir undir sumarhús til sölu, eignarland í landi Búrfells í Grímsnesi. Verð á lóð 3.000.000. S. 898 0880.

## Atvinnuhúsnæði

Reglusamur nær reyklaus orgelkvartett óskar eftir húsnæði til æfinga. S. 867 6836.

## Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 19 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

## Gisting

Gistiheimili Halldóru Hvidovre/Köben. Ódýr og góð gisting. www.gistiheimilid.dk 0045 2460 9552.

Gisting á Djúpavogi, íbúð til leigu í viku eða um helgar. Góð staðsetning 45 mín á Egilstaði. Uppl. í s. 892 0066.

Ódýr gisting Tvö tveggja manna herb. til leigu á svæði 203. Náttúrufegurð og rólegheit. Verð 5.000,- per. herbergi. Uppl. gefnar í síma 863 8733.






**Er fasteignin þín ekki í mest lesna fasteignablaðinu?**

Þegar hægist um á fasteignamarkaði er mikilvægara en nokkru sinni að auglýsa á besta staðnum. **Samkvæmt nýjustu könnun Gallup* lesa 40% fleiri Íslendingar á aldrinum 25–49 ára Allt-fasteignir en Fasteignablað Morgunblaðsins.** Vertu viss um að eignin þín nái athygli sem flestra!

*Samkvæmt könnun Gallup, maí 2006

FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Mothers and Others!**
Help needed! -Part time $500 - $2000 -Full time $2000 - $8000 - Full training www.123ibo.com
**www.123ibo.com**

**Galileó**
Pizzamakers - assitance in kitchen an chef's wanted. Day and night shifts. Good salary for the right people.
**Information Helgi í s. 820 4381.**

**Glaumbar auglýsir**
Glaumbar auglýsir eftir barþjónum, aðstoð í sal. Góð laun í boði fyrir duglega einstaklinga.
**Allar nánari upplýsingar í síma 896 8596 eða á staðnum eftir kl. 19.**

**Bakaríið hjá Jóa Fel**
Bakaríið og sælkeraverslun Jóa Fel Kleppsvegi og Smáralind, óskar eftir hressu og duglegu fólki í afgreiðslu.
**Uppl. fást hjá Lindu í síma 863 7579 eða á staðnum. Bakaríið Hjá Jóa Fel, Kleppsvegi 152 og Smáralind.**

### Næturvaktir

Vantar traustan, samviskusaman og duglegan starfsmann í afgreiðslu á næturvaktir. Unnið er 2 dagar aðra vikuna og 5 dagar hina en aldrei fleirri en 3 dagar í einu. Ekki yngri en 20 ára Umsóknareyðublöð á staðnum eða í síma 820 0065 milli kl 17 og 19 Á Stöðinni Reykjavíkurvegi 58 stodin@hn.is




Veitingahúsið Tveir Fiskar við Reykjavíkurhöfn óskar eftir starfsfólki í sal og eldhús, vinsamlega hringið í síma 691 0339 fyrir kl. 19:00 alla daga. ( Árni )

### Járnsmíði

Óskum eftir mönnum vönum járnsmíði og astoðarmönnum. Upplýsingar í síma 692 8091.

Veitingarst. Rosso Pomodoro vantar pizzabakara í fullt starf. Uppl. í s. 893 7599.

Vélstjóri ókar e. vinnu til sjós eða lands frá og með 1 sep. Uppl. sendist Fbl. merkt "vélstjóri".

### Sumarvinnna

Óskum eftir duglegu fólki í garðvinnu. Með bílpróf á aldrinum 17-25 ára. Stundvísi og áreiðanleiki skilyrði. Umsóknir á www.gardlist.is

Mest óskar eftir starfsmanni í kranaþjónustu fyrirtækisins. Mikil vinna framundan og góð laun í boði. Uppl. gefur Hallgrímur í síma 825 0772

### The Deli Bankastræti

Aðstoðar rekstrarstjóri, matreiðslumaður, framtíðarstarf, The Deli Bankastræti. Umsóknir sendid á deli@deli.is

Hraustur einstaklingur óskast í næturáfyllingu í matvörubúð á Stór-RVK svæðinu. Uppl. á umsjon@visir.is

Vantar smiði og yfirsmið í mótauppslátt, þak og fleira á svæði 105, einnig nokkra verkamenn. Uppl. Sigurjón í síma 899 5660 og 551 6200.

Málarar eða starfsmenn vanir málningarvinnu óskast. Uppl. í s. 893 2385.

### Atvinna atvinna

Vantar deildarstjóra og lagermann í Rúmfatalagerinn Holtagörðum. Góð laun, góður vinnutími fyrir gott fólk. Hafið samband við Njál í síma 820 8001 eða á staðnum, Rúmfatalagerinn Holtagörðum.

Video sjoppa, video starfsfólk óskast í videoleigu og sjoppu vaktavinna og hlutastörf uppl. í síma 897 3678 & 551 1525.

### Vörubifreiðastjóri og gröfumaður

Vörubifreiðarstjóri og gröfumaður óskast, góð laun í boði. Uppl. í s. 693 2607 & 893 1791.

## Atvinna óskast

Kk. 40 óskar eftir framtíðarvinnu á höfuðborgarsvæði allt kemur til greina, er ýmsu vanur (reyklaus) upplýsingar í gsm 696 0048 olajon@simnet.is get byrjað strax.

# BORGIN: MÜNCHEN



München er höfuðborg Bæjaralands og stendur hún í rúmlega fimm hundruð metra hæð yfir sjávarmáli skammt frá rótum Alpanna. Í borginni búa um 1,3 milljónir manna en í heildina búa um 2,7 milljónir manna búa á svæðinu í kringum borgina.

Eftir seinna stríð var borgin, líkt og aðrar þýskar borgir, ein rjúkandi rúst. Mikil uppbygging hófst um þetta leyti í borginni og til marks um það hélt borgin sumar Ólympíuleikana árið 1972. Í tilefni af þeim var Ólympíuleikvangurinn reistur en þar til í fyrra var hann heimavöllur knattspyrnuliðsins Bayern München. Nýr glæsilegur leikvangur sem ber nafnið Allianz hefur nú tekið við hlutverki hans.

Í dag er borgin evrópsk menningarborg, miðpunktur borgarinnar er án efa hið fallega torg Marienplatz sem löng göngugata sem iðar af mannlífi liggur í gegnum. Ráðhús borgarinnar gnæfir mikilfenglega yfir Marienplatz. Oktoberfest er haldið á hverju hausti í Bæjaralandi og stendur hátíðin yfir í tvær vikur. Hringekjur og bjórdrykkja eru aðalatriðin á þessari frægu hátíð. München er mjög þægileg og skemmtileg borg á frábærum stað í Suður-Þýskalandi.


# GLÓÐinn

**Viltu hafa hann mjóann, stuttan, sveran eða stóran?**
**Skiptir ekki máli allur Kjörís í brauðvormi á 150kr.**





## VISSIR ÞÚ...

...Að læknirinn Humprey Arthure fjarlægði stærsta gallstein úr manneskju, þegar hann tók 6,29 kg gallstein úr áttræðri konu á Charing Cross sjúkrahúsinu í London, 29. desember 1952?

...Að mesti mannfjöldi sem hefur í sömu andrá sett upp gleraugu, skegg og nef að hætti Groucho Marx er 937? Þettu gerðu nemendur og kennarar við East Lansing menntaskólann í Michigan, 23. maí 2003.

...Að Indverjinn Om Prakash hefur verið lengst manna í kyrrstöðu? Hann stóð grafkyrr í 20 klst., 10 mín. og 6 sek. í Allahabad dagana 13.-14. ágúst 1997.

...Að stærsta hauskúpa sem læknisfræðilegar heimildir geta um var af fötluðum manni, en rúmmál hennar að innanverðu var 1.980 cm³? Hjá flestu fólki er hún á bilinu 950-1.800 cm³.

...Að Perúbúinn Fulvia Celica Siguas Sandoval, sem fæddist karlmaður, hefur undirgengist flestar skurðaðgerðir til að líkjast konu? Fulvia hefur farið í 64 aðgerðir en af þeim tengjast 25 þeirra andliti og hálsi hennar.

...Að Mingó, sem er af Maine coon-kattarkyni og býr í Turku á Finnlandi, mældist með lengstu veiðihár katta? Þau voru 17,4 cm þegar þau voru mæld 30. júlí 2004.

...Að Bretinn Brian Duffield sló met í hraðasta laukáti þegar hann hámaði í sig 212 g skrældan hráan lauk á einni mínútu og 32 sekúndum? Þetta gerði hann í sjónvarpsþætti Pauls O´Grady í London Television Centre, þann 17. nóvember 2004. Lágmarksþyngd lauks er 210 g til að laukátsmet sé talið gilt.

...Að „vampyroteuthis infernatis", sem þýðir bókstaflega vampírukolkrabbi frá helvíti, er hlutfallslega séð með stærstu augu í heimi? Skepnan, sem hefst að á 600 metra dýpi á hafsvæðum hitabeltisins, verður sjaldnast lengri en 28 cm en augun verða hins vegar 2,5 cm í þvermál, sem er 1/11 af heildarlengd dýrsins. Þetta jafngildir því að mannskepnan hefði augu á stærð við borðtennisspaða!

...Að stærsta bjórhátíð í heimi var 18. september til 15. október 1999, þegar sjö milljónir manna sóttu oktoberfest, árlega bjórhátíð í München í Þýskalandi? Gestir slógu líka met í bjórdrykkju, þegar 5,8 milljónir lítra af bjór höfðu horfið ofan í þá, á tjaldsvæði sem jafnaðist að stærð á við 50 fótboltavelli.

...Að vinsælasta framleidda kvikmynd í flokki vísindaskáldskapar, er Star Wars I: The Phantom Menace? Myndin halaði inn 60.003.893.560 kr.

...Að Barrett Christy frá Bandaríkjunum hefur unnið flest snjóbrettaverðlaun allra kvenna á X-leikunum? Hún hefur unnið alls tíu verðlaun.




REYKJAVÍK SÍÐDEGIS
16-18.30 ALLA VIRKA DAGA

HLUSTAR ÞÚ Á VINSÆLUSTU ÚTVARPSSTÖÐ LANDSINS?
Bylgjan er vinsælasta útvarpsstöð landsins skv. nýjustu fjölmiðlakönnun Gallup. Það eru sérlega ánægjuleg tíðindi á afmælisárinu sem eru okkur hvatning til frekari afreka.

BYLGJAN 20 ÁRA
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

VÍSINDAVEFUR HÁSKÓLA ÍSLANDS

# Er einhver munur á hunangsflugu og býflugu?

Það virðist vera algengur misskilningur að býfluga og hunangsfluga séu eitt og hið sama. Svo er þó ekki heldur eru býflugur (Apis mellifera) og hunangsflugur (Bombus sp.) tvær ættkvíslir innan býflugnaættarinnar (Apidae). Umfjöllunin hér á eftir á fyrst og fremst við um hunangsflugur þar sem býflugur lifa ekki villtar á Íslandi, en þó má taka fram að lífsferill býflugna og hunangsflugna er mjög svipaður.

### Bú í jörðu

Hunangsflugur eru æðvængjur (Hymenoptera). Þær eru félagsskordýr og mynda bú sem í eru tvær kynslóðir: Móðir (drottning) og dætur hennar sem þjóna búinu (þernur). Ólíkt býflugum sem gera sér stór bú ofanjarðar, þá gera hunangsflugur bú sín í jörðu. Bú hunangsflugna eru ekki varanleg eins og bú býflugna og gera drottningarnar ný bú á hverju vori.

### Drottningin í dvala yfir veturinn

Lífsferill allra hunangsflugnategunda er svipaður. Drottningin lifir í dvala yfir veturinn eftir að hafa makast við karldýr. Strax og hún vaknar gerir hún lítið bú í holu í jörðinni, oft undir steini eða í veggjarholu. Hún safnar æti fyrir afkvæmi sín, blómasykri sem breytist í hunang eftir að hafa verið geymdur í meltingarvegi flugunnar, og frjókornum sem eru prótínrík fæða fyrir vaxandi lirfur.

### Hlutverk þernanna

Úr frjóvguðum eggjum klekjast kvendýr. Vegna svokallaðra ferómóna, boðefna sem móðirin gefur frá sér, verða kvendýrin ókynþroska þernur. Þessar þernur taka við störfum í búinu og lifa í um 30 daga. Þernurnar sjá um að stækka búið, gera hirslur fyrir lirfurnar, safna fæðu og færa í búið, og fæða lirfurnar. Búinu er skipt í hirslur sem gerðar eru úr vaxi sem þernurnar framleiða í kirtlum. Sérstakar hirslur eru gerðar til að geyma hunang, aðrar fyrir frjókorn og enn aðrar til að ala í lirfur.

### Karldýr og nýjar drottningar verða til

Á haustin þegar drottningin er búin með sæðisforðann frá seinasta hausti verpir hún ófrjóvguðum eggjum sem verða að karldýrum. Máttur boðefna drottningarinnar dvínar á haustin og að lokum deyr hún. Á haustin verða því bæði til karldýr og kvendýr sem þernurnar gefa kjarnríkari fæðu. Ólíkt þernunum verða þessi kvendýr kynþroska og því myndast ný kynslóð af drottningum. Þær makast við karldýr og geyma sæðið fram á næsta vor til að frjóvga eggin. Að mökun lokinni leggjast þær í dvala í holu í jörðu, en karlarnir og þernurnar drepast. Næsta vor byrjar ung drottning á að byggja nýtt bú og lífsferillinn endurtekur sig.

### Þrjár tegundir hunangsflugna á Íslandi

Á Íslandi eru þrjár tegundir hunangsflugna: Móhumla (Bombus jonellus), sem sennilega hefur verið hér frá ísaldarlokum, húshumla (B. lucorum) og garðhumla (B. hortorum).

Hunangsflugur lifa eingöngu á afurðum blóma og sjást því oft í blómskrúði. Móhumla sækir lítið í þéttbýli en er á víðavangi um allt land og sækir fæðu sína í víðirekla. Hún fær frjókorn úr karlreklum og blómasykur úr kvenreklum. Einnig sækja þær í ýmsan annan gróður, svo sem bláberjalyng, blóðberg og hvítsmára.

Garðhumla nam land um 1960 og var í þéttbýli á Suður- og Vesturlandi. Hún er miklu stærri en móhumla og tungulengri og getur sótt blómasykur í stór garðablóm. Húshumla nam land árið 1979. Hún er einnig miklu stærri en móhumla og lifir mikið í þéttbýli, en er ekki eins matvönd og garðhumla og hefur dreift sér um landið. Eftir að húshumla nam land hefur garðhumla næstum horfið og finnst núna aðeins einstöku sinnum á höfuðborgarsvæðinu.

### Ágætis flugdýr

Þó að hunangsflugur séu stórar þá eru þær ágætis flugdýr. Þær eru alsettar hárum og sýnast því búkmeiri en þær eru í raun. Þær hreyfa vængina mjög títt þegar þær fljúga, en til þess að þær geti gert það þurfa þær að hita upp líkamann áður en þær taka á loft. Þær sjást því oft í sólbaði utan við búin á morgnana og drekka í sig hitann af sólarljósinu en flugvöðvarnir þurfa að ná 32° C áður en þær hefja sig til flugs. Þegar hunangsflugur fljúga heyrist suð í vængjunum en vænghreyfingarnar (suðið) nota þær meðal annars til þess að fella frjókornin af frævlum og eru margar plöntur háðar slíkri „suðfrævun“ til að fjölga sér.



**HÚSHUMLA (BOMBUS LUCORUM)**
Ein þriggja tegunda húsflugna á Íslandi.

### Flókið samskiptakerfi

Flugur af býflugnaætt, svo sem hunangsflugur, hafa flókið samskiptakerfi sem þær nota til að koma upplýsingum á milli þernanna. Þetta samskiptakerfi byggist á boðefnum sem flugurnar gefa frá sér, sérstökum hreyfingum og ýmiss konar annarri hegðun. Á þann hátt geta þernur komið skilaboðum hver til annarrar um hvar fæðu sé að finna og varað við hættu frá rándýrum, sem oftast eru fuglar.

Drottningar og þernur hafa sting sem er umbreytt varppípa. Þennan sting nota þær til að verja búið eða þegar þær verða fyrir áreiti. Við þetta brotnar stingurinn af þannig að flugan deyr fljótlega á eftir, en fórnarlambið hefur þá lært af sársaukanum að svona flugur er betra að láta í friði.

*Gísli Már Gíslason, prófessor í líffræði við HÍ*

Vísindavefur Háskóla Íslands fjallar um öll vísindi, hverju nafni sem þau nefnast. Að jafnaði birtast þar 15-20 ný svör í hverri viku. Meðal spurninga sem glímt hefur verið við að undanförnu eru: Hvað þýða litirnir í finnska fánanum, hver er uppruni orðsins dauðafæri sem til dæmis er notað í fótbolta, á hvaða aldri fara börn venjulega að sofa í sérherbergi og hvernig er best að bera sig að, hvaða land í Norður-Evrópu er bæði stærst og fjölmennast og myndu vísindin staðna ef háskólanemar þyrftu ekki að læra um 2400 ára gamla heimspekinga? Hægt er að lesa svör við þessum spurningum og fjölmörgum öðrum á slóðinni www.visindavefur.hi.is.









**Er fasteignin þín ekki í mest lesna fasteignablaðinu?**
Þegar hægist um á fasteignamarkaði er mikilvægara en nokkru sinni að auglýsa á besta staðnum. **Samkvæmt nýjustu könnun Gallup* lesa 40% fleiri Íslendingar á aldrinum 25–49 ára Allt-fasteignir en Fasteignablað Morgunblaðsins.** Vertu viss um að eignin þín nái athygli sem flestra!
*Samkvæmt könnun Gallup, maí 2006

FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið




SKEIFAN / BÍLDSHÖFÐI / HRINGBRAUT / BREIÐHOLT / NORÐURBRÚN / HVALEYRARBRAUT / MOSFELLSBÆR / SELFOSS / VESTMANNAEYJAR / ÞORLÁKSHÖFN

| SKEIFAN | | BÍLDSHÖFÐI | | HRINGBRAUT | | BREIÐHOLT | | NORÐURBRÚN | | HVALEYRARBRAUT | | MOSFELLSBÆR | | SELFOSS | | VESTMANNAEYJAR | | ÞORLÁKSHÖFN | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| virkir dagar | 11-19 | virkir dagar | 11-19 | virkir dagar | 11-19 | virkir dagar | 11-21 | virkir dagar | 11-21 | virkir dagar | 11-21 | Allir dagar | 12-23 | virkir dagar | 11-19 | virkir dagar | 11-19 | virkir dagar | 11-19 |
| laugardagar | 11-19 | laugardagar | 11-19 | laugardagar | 11-19 | laugardagar | 11-21 | laugardagar | 11-21 | laugardagar | 11-21 | | | föstudagar | 11-20 | laugardagar | 11-19 | laugardagar | 11-19 |
| sunnudagar | 12-18 | sunnudagar | 12-19 | sunnudagar | lokað | sunnudagar | 12-21 | sunnudagar | 12-21 | sunnudagar | 12-21 | | | laugardagar | 11-19 | sunnudagar | lokað | sunnudagar | lokað |
| | | | | | | | | | | | | | | sunnudagar | lokað | | | | |



KRÓNAN
VIRK SAMKEPPNI
749 kr. kg
942
SS Pylsupartý
Pylsur, remúlaði, sinnep og tómatsósa
40% afsláttur
389 kr. stk
649
Móa kjúklingalæri magnpakkningar
299 kr. kg
598
Goða súpukjöt
60% afsláttur
120 kr. stk
299
Móa kjúklingavængir magnpakkningar
Pepsi Max Gold 2 Ltr
89 kr/stk
Fersk Jarðarber box
149 kr/pk
Konfektepli
149 kr/pk
Moulinex Juice Master safapressa
5490
HOLLT & GOTT
Grillsett 14 hlutir
1498 kr/stk
Garðsett í tösku
450 kr/stk
Sport sandalar
389 kr/stk
Alltaf frábær tilboð alla daga

# Sól í sinni í sumarfríinu

Sumarfrí með fjölskyldunni er í hugum flestra gleðilegur tími en getur þó breyst í andhverfu sína haldi menn ekki rétt á spilunum. *Snæfríður Ingadóttir* fékk nokkra sérfræðinga til að gefa sér uppskrift að ánægjulegu sumarfríi.



**ÁLAGSTÍMI** Það getur reynt á þolrifin að vera heilan mánuð í sumarfríi með fjölskyldunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Flestir hlakka mikið til að taka sumarfrí en alls ekki allir koma ánægðir til baka til vinnu að fríi loknu. Ástæður óánægjunnar geta verið ýmsar en fyrir fólk sem ekki er vant að eyða nema nokkrum klukkutímum á sólarhring með fjölskyldu sinni getur það reynst þrautin þyngri að þrauka saman með börnum og betri helmingi í heilan mánuð. Þórhallur Heimisson, prestur í Hafnarfjarðarkirkju, hefur orðið áþreifanlega var við aukningu í viðtölum hjá sér að loknum sumarfríum á haustin. „Margir eru vonsviknir eftir sumarfrí sem farið hefur öðruvísi en ætlað var. Fólk hefur gert sér of miklar væntingar og sett sér of há markmið. Mitt besta ráð til allra er mjög einfalt og það er það að byrja ekki að undirbúa samvistir við fjölskylduna daginn áður en fara á í frí. Til þess að njóta þess að vera saman í fríi þennan eina sumarleyfismánuð á ári þarf fólk að vera búið að rækta samskiptin sín á milli hina ellefu mánuðina á árinu. Það gildir það sama í þessu og með gamlan vin sem maður heimsækir aldrei og hringir aldrei í. Þegar manni dettur svo loks í hug að fara í heimsókn eftir langan tíma hafa menn ekkert um að tala og heimsóknin verður bara neyðarleg. Því miður eru allt of margir sem hugsa sér að redda samskiptunum í fjölskyldunni í sumarfrínu en slík áform vilja oft fara á annan veg,“ segir Þórhallur.

### Rækta samskiptin allt árið

Ef samskiptin innan fjölskyldunnar eru ekki góð ráðleggur Þórhallur fólki að gera ekki einhverjar rosalegar áætlanir sem eiga að bjarga öllu í sumarfríinu heldur frekar líta á sumarfríið sem fyrsta skrefið til þess að rækta samskiptin við fjölskylduna betur. Undirbúningur fyrir fríið sé að sjálfsögðu nauðsynlegur eigi það að heppnast vel.

„Við erum misjöfn og höfum ólíkar þarfir og til þess þurfa fjölskyldur að taka tillit þegar sumarfríið er skipulagt. Það er mjög gaman ef fjölskyldan getur gert eitthvað saman í sumarfríinu en hver og einn verður líka að fá að sinna sínum hugðarefnum,“ segir Bjarney Kristjánsdóttir, sem rekur Fjölskylduráðgjöf í Lágmúla. Undir þetta tekur sálfræðingurinn Jóhann Ingi Gunnarsson, sem segir lykilinn að velheppnuðu sumarfríi vera góðan undirbúning.

„Það er mjög mikilvægt að fólk ræði saman um hvernig það ætli að haga sumarfríinu og hvernig það ætli að uppfylla þarfir hvors annars svo sumarfríið fari ekki bara í einhverja baráttu. Fjölskyldumeðlimirnir eru allir með ólíkar væntingar til frísins, börnin vilja gera þetta, konan vill gera hitt og kallinn annað. Það þarf að ræða þessar ólíku þarfir og væntingar hvers fyrir sig og finna út hvað fjölskyldan getur gert saman og komist að samkomulagi um,“ segir Jóhann Ingi, sem segir að með því að ræða málin fyrirfram megi koma í veg fyrir marga árekstra.

Bjarney segir það oft mikinn spennuvald þegar einhver einn í fjölskyldunni er með tímafrekt áhugamál sem hann vill endalaust vera að sinna en hinir í fjölskyldunni hafi lítinn áhuga á. Þetta getur t.d. verið veiðiskapur eða hestamennska og auðvitað vill viðkomandi líka sinna þessu áhugamáli sínu í sumarfríinu en þá sé gott ef hinn aðilinn geti fundið sér eitthvert jákvætt og uppbyggilegt áhugamál fyrir sig.

Þórhallur varar fólk við að setja sér of há markmið og ætla sér of mikið í sumarfríinu því það geti bara verið ávísun á vonbrigði. „Ég man eftir einum manni sem fór á sólarströnd í þrjár vikur með allri fjölskyldunni. Þar var hann með konu og börnum en í raun og veru fannst honum hann hafa verið einn allan tímann. Það fór hver að sinna sínu þegar út var komið og samskiptamynstrið breyttist ekkert og fríið var þar af leiðandi ömurlegt.“ Þórhallur bendir á að skipulagning sumarfrísins eigi að fara eftir því hvernig ástandið í fjölskyldunni sé. „Ef fólk hefur verið duglegt við að rækta samskiptin allt árið kemur sumarfrísplanið af sjálfu sér. En ef fjölskyldan hefur ekkert verið saman verður fólk að passa sig á því að setja sér raunhæf markmið og ekki ætla að bjarga öllu á einni viku.“

### Mismunandi frí fyrir mismunandi fólk

En hverskonar sumarfrí er best að taka? Hvernig nær maður best að slaka á og njóta frísins? Er það á sólarströnd með tærnar upp í loft, er það í líkamlega erfiðum göngutúrum eða á maður kannski bara að vera heima og lesa góða bók?

„Það getur vissulega verið mjög notalegt að fara í sólarlandaferð en fyrir mjög virkan einstakling er ekki víst að það passi honum svo vel. Honum hentar kannski betur að fara í gönguferð um Alpana eða í golfferð þar sem hann er meira á hreyfingu. Ég held sjálfur að best sé að blanda saman hreyfingu og afslöppun. Það er nauðsynlegt að fólk gefi sér líka leyfi til þess að gera ekki neitt og setjist niður í klukkutíma og sé ekki á tauginni yfir því að það sé að missa af einhverju eða gleyma einhverju,“ segir Jóhann Ingi, sem hefur pælt mikið í streitufræðum. Að hans sögn er líka mjög mikilvægt að taka sér sumarfrí í minnst tvær vikur samfellt. „Ég starfaði sem fararstjóri erlendis í gamla daga þegar ég var í sálfræðináminu og þá tók ég fljótt eftir því að það tók fólk alltaf eina viku að vinda ofan af sér. Þeir sem voru bara í fríi í eina viku náðu sér aldrei á strik á meðan þeir sem voru lengur í fríi náðu að slaka á á annarri vikunni. Allt of margir búta fríið sitt of mikið niður og ná þannig aldrei að vinda ofan af sér og því mæli ég með þvi að fólk taki a.m.k. tvær vikur í samfellt frí svo það nái að endurnýja starfsorkuna og hlaða batteríin almennilega.“ Jóhann Ingi ráðleggur fólki líka að reyna að klippa á allar vinnuskyldur í fríinu eigi eitthvað gagn að vera að því. „Margir gera sig ómissandi á vinnustaðnum og það liggur við að þeir þurfi að fara burt af svæðinu sem þeir búa á, hvort sem það er innanlands eða erlendis, til þess bara að geta bitið sig frá vinnunni. Vinnusemi og samviskusemi er svo rík í okkur og menn eru farnir að bjarga allskonar hlutum ef þeir eru á svæðinu þó þeir séu í fríi.“

*„Til þess að njóta þess að vera saman í fríi þennan eina sumarleyfismánuð á ári þarf fólk að vera búið að rækta samskiptin sín á milli hina ellefu mánuðina á árinu. Það gildir það sama í þessu og með gamlan vin sem maður heimsækir aldrei og hringir aldrei í. Þegar manni dettur svo loks í hug að fara í heimsókn eftir langan tíma hafa menn ekkert um að tala og heimsóknin verður bara neyðarleg.“*

### Þunglyndi eftir sumarfrí

Þegar komið er aftur til vinnu eftir sumarfrí finna margir til tómleika, tilgangsleysis og jafnvel þunglyndis. Jóhann Ingi segir þessar tilfinningar ekki vera óeðlilegar.

„Þegar fjölskyldan er búin að vera svona mikið saman í langan tíma finnur fólk oft hvað nándin er mikilvæg og því getur það gerst þegar fólk kemur í vinnu eftir jól eða frí að það finni til söknuðar yfir því að vera saman með fjölskyldunni. Lífsbaráttan hefst aftur og fjölskyldan er á fullu frá morgni til kvölds. Ég held samt að flestir þeir sem fara í frí og leyfi sér að njóta frísins hlakki bara til þess að byrja aftur í vinnunni og komi tilbaka fullir af starfsorku og vilja til að láta gott af sér leiða. Þetta er eins og þegar maður var að byrja í skólanum á haustin, það var smá kvíði í byrjun en þegar maður var síðan byrjaður þá var þrælgaman að hitta alla skólafélagana aftur enda var maður orðinn hálf leiður í lok sumars.“ Jóhann Ingi bendir einnig á að sumarfríið geti verið ágætis tími til að endurmeta lífið og hvað sé fólki mikilvægt og spyrja sig öðru hvoru að því hvort það sé að lifa til að vinna eða vinna til að lifa.

Þórhallur prestur minnir fólk líka á mikilvægi hversdagsleikans og á það að Lína Langsokkur vildi byrja í skóla til þess að hún gæti fengið jólafrí. „Það er ekkert gaman að eiga frí ef maður á ekki hverdaginn. Þessi daglega rútína er öllum góð, ekki síst börnunum og unglingunum, og því finnst mörgum gott að koma heim úr fríinu en auðvitað er þettta mismunandi. Menn ættu að tileinka sér Línu Langsokks hugsunarháttinn og nota hverdaginn meira til að undirbúa fríið, því ef þú átt alltaf frí þá er ekkert gaman að fá frí og það var jú þess vegna sem Lína vildi byrja í skóla.“ ■




### FIMM GÓÐ RÁÐ FYRIR SUMARFRÍIÐ

**1.** Ekki halda að eitt sumarfrí geti bjargað lélegu fjölskyldulífi. Það þarf að sinna fjölskyldunni allt árið, ekki bara í sumarfríinu. Byggðu því upp grunn að góðu sumarfríi með góðum samskiptum við fjölskylduna allt árið.

**2.** Skipuleggið sumarfríið og takið tillit til þarfa og væntinga allra í fjölskyldunni. Gerið plan yfir hvað þið ætlið að gera saman og hvað þið ætlið að gera í sitthvoru lagi.

**3.** Takið a.m.k. tvær vikur af sumarfríinu samfellt í stað þess að slíta allt fríið upp. Það tekur alltaf viku að vinda ofan af sér.

**4.** Ef þú ert ómissandi í vinnunni, reyndu að slíta tengslin við vinnustaðinn í fríinu og farðu þangað sem ekki næst í þig.

**5.** Veldu þér sumarfrí við hæfi. Að liggja á sólarströnd með tærnar upp í loft er til dæmis ekki besta sumarfríið fyrir mjög virka persónu.



BT
Vertu VIP Sjóræningi Kauptu fartölvu í BT
V.I.P. sjóræningi
finnur þú allt í skólann
FJÁRSJÓÐSLEIT BT
HRAÐBÁTUR
Nýtt
Intel Centrino Duo Mobile Technology
Nýju Intel Centrino Duo örgjörvarnir eru allt að 70% hraðvirkari en eldri Centrino örgjörvarnir (skv 3DMark 05 og PCMark 05).
Hraðvirkari
Gerðu meira með allt að töfaldum örgjörvahraða
High Definition
HD möguleikinn býður uppá skýrari mynd en þú átt að venjast.
Meiri ending á rafhlöðu
Centrino Duo örgjörvinn notar allt að 28% minna afl en eldri Centrino örgjörvar.
Endurbætt þráðlaust net.
Centrino Duo fartölvur eru með nýja gerð þráðlausra netkorta. Nú verður þú fyrir minni truflunum frá umhverfinu ss. GSM símum.
V.I.P. sjóræningi FYLGIR
TOSHIBA
15"
Toshiba Satellite A100-163
Intel Centrino Duo T2300
15.4" Toshiba TruBrite WXGA skjár
ATI Radeon X1400 256MB
16X PCI Express
1GB DDR2 vinnsluminni
80GB Harður Diskur
DVD Skrifari (Dual Layer)
WiFi 802.11b/g - þráðlaust net
DV Ready - iLink
4x USB2.0 tengi
Windows XP Home Edition
Microsoft Works
2gja ára alþjóðleg ábyrgð
After School certified
5.550**
ATI Radeon Mobility X1400 skjákort
15.4" TruBrite WXGA skjár
DV Ready tengi
5.550 Tölvu- og tækjalán 36 mán.
14.999 Vaxtalaust 12 mán.
179.999 Staðgreitt
3 kaupaukar að verðmæti 21.997 fylgja öllum tölvum!
Kaupauki 1
NWE407B
SONY MP3 1GB
SVARTUR 407
14.999
Kaupauki 2
Prey
PC tölvuleikur
4.999
Kaupauki 3
Pirrates of the Caribeean á DVD
1.999
Ofur tilboð
SKÚTAN
TOSHIBA
17"
PSM60E-00Y01UED-MER
Toshiba Satellite M60-132
Intel® Centrino 740
17" Toshiba TruBrite® WXGA
-Upplausn: 1440 x 900
ATI MOBILITY™RADEON® X600SE
-256 MB HyperMemory™
Þráðlaust netkort
512 MB DDR 2 vinnsluminni/ max 2GB
60 GB Harður diskur
DVD Super Multi drive
Rafhlöðuending 4 klst
MediaBay
2gja ára alþjóðleg ábyrgð
5.759**
Klikkað tilboð
V.I.P. sjóræningi FYLGIR
Intel Centrino örgjörvi
TruBrite WXGA skjár
ATI mobility Radeon X600SE skjástýring
DV Ready tengi
innbyggður kortalesari
After School certified
5.759 Tölvu- og tækjalán 36 mán.
12.999 Vaxtalaust 12 mán.
155.988 Staðgreitt
ALLLir UM BOOrð




**BARINN** Barinn er ein nýjasta viðbótin í skemmtanaflórunni. Staðurinn er stór og rúmar frekar marga en það er kannski hans helsta vandamál enn sem komið er. Fyrsta hæðin stílar augljóslega á „hipstera“ lið bæjarins og tekst það býsna vel. Á annarri hæðinni er eins og komið sé inn á allt annan skemmtistað, andrúmsloftið er mun poppaðra og fólkið yngra. Partílögin mynda hopp stemmingu á dansgólfinu og svitinn lekur af fólki. Það verður að segjast að þessir hópar blandast frekar illa í stiganum við dyrnar og úr verður grautur af fólki sem erfitt er að átta sig á. Barinn mun þó vafalaust mótast mikið á næstu mánuðum.



**Hverjir?**
Staðurinn virðist höfða til alls konar fólks enn sem komið er. Björk Guðmundsdóttir er ein fárra stjarna sem hafa kíkt á Barinn.

**Tónlistin**
Tónlistin er töff og hafa plötusnúðar á borð við Gísla Galdur og Magga Legó spilað á neðri hæðinni undanfarnar helgar.

**Vinsælast á barnum**
Eins og fjölbreytileiki gestanna á Barnum gefur til kynna eru allir drykkir kúl á staðnum.





**VEGAMÓT** Á Vegamótum er að finna fólk á aldursbilinu 22-30 og er það einkennandi fyrir hópinn að konurnar eru flottar en karlmennirnir eiga það til að vera heldur sveittir og sjúskaðir, að undanskildum selebbunum. Dansgólfið rúmar um það bil tíu manns en það skapar þeim mun þéttari stemningu.

**Hverjir?**
Nokkuð oft hefur sést til Eiðs Smára Guðnasonar á Vegamótum þegar hann er á landinu. Einnig má sjá Krumma í Mínus og systur hans Svölu Björgvinsdóttur. Ragnhildur Gísla og Dóra Takefusa líta stundum við og Kolbrún Pálína fyrirsæta. Afgreiðsludömur úr tískuverslunum bæjarins fjölmenna ásamt ungum fyrirsætum sem hafa gert garðinn frægan í Ford, þar á meðal Matthildur Ford stelpa. Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir kíkja af og til á Vegamót.





**Tónlistin**
Á Vegamótum er helst spilað hip hop og R&B í bland við aðrar tónlistarstefnur. Filíngurinn á dansgólfinu er því töluvert öðruvísi en á Oliver eða Hverfisbarnum og fólkið sömuleiðis. Dj. Sóley, Dj. Dóri og Adda og Edda spila á Vegamótum.

**Drykkirnir**
Vinsælustu drykkirnir á staðnum eru gin í tónik og bjór, að sögn eiganda staðarins.



**OLIVER** Fyrir utan Oliver eru alltaf raðir og það er einkennandi fyrir staðinn að væn og feit VIP röð inniheldur oft fólk sem enginn veit haus né sporð á. Þetta er líka eini staðurinn sem hefur byggt gler yfir röðina til að hlífa gestum sínum. Þegar inn er komið er þröng á þingi og þá sérstaklega á dansgólfinu, þar sem mikil stemning ríkir. Þeir sem vilja taka nokkur spor eru á réttum stað á Oliver. Nái maður borði er skemmtilegt að sitja allt kvöldið og fylgjast með selebbunum sem oft flykkjast á svæðið en staðurinn er ekki sá best hannaði í heimi því efri hæðin er eins og gufubað og rýmið lítið.

**Hverjir?**
Þarna kemur saman fólk sem stundaði Rex og Hverfisbarinn þegar þeir staðir voru upp á sitt besta, í bland við pöpulinn. Sem sagt frægir og „wannabe“ frægir, öll Landsbankadeildin eins og hún leggur sig, sjónvarpsfólk og stöku fyrirmenni úr stjórnmálum og atvinnulífinu. Þarna má til dæmis sjá Eið Smára þegar hann er á landinu, Nylon-stelpurnar, Ragnheiði Guðfinnu, Dóru Takefusa, Arnar og Bjarka Gunnlaugssyni, strákana úr Strákunum sálugu, Höllu Vilhjálmsdóttur og Þorvald Davíð.

**Tónlistin**
Dj Jói, Dj Daði, og dj parið Suzy og Elvis sjá oft um stemninguna á Oliver en tónlistin er skemmtileg blanda af klassíkerum undanfarinna áratuga og nýjustu popptónlistinni í bland við smá elektróník.

**Drykkurinn**
Mojito er vinsælasti drykkurinn bæði meðal karla og kvenna, á kostnað Breezer drykkju sem fer minnkandi. Kokteilar á borð við Cosmopolitan eru að sækja í sig veðrið meðal Oliver-gesta.



# *Hverful frægð skemmtistaðanna*

**Vinsælir skemmtistaðir falla fljótt í gleymsku og nýir staðir spretta upp eins og gorkúlur. Litlar breytingar hafa orðið á djammstaðamarkaðnum undanfarið en nokkrir nýir staðir verða opnaðir með haustinu. Þangað til er nóg af gömlum og góðum börum til að eyða sumarnóttunum á og allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi.**



**PRIKIÐ**
Prikið er rótgróið kaffihús og vinsæll skemmtistaður um helgar. Staðurinn hefur verið nokkuð fastmótaður síðastliðin ár. Stemningin á Prikinu er sveitt og loftið á efri hæðinni er reykmettað. Við barinn á neðri hæðinni má sjá sömu andlitin aftur og aftur.

**Hverjir?**
Meðalaldurinn á Prikinu hefur greinilega lækkað upp á síðkastið og er hann núna hvor sínu megin við tvítugt. Þeir einstaklingar sem hafa haft sig mest frammi í íslensku hip hop senunni síðustu ár eru algengir gestir á Prikinu, má þar nefna Dóra DNA og Danna Deluxe.



**Tónlistin**
Hip hop hefur lengi verið ráðandi á staðnum og sjá plötusnúðar á borð við DJ B-Ruff og Gísla Galdur oft um tónlistina.

**Drykkurinn?**
Priksmenn drekka bjór og vodka í Burn, sem er orkudrykkur.



**KAFFIBARINN** Kaffibarinn er í allt að því organísku húsnæði sem virðist stundum svitna af sjálfsdáðum. En þessi skemmtilegi þröngi bar hefur notið mikilla vinsælda undanfarin ár og meira að segja Íslandsvinurinn Damon Albarn heillaðist svo af staðnum að hann keypti 1 prósent í staðnum. Hann er af svipuðum toga og Sirkus því þar spila öllu jafna sömu plötusnúðar.



**Hverjir?**
Fastagestir á Kaffibarnum eru tónlistarfólk, leikarar og nemar í Listaháskólanum en aldursbil gesta er milli 20-30 ára. Baltasar Kormákur er oftar en ekki með einhverja fræga upp á arminn og ef Hollywood-stjörnur koma til landsins verður Kaffibarinn fyrir valinu. TónlistinÁrni Einar, Gísli Galdur og Balli eru helstu plötusnúðar staðarins ásamt Dj Lazer og Magga Legó.DrykkurinnBjórinn er án efa vinsælasti drykkurinn á barnum en drykkurinn Amazing, sem í er vodka cranberry, sprite og lime, hefur vakið mikla lukku hjá kvenþjóðinni.




**ÖLSTOFAN**
Vinalegur en reykmettaður andi svífur yfir vötnum á Ölstofu Kormáks og Skjaldar við Vegamótastíg, sem hefur verið athvarf listamanna, rithöfunda, fjölmiðlunga og ungpólitíkusa undanfarið hálft fjórða ár. Aldursdreifingin er mikil þótt óalgengt sé að nokkur undir 25 ára aldri læðist þar inn. Loftræstingin er Akkilesarhæll Ölstofunnar og er reykjarsvælan þar inni stundum svo mikil að hún er allt að því saðsöm. Straumur gesta á staðinn bendir þó til að stemningin bæti það upp. Fimmtudagskvöld eru að margra mati bestu kvöld vikunnar á Ölstofunni. Þá er yfirleitt hægt að fá sæti og ef það myndast biðröð fyrir utan gengur yfirleitt hratt á hana.

**Hverjir?**
Fréttastofa RÚV, NFS og blaðamenn borgarinnar fjölmenna á Ölstofuna. Einnig mæta á staðinn Hilmir Snær leikari, Ari Alexander kvikmyndagerðarmaður, Eyrún Magnúsdóttir úr Kastljósinu, Borgar Þór Einarsson formaður SUS, Einar Kárason, Silja Hauksdóttir, Guðjón Bjarnason arkitekt, Steinunn Valdís Óskarsdóttir og Katrín Júlíusdóttir alþingismaður.

**Vinsælast á barnum**
Aðall staðarins er viðkunnalegir barþjónar sem taka gestum alltaf vel og muna hvaða tegund fastakúnnarnir drekka, sem er reyndar í flestum tilfellum bjór og léttvín. Bjórinn kostar ekki nema 500 krónur, sem er til eftirbreytni.

**Tónlistin**
Tónlist var lengi vel talin óþörf á Ölstofunni, þar sem gestirnir eru fyrst og fremst fólk orðsins og mætt til að fá sér drykk og spjalla saman. Í seinni tíð hefur þó verið tekið upp á því að leika þar tónlist við misjafnar undirtektir.






**SÓLON** Á Sólon mætir súkkulaðibrúnt fólk sem er svolítið meira í ætt við Mel C og Gillzenegger en Victoriu og David Beckham. Flestir eru 25 og yngri en einnig slæðist inn fólk sem nennir ekki að bíða í röðinni á Oliver.



**REX** Innviðir Rex einkennast af lélegri samsetningu af áhrifum frá Viktoríutímanum, egypskri faraóastemningu og sveittri sígaunasveiflu. Fólkið sem sækir staðinn er líka skrautlegt. Flestir eru örvæntingarfullir einstaklingar á fertugsaldri sem eru í makaleit. Tónlistin er sambland af teknó og 90´s áhrifum.



**THORVALDSEN** Thorvaldsen er staður einhleypra á aldrinum 35 plús og áberandi er mikill fjöldi bankamanna og annarra jakkafatakarlmanna, auk túrista. Daddi diskó leikur fyrir dansi og oft er stuð á dansgólfinu. Síðast en ekki síst er auðvelt að láta bjóða sér í glas.



**HRESSÓ** Hressó sækja hressilegir iðnnemar og saumaklúbbar, aðdáendur laga Simons og Garfunkels og fólk sem kann allan textann við Final Countdown og er ekki feimið við að sýna það. Atvinnulausir eða iðjulitir síþambarar sem ráfa um á netinu í leit að tilgangi lífsins fjölmenna ásamt túristum og ungskáldum.



**CELTIC CROSS** Á Celtic Cross er antíkskran og kerti í vínflöskum í öllum hornum og á barnum er að finna ótrúlega blandaðan hóp af fólki. Þarna eru bæði illa girtir unglingar og öldungar en flestir eiga það sameiginlegt að vera stífdrukknir. Í hinum sveitta kjallara staðarins spila trúbadorar um helgar og þar myndast oft hressileg sveitaballastemning. Utanbæjarfólk fílar sig því afar vel á staðnum.



**KAFFI KULTURA** Þetta er staðurinn fyrir þann sem fór í hjálparstarf um árið, dreif sig svo í bakpokaferð um Suður-Ameríku og gerðist jafnvel au-pair þar á eftir. Á salsakvöldum kemst fólk hálfa leið til Latín-Ameríku og þegar rússneskur plötusnúður stýrir tónlistinni á dansgólfinu getur allt gerst. Söngkonan Ragnheiður Gröndal hefur sést þarna í góðri sveiflu og leikarar og leiklistarnemar heimsækja staðinn einnig reglulega sem og fjölbreytt úrval innflytjenda.



**HVERFISBARINN** Frægðarsól Hverfisbarsins er ekki lengur hátt á himni en það er alltaf nóg af fólki á staðnum, sérstaklega af ungum stelpum og ungum íþróttamönnum (í raun má segja að meistaraflokksfólkið sé allt farið á oliver).




**SIRKUS** Það hefur alltaf verið orðið á götunni að Sirkus sé staður listaspíra. Ekki kemst hver sem er inn enda er staðurinn ekki stór og allajafna er þykk röð fyrir utan staðinn um helgar. Andrúmsloftið inni er þægilegt og afslappað en frekar sjúskað fyrir þá sem vilja hafa hlutina aðeins snyrtilegri og fólkið sömuleiðis. Eftir tvö á föstudögum og laugardögum er allur staðurinn á hreyfingu enda ekkert afmarkað dansgólf og allir dansa við alla. Litli garðurinn á bak við Sirkus er mjög vinsæll á góðviðrisdögum og þá er bjórinn sötraður af áfergju hjá gestum og gangandi.

**Hverjir?**
Fastagestir staðarins eru meðal annars Ragnar bassaleikari í Botnleðju, Maggi Legó plötusnúður, Jón Atli í Hairdoctor, Björk söngkona og Daníel Ágúst listamaður. Megas, Jón Sæmundur Auðarson eigandi Dead, Unnur Ösp Stefánsdóttir, Stebbi Steph og Urður Hákonardóttir í Gus Gus og Biggi í Maus eru einnig fastagestir.

**Tónlistin**
Tónlistarstefna staðarins er margbreytileg og fer það mikið eftir því hver er að spila. Taktföst elektrótónlist í bland við gamla slagara hljómar helst innan veggja Sirkus og helstu plötusnúðarnir eru DJ Lazer, KGB, Maggi Legó og Árni Sveins.



**Vinsælasti drykkurinn**
Freyðivín er vinsælt hjá kvenþjóðinni og er hún helst drukkin af stút, en Breezer og annað áfengt gos er bannvara. Meðal karlpeningsins er það bjórinn og viskí sem er vinsælast.


SONY

# Valið er einfalt...

## Fimm stjörnu LCD sjónvarpið er Sony

### -sérfræðingarnir eru á einu máli




★★★★★

"The Sony's talents aren't restricted to its pictures, either. It's a remarkably powerful audio performer too."

What Video and High definition TV
- Júlí 2006



KDL32V2000
**32" Sony Bravia LCD sjónvarp**
HD ready

**279.950,-**
**23.329 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust ***

★★★★★





KDL46V2000
**46" Sony Bravia LCD sjónvarp**
HD ready

**599.950,-**
**49.995 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust ***

★★★★★

KDL40V2000
**40" Sony Bravia LCD sjónvarp**
HD ready

**399.950,-**
**33.329 á mánuði í 12 mánuði ***

★★★★★




"for the state-of-the-art LCD picture quality, it's worth every penny"

What HIFI? Sound and vision
- Ágúst 2006

like.no.other™

Sony Center Kringlunni
588-7669 / 588-SONY
www.sonycenter.is

Sony Center

*Miðað við 12 vaxtalausar jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.

# „Mamma þín er með yfirvaraskegg“

*Atvikið þegar Zinedine Zidane stangaði strigakjaftinn Marco Materazzi í brjóstkassann í úrslitaleik HM fyrir viku er þegar komið á spjöld sögunnar. Zidane segist hafa verið nóg boðið út af síendurteknum móðgunum Materazzis í sinn garð. Guðmundur Steingrímsson skoðaði fyrirbrigðið móðganir og viðbrögð manna við þeim í fortíð og nútíð og fann ýmis dæmi.*

Marco Materazzi má þakka fyrir að Zinedine Zidane skuli ekki hafa brugðist við styggðaryrðum hans á sama hátt og margar hetjur Íslendingasagna hefðu að öllum líkindum brugðist við, þ.e.a.s. með því að höggva hann í herðar niður. Margt er samt líkt með viðskiptum þessara kappa og frásögnum sem finna má í Íslendingasögunum, og kemur þá Egill Skallagrímsson fljótt upp í hugann. Egill átti, eins og Zidane, í stimpingum á íþróttavellinum. Það endaði með því að hann drap Grím frá Heggsstöðum aðeins sjö vetra að aldri. Aðdragandi þeirra víga var einmitt orðaskak: Grímur var sterkari en Egill og Grímur stríddi Agli vegna þess, þar til Agli var nóg boðið og barði til hans með ísknattleikskylfunni.



**„Hijo de puta!“**

David Beckham þurfti að líta rauða spjaldið til að átta sig á að Spánverjar taka svívirðingum í garð mæðra sinna ekki létt.

Áframhaldið varð síðan vitaskuld talsvert á annan veg en í tilviki Zidanes og Materazzis. Zidane hefur beðist afsökunar, en iðrast þó eigi. Egill lét hins vegar áfram illa – sérstaklega eftir að Grímur hafði hrint honum á móti – fór afsíðis, fékk lánaða skeggexi og hjó Grím.

### Orð eru dýr

Líkt og í tilviki Zidanes og Materazzis veit enginn hvað Grímur sagði nákvæmlega við Egil sem varð til þess að honum var nóg boðið. Væntanlega hefur ekki þurft mikið til gagnvart manni sem síðar átti eftir að rífa augun úr mönnum út af smáatriðum. Í fræðunum er móðgunum, eða insults eins og það kallast upp á enskuna, skipt upp í nokkra flokka og verður upptalningin á þeim líklegast aldrei tæmandi.

Móðganirnar sem Egill varð fyrir vörðuðu líkamlegt atgervi hans. Undir þann flokk falla auðvitað orð eins og aumingi, tittur og væskill, þótt notkun þeirra orða einna og sér beri sjaldnast vitni um mikla andagift. Móðganir sem varða gáfnafar eru líka alltaf sívinsælar, líkt og móðganir sem varða slæman árangur í skóla. „Hann er svo heimskur að hann féll á blóðprufu,“ væri dæmi um innblásna móðgun af þessu tagi. Niðrandi orð um kynþætti og trúarbrögð eru með því versta sem hægt er að segja, en undir þann flokk falla líklega einhver útbreiddustu níðyrði sem mannkynið notast við dags daglega, eins og niggari og nú síðast hryðjuverkamaður sem einmitt margir töldu að Materazzi hefði kallað Zidane, sem er múslimi.

Menn geta einnig móðgað aðra með því að gera þeim upp slæma hætti, til dæmis með því að kalla þá lygara, hræsnara eða þjófa. Svona orð skora alltaf hátt á móðgunarskalanum á opinberum vettvangi og er skemmst að minnast orðaskaks Eiríks Jónssonar blaðamanns og Bubba Morthens fyrir ári síðan þar sem gífuryrði af þessum toga flugu og mönnum hitnaði mjög í hamsi.

### Sonur minn er enginn hommi

Móðganir tengdar kynferði, eða meintum kynferðislegum löngunum, einkum samkynhneigð, er einn flokkur enn, sem er þó líklega á nokkru undanhaldi í kjölfar árangursríkrar réttindabaráttu homma og lesbía. Orð eins og hommatittur hafa misst bit sitt og gera fáa rauða í framan af heift, þótt Egill Skallagrímsson hefði sjálfsagt náð í skeggexina. Móðganir af þessu tagi eru þó ennþá talsvert notaðar á knattspyrnuvellinum, segir sagan, og er auðvitað einkennilegt til þess að vita að mönnum sem alltaf eru að klappa hver öðrum á rassinn í stuttbuxum, gjarnan nýkomnir úr lagningu, skuli sárna það að vera brigslað um samkynhneigð. Eitt slíkt mál komst í hámæli í boltanum fyrir um tíu árum, þegar Graham Le Saux, þáverandi leikmaður Chelsea og enskur landsliðsmaður, missti stjórn á skapi sínu inni á vellinum. Við rannsókn málsins kom í ljós að Le Saux hafði mátt þola langvarandi stríðni og ásakanir andstæðinga sinna, í leik eftir leik, um að hann væri hommi. Ástæðan var einkum sú að frést hafði að hann sjálfur og konan hans hefðu áhuga á antik-húsgögnum, sem þótti hommalegt.

### Svo mælti mín móðir

Egill Skallagrímsson hefði ábyggilega náð í skeggöxina ef einhver hefði svo mikið sem sagt múkk um mömmu hans, enda var hún honum hugleikin eins og frægt kvæði hans ber vitni um. Sá flokkur móðgana sem reynst hefur einna árangursríkastur í að hleypa blóðinu upp í fólki fyrr og síðar er sá sem varðar fjölskyldu fólks, og þá ekki síst móður. Færri virðast móðgast út af einhverju sem er sagt um feður, sem er athyglisvert.



**ZIDANE OG MATERAZZI** Enginn veit nákvæmlega hvað þeim fór á milli, en eitthvað sagði Materazzi miður fallegt um móður og systur Zidanes.

„Ég er manneskja og sumum orðum er erfiðara að taka en verkum,“ sagði Zidane um viðskipti þeirra Materazzis. „Ég hefði frekar kosið að vera sleginn niður en að þurfa að hlusta á þetta.“

Zidane hefur sagt að Materazzi hafi hvað eftir annað í leiknum látið þungar ásakanir falla í garð móður sinnar og systur. Að draga mæður inn í ómálefnalegt skítkast er gamall siður og mörg orð í íslensku, eins og tíkarsonur og hóruungi, bera því vitni. Í ensku er auðvitað samsvarandi orð, son of a bitch, mikið notað. En slík orð ein og sér þykja samt heldur hafa misst áhrif sín, a.m.k. í Norður-Evrópu. Móðganir Materazzis hljóta að hafa verið meira krassandi, eða hvað?

*„Ljóst er að móðganir sem varða mæður og kvenpeninginn almennt innan fjölskyldunnar eru litnar mun alvarlegri augum í Suður-Evrópu.“*

Ljóst er að móðganir sem varða mæður og kvenpeninginn almennt innan fjölskyldunnar eru litnar mun alvarlegri augum í Suður-Evrópu. Í grein í Guardian í vikunni er þessi munur rakinn og það rifjað upp hvernig David Beckham lenti illa í því suður á Spáni í leik með Real Madrid fyrir tveimur árum, þegar hann kallaði línuvörð „hijo de puta“ á sinni bjöguðu spænsku, sem útleggst sonur vændiskonu, eða einfaldlega hóruungi á íslensku. Beckham var umsvifalaust rekinn út af, honum til mikillar furðu, enda taldi hann blótsyrði sitt sakleysislegt. Hann mat það svo að spænska útgáfan af „son of a bitch“ væri ekkert til að gera veður út af, en þar skjátlaðist honum sem sagt illilega.

The Sun gerðist svo vinsamlegt að birta tillögur handa Beckham að frekari móðurmóðgunum sem hann gæti notað í framtíðinni, eins og „tu madre tiene un bigote“ sem merkir að móðir viðkomandi hafi yfirvaraskegg.



**„Þú ert eins og sauður í sauðagæru.“**

Winston Churchill var meistari móðgana og færði listformið upp í nýjar hæðir.

### Móðganir sem listgrein

Móðganir Materazzis hafa ef til vill varðað skeggvöxt móður og systur, en líklega voru þær meira krassandi miðað við viðbrögð Zidanes. Raunar er það svo að engilsaxnesk poppmenning er uppfull af dæmum um kæruleysislegar móðganir í garð móður. Af þeim sökum kann mörgum sem tilheyra þeim menningarheimi að finnast viðbrögð Zidanes ofsafengin. Til dæmis er heill þáttur um þessar mundir reglulega á sjónvarpsstöðinni MTV undir nafninu „Yo Momma“. Hann gengur út á það að þátttakendur reyna að móðga mæður hvor annars sem mest. Þar fljúga setningar eins og „Mamma þín er svo feit að þegar hún hreyfir sig þarf hún að tilkynna Landmælingum“ og „Mamma þín er svo feit að hún var skírð í Sædýrasafninu“ og svo framvegis.



**Antík-húsgögn eru ekkert hommaleg!**

Knattspyrnumaðurinn Graham Le Saux var ekki hress með að vera kallaður hommi fyrir það eitt að versla í antíkbúðum.

Móðganir eru stundum listgrein út af fyrir sig, en sem slíkar eru þær yfirleitt lausar við þá heift sem hleypir blóðinu upp. „Þú ert svo ljótur að mamma þín þurfti að mata þig með teygjubyssu,“ er vissulega móðgun. Setningin er þó meira fyndin en móðgandi. „Það er erfitt að gleyma þér, en vel þess virði að reyna,“ er líka ágæt setning sem og hin klassíska: „Ég hef séð svona fólk eins og þig áður, en ekki án þess að borga aðgangseyri.“

Margar snilldarmóðganir hafa orðið til í stjórnmálasögunni, með mönnum eins og Winston Churchill í fararbroddi. Frægt er þegar hann sagði um andstæðing sinn Clement Attlee að hann væri sauður í sauðagæru. Ein besta móðgun Íslandssögunnar út frá listrænu sjónarmiði er án efa þegar Össur Skarphéðinsson sagði í ræðustól í hita augnabliksins á Alþingi um Árna Johnsen eitthvað þessa leið: „Nú heyri ég að háttvirtur fyrsti þingmaður Suðurlands hristir höfuðið.“ Og þá hló þingheimur.

Þingheimur hló hins vegar ekki svo mikið þegar Guðjón Arnar Kristjánsson sló til Sigurðar Kára Kristjánssonar í þingsal fyrir ekki svo löngu síðan. Guðjóni hafði sárnað að Sigurður skyldi gefa í skyn að hann, vinnuþjarkurinn, nennti ekki að vinna um helgar. Þessi viðskipti þeirra tveggja eru einmitt dæmi um það að atvinnumönnum á sínu sviði getur hitnað í hamsi, en þau viðhorf hafa heyrst að Zidane hefði átt að hafa hemil á sér út af því að hann er atvinnumaður. Slíkt er auðvitað engin trygging.



**Nennir háttvirtur þingmaður ekki að vinna um helgar?**

Vinnuþjarknum Guðjóni Arnari Kristjánssyni var ekki skemmt þegar Sigurður Kári Kristjánsson brigslaði honum um leti.

### Hver eru mörkin?

Mörkin milli móðgana og sakleysislegra en oft fyndinna skota sem hitta í mark eru ef til vill óljós og háð menningarheimum. Materazzi segir svo frá að Zidane hafi gerst sekur um hroka á vellinum með ákveðnum ummælum í sinn garð. Materazzi hafði togað í treyju Zidanes og Zidane á þá að hafa sagt: „Ef þig langar í treyjuna mína skal ég gefa þér hana eftir leikinn.“

Þetta segir Materazzi að hafi kveikt í sér og orðið tilefni gífuryrða á móti, en hér verður þó ekki betur séð en að Zidane hafi tekist ágætlega upp í húmor og ástæðulaust að svara með heift.

Ljóst er að franska þjóðin og margir fleiri standa með Zidane. Það sjónarmið verður útbreiddara að hann hafi einungis verið að svara fyrir sig og réttilega orðið reiður. Sjónir manna beinast í síauknum mæli að Materazzi og því hvort að tilhlýðilegt sé að menn inni á vellinum vaði upp með særandi skítkast í garð andstæðinga sinna og mæðra þeirra. Eitt er víst: Materazzi má þakka fyrir að Zidane er ekki Egill Skallagrímsson.



**Fyrir tíu árum hefði ég farið heim til þín og lamið þig Eiríkur!**

Bubbi fékk sig fullsaddan á umfjöllun um sig eftir að hafa lesið fyrirsögnina „Bubbi fallinn“ á forsíðu Hér og nú og vandaði Eiríki Jónssyni ekki kveðjurnar.

**Þetta var bara absúrd kómík!**

Eiríkur komst að því að hann og Bubbi hafa ekki svipað skopskyn.


FJÁRSJÓÐSLEIT
BT
finnur þú allt í skólann?
Vinningarnir eru allir faldir í gámi og hann er grafinn í leynd einhversstaðar á Íslandi
leikreglur
1 Sæktu þér fjársjóðskort í BT Smáralind
(og verslunum Ísafirði, Akureyri, Egilsstöðum og Selfossi)
2 Fylgdu leiðbeiningum á kortinu
3 Þú gætir fundið fjársjóðinn! Við gefum eina vísbendingu á viku
Pirates of the Caribbean
er ekki staddur þar sem þessi mynd var tekinn!
V.I.P. sjóræningi
Ef þú kaupir tölvu verður þú V.I.P. sjóræningi og færð óvæntan glaðning
fjársjóður
ego
Bensínúttekt frá Ego að verðmæti... 100.000
Nokia N91 Farsími að verðmæti... 69.999
NEXT
100.000 kr fataúttekt í NEXT í Kringlunni 100.000
MEDION 40" LCD SJÓNVARP að verðmæti... 239.988
4Mb/s ADSL V16
ADSL áskrift í 1. ár að verðmæti... 50.000
Toshiba Satellite A100-163 fartölva að vermæti... 179.999
Ipod video 60GB að verðmæti 65.999
100.000 kr í peningum frá BT banka... 100.000
Leikir að eigin vali að verðmæti 94.015
Heildarverðmæti fjársjóðs 1,000.000






## STUÐ MILLI STRÍÐA Tók einhver eftir þessu?

**JÓHANNA SVEINSDÓTTIR** AFHJÚPAR SÆNSKA LEYNDARDÓMA



Eitt sinn var sænskur maður að nafni Lars Bäckman. Sem ungur maður fluttist hann búferlum til Ameríku þar sem hann vann sem kokkur á veitingastað. Einn daginn var hann boðaður í sjónvarpsþáttinn Good Morning America þar sem hann átti að elda með einum þáttastjórnandanum. Heldur brá Lars þó í brún þegar þáttastjórnandinn mætti ekki í útsendinguna og Lars var gert að stjórna henni sjálfur. Sænski kokkurinn byrjaði að svitna og titra og hóf eldamennskuna sem kom heldur ankannalega fyrir sjónir. Hann sveiflaði sleifum og glamraði í pottum og bablaði óskiljanlegt tungumál blandað ensku, sænsku og óskiljanlegum bullorðum sem á ensku máli myndu kallast „jibberish“. Já, þetta var erfiður dagur fyrir Lars.

Þið haldið kannski að þið kannist ekkert við þennan góða mann en ég ætla að sýna fram á annað hér rétt strax.

Stuttu eftir skelfilega matreiðsluinnslagið hafði maður að nafni Jim Henson samband við Lars og spurði hvort hann mætti kaupa réttinn á upptökunni úr morgunþættinum. Lars samþykkti það og fékk 80 dali fyrir vikið.

Ekki leið svo á löngu þar til nýr karakter birtist á skjánum í hinum vinsælu þáttum, Prúðuleikararnir. Nýi meðlimurinn var sænskur kokkur sem sönglaði í sífellu „Yorn desh born, der ritt de gitt der gue, Orn desh, dee born desh, børk! børk! børk!“ á svokölluðu „jibberish“ tungumáli. Svo glamraði hann í pottum sönglandi „úrdíbúrdíbúr“.

Enn þann dag í dag halda forsvarsmenn Prúðuleikaranna að Lars Bäckman eigi ekkert skylt við sænska kokkinn í þáttunum, en við sem höfum séð myndirnar vitum betur.

Boðskapur þessarar sögu er sá að næst þegar þú hefur þig að fífli í votta viðurvist og einhver segir: „veistu, það tók enginn eftir þessu“ ... skaltu leyfa þér að efast.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Kjölturakkar** Eftir Patrick McDonnell




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




Athyglisverð fjölskylda...
Fíton/SÍA

**!** **Kl. 19.30**

*Fjöllistamennirnir í Gelitin-listahópnum verða með gjörning við opnun sýningar sinnar í Kling & Bang á Laugavegi. Þátttakendurnir leggja upp frá Hlemmi á hestum og ríða niður Laugaveginn. Gjörningurinn varir síðan um ótilgreindan tíma svo það er um að gera að kíkja við í galleríinu síðar um kvöldið.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Hvar er Haddaway?*

Annað ´90-partí sumarsins verður haldið á Bar 11 í kvöld en forkólfar þess eru plötusnúðarnir DJ Curver og DJ Kiki-Ow. Yfirskrift kvöldsins er „No Limits“ sem vísar til ódauðlegrar lagasmíðar hljómsveitarinnar 2Unlimited sem gerði garðinn frægan á árunum sem sumir vildu gleyma en nú er kominn tími til að minnast.
Gífurleg stemning myndaðist á skemmtistaðnum Bar 11 þegar fyrra ´90-kvöldið var haldið nú í sumar og komust þá færri að en vildu.
Tónlist og tíska frá tíunda áratugnum á nú upp á pallborðið á ný og segir í fréttatilkynningu skipuleggjendanna að nú vaði þessi músík uppi á meginlandinu, einkum í Þýskalandi, og er rætt um endurkomu menningarfyrirbrigðisins „reif“ sem á sínum tíma vakti óhug foreldra en umtalsverða kátínu ungmenna. Hvetja skipuleggjendurnir til þess að fólk klæði sig eftir tilefninu og dragi fram „stüssy“-klæðnaðinn, samfestingana og hvítu gallabuxurnar auk nauðsynlegra fylgihluta á borð við glósprota, flautur og hanska sem máski geta hjálpað fólki að komast í rétta gírinn.
Nostalgían hefst formlega á miðnætti og varir eitthvað út í íslensku sumarnóttina. Aðgangur er ókeypis.



**DJ KIKI-OW OG DJ CURVER** Spila Dr. Albarn og Delight, Haddaway og 2Unlimited á annarri ´90-samkomu sumarsins. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

### > Ekki missa af...

sýningum **Bjarkar Guðnadóttur, Daníels Magnússonar** og **Hildar Bjarnadóttur** sem verða opnaðar í Nýlistasafninu á Laugavegi í dag kl. 17.

stofutónleikum **Sigrúnar Eðvaldsdóttur fiðluleikara** á **Gljúfrasteini** á morgun. Tónlist **Bachs** mun óma í fallegu og sögulegu umhverfi í Mosfellsbænum kl. 16.

döffleiksýningunni **This Side Up** frá **Singapúr** sem verður sýnd í **Tjarnarbíói** kl. 20.30 annað kvöld. Sýningin er hluti af alþjóðlegri döff-leiklistarhátíð sem haldin var á Akureyri.

# Sumarlegar kveðjur

Tríóið Þremenningasambandið heldur lokatónleika sína í Norræna húsinu í dag kl. 16 undir yfirskriftinni „Fyrirgefið samtíninginn“ en á tónleikunum verður boðið upp á samtíning sumarsins í tónum og heimabökuðu góðgæti.
Þremenningasambandið er klassískur tónlistarhópur sem starfaði á vegum Hins hússins í sumar sem hluti af verkefninu Skapandi sumarstörf. Tríóið er skipað þremur stúlkum á nítjánda ári, Arngunni Árnadóttur sem leikur á klarinettu, Ástu Maríu Kjartansdóttur sellóleikara og Höllu Oddnýju Magnúsdóttur píanóleikara.
Á efnisskrá kvöldsins eru Kyrrðardansar eftir Þorkel Sigurbjörnsson, fyrsti kafli úr Píanósónötu KV 330 í C-Dúr eftir Wolfgang Amadeus Mozart, Hyldýpi fuglanna úr Kvartett fyrir endalok tímans eftir Olivier Messiaen, Allemande og Courante úr Sellósvítu nr. 2 eftir Johann Sebastian Bach og Tríó Op. 11 „Gassenhauer“ eftir Ludwig van Beethoven. Aðgangur er ókeypis.



**ÞREMENNINGASAMBANDIÐ LEIKUR KLASSÍSKAN SAMTÍNING** Síðasta tækifærið til að heyra stöllurnar leika saman í bili.




UMSÓKNARFRESTUR
FYRIR SKÓLAÁRIÐ 2006-2007
RENNUR ÚT 25. JÚLÍ

LJÓSMYNDASKÓLI SISSU
WWW.LJOSMYNDASKOLINN.IS, SÍMI: 562 0623


# Göldróttir sumartónleikar

**Rúmenska tónskáldið Doina Rotaru er stödd hér á landi en tónlist hennar er á dagskrá í þriðja hluta Sumartónleika Skálholtskirkju. Verkin, sem flutt verða af Caput-hópnum, nefnast Klukkur, Prana-aparnir, og Japanskur garður.**



**KOLBEINN BJARNASON FLAUTULEIKARI** Hefur átt farsælt samstarf með tónskáldinu Doinu Rotaru. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þetta er fyrsta í sinn sem Doina Rotaru heimsækir Ísland en hún hefur dvalið hér í viku og segist heilluð bæði af landi og þjóð. „Þótt þetta sé í fyrsta sinn sem ég sæki Ísland heim þá hefur tónlistin mín áður verið leikin í Skálholti. Fyrir þá tónleika samdi ég ákveðið tónverk en ég reyni ávallt að tengja tónlist mína við altæk tákn, sammannlegar stemmingar eða heimspeki sem hefur almenna tilvísun. Táknið verður hugmynd af verki og þessi hugmynd getur af sér bygginguna, hryn, hendingar, form og tjáningu verksins. Þessi einkenni sjást best á nafngift sumra verka minna eins og Spiralis Circle, Magic Circles Shadows, Wings of Light og Tempo di fumo.“
Doina undirstrikar að hún sæki einnig áhrif sín í tónsmíðum til fornrar rúmenskrar alþýðutónlistar. „Reyndar merkir nafn mitt gömul rúmensk þjóðlög, svo það liggur nánast beint við að ég sæki áhrif mín í tónsmíðum þangað. Þessi forna þjóðlagatónlist lýsir fortíðarþrá og vekur með manni angurværð og þjáningarfulla depurð.“

**Nýir og gamlir straumar**

Tónsmíðar sínar segir Doina ekki markast af einni tegund áhrifa heldur fléttist þar saman bæði gamlir straumar og nýir. „Þú finnur ýmsa strauma í tónlist minni en sú tegund heimspeki sem einna helst hefur haft áhrif á tónsmíðar mínar er kínversk, indversk og japönsk heimspeki.



**TÓNSKÁLDIÐ DOINA ROTARU** Tengir tónlist sína við altæk tákn og sammannlegar stemmingar.

Verk mitt, Prana-aparnir, sem verður flutt í Skálholti vísar til að mynda í orku öndunarinnar í indverskri heimspeki og Japanski garðurinn er verk sem er innblásið af hugmyndafræði zenbúddisma. Hið gamla og nýja á hvort tveggja vísan stað í verkum mínum.“
Kolbeinn Bjarnason flautuleikari er meðlimur í Caput-hópnum en hann kynntist verkum Doina Rotaru fyrir sex árum þegar hann var á tónleikaferðalagi í Japan. „Mig langaði til að spila einhverja tónlist eftir aðra en japönsk tónskáld og fór þess á leit við japanska félaga mína að mæla með einhverjum öðrum. Þeir voru tregir til þess í byrjun, en á endanum mæltu þeir með tónverkum Doinu, sem þeir tjáðu mér að væru hreint stórkostleg.“ Síðar var upptaka af tónleikum sem Kolbeinn hélt í Tókýó, þar sem hann spilaði verk eftir Doina, send til hennar en í framhaldinu óskaði hún eftir samstarfi. „Hún setti sig strax í samband við mig og stóð fyrir því að ég hélt tónleika í Rúmeníu. Caput-hópurinn sótti Rúmeníu einnig heim í boði Tónskáldafélags Rúmeníu, en Sigurður Halldórsson, listrænn stjórnandi Sumartónleikanna í Skálholti, var þá með í för og hans frumkvæði var ákveðið að bjóða Doina Rotaru hingað.“

**Engin sígaunatónlist**

Þegar Kolbeinn er beðinn um að lýsa tónlist Doinu tekur hann fram að ekki sé beinlínis unnt að lýsa henni sem þjóðlagatónlist. „Það er ekki eins og um einhvers konar sígaunatónlist sé að ræða og í raun ekki hægt að kalla tónlist hennar þjóðlega. Doina sækir fremur klisjur og andrúmsloft úr mjög gamalli rúmenskri þjóðlagahefð og umbreytir því í tónsmíðum sínum.“ Kolbeinn segir Doinu kafa svo djúpt í rúmensku þjóðarsálina að í raun séu verk hennar aftur orðin alþjóðleg. „Þetta er eins og sagt er með Bjart í Sumarhúsum, að hann sé svo íslenskur að allir skilji hann í öllum löndum. Fólk getur fundið sameiginlega tengingu í hinu þjóðlega, landa á milli. Japanar urðu til dæmis heillaðir af tónlist Doinu vegna þess að þeir fundu í henni japanskan hljóm. Ef maður kafar nógu djúpt þá má finna tengingar á milli alþýðutónlistar hvaðanæva að,“ segir Kolbeinn.
„Tónlist Doinu verður hins vegar best lýst sem göldróttri, en það sem hún leitast við að gera er að skapa dálítið forneskjulegar stemmingar í tónverkum sínum.“ Kolbeinn segir það einstaklega auðvelt að spila tónlist Doinu Rotaru því hún sé bæði rétt samin og svo áhrifarík að þeir sem hana flytji beriest einfaldlega með henni áreynslulaust.
Þriðji hluti Sumartónleikanna í Skálholti fer fram dagana 13.-16. júlí. Nánari upplýsingar um tónleikana er að finna á vefsíðunni www.sumartonleikar.is.

bryndisbjarna@frettabladid.is







## Auglýsing í Fréttablaðinu virkar einfaldlega betur

Samkvæmt nýjustu könnun Gallup* **lesa 40% fleiri Íslendingar undir 50 ára Fréttablaðið** en Morgunblaðið. Með einni birtingu í Fréttablaðinu getur auglýsingin þín náð til 68,3% þjóðarinnar sem er meira en nokkur annar fjölmiðill á Íslandi getur boðið. Auglýsingu þinni er best borgið í því dagblaði sem flestir lesa.

FRÉTTABLAÐIÐ

– Mest lesið




# Schola Cantorum í Akureyrarkirkju

Þriðju tónleikarnir í tónleikaröðinni Sumartónleikar í Akureyrarkirkju verða haldnir á morgun kl. 17 en þá flytur kammerkórinn Schola cantorum verk eftir Heinrich Schütz og Þorkel Sigurbjörnsson. Stjórnandi á tónleikunum er Hörður Áskelsson en meðleikari á selló er Inga Rós Ingólfsdóttir.

Kórinn var stofnaður upp úr síðustu áramótum á grunni Schola cantorum, kammerkórs Hallgrímskirkju. Kórinn hafði þá starfað við góðan orðstír í níu ár, undir stjórn Harðar Áskelssonar og haldið fjölmarga tónleika þar sem einkum var flutt tónlist frá endurreisnar- og barokktíma. Einnig var samtímatónlist áberandi í verkefnaskrá kórsins og frumflutti kórinn mörg verk eftir íslensk tónskáld.



**KAMMERKÓRINN SCHOLA CANTORUM** Syngur norðan heiða um helgina.

Í kjölfar endurnýjunar kórsins voru fyrstu tónleikar hópsins haldnir í mars sl. í Hallgrímskirkju þar sem eingöngu voru flutt verk eftir Heinrich Schütz. Hinn 1. júní sl. tók svo kórinn þátt í frumflutningi á sinfóníu nr. 2 eftir Atla Heimi Sveinsson ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands. Á döfinni er einnig frumflutningur óratoríunnar Eddu 1 ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands og sálumessa eftir franska barokktónskáldið André Campra ásamt barokksveit.

Aðgangur á tónleika í Akureyrarkirkju er ókeypis.

- khh




# Týndar eyjar og textíll

**Listamennirnir Björk Guðnadóttir, Daníel Magnússon og Hildur Bjarnadóttir opna sýningar í Nýlistasafninu í dag. Þau notast við ólíka miðla í verkum sínum en viðfang þeirra er ekki fjarri því að eiga samleið. Öll hafa verkin vísanir í landið á einn eða annan hátt.**

Björk Guðnadóttir segir tilvistarlegar hugleiðingar og mannlegt eðli að öllu jöfnu vera drifkraftinn að listrænni vinnu sinni. Hún sýnir nú innsetningu í Nýlistasafninu sem hún kallar Tilfæringar, en það var framlag hennar í sýningu sem sett var upp á Íslendingaslóðum í Winnipeg í Kanada í fyrra. „Þetta eru ljósmyndir og teikningar en síðan vinn ég inn í rýmið með afgöngum úr flísefni, en þemað er skikkjur,“ útskýrir Björk. Hún segir hluta af sýningu sinni vera ákveðið framhald af verkefni sem hún vann fyrir tiltekið félag í Reykjavíkurborg en það skipulagði mikla hátíð þar sem þemað var náttúran. „Ég notaði síðan afgangana af skikkjunum sem ég hannaði fyrir þessa hátíð, í sýninguna á Nýlistasafninu en úr þessu varð til mynstur eða form af landslagi.“ Þegar Björk er spurð út í titilinn á sýningu sinni segir hún hann komin af enska orðinu „displacement“, en í raun verði að berja verkið sjálft augum, til að skilja tilvísunina.

Þáttur Daníels Magnússonar á sýningunni í Nýlistasafninu er fyrsti hlutinn af þremur sýningum sem hann mun halda á árs fresti. Allar munu þær taka á goðsögninni um eyjarnar Ikaria, Frisland og Drogeo sem Ítalarnir Nicholas og Antonio eru sagðir hafa fundið suður af Íslandi á 16. öld. „Þessar eyjar voru merktar inn á sjókort og voru til í nokkur hundruð ár. Tilvist þeirra er því engin goðsögn,“ áréttar Daníel. „Frisland er meira að segja merkt á kort með nokkur hundruð bæi og borgir en allar þessar eyjar voru þurrkaðar út af kortinu af frændum okkar Dönum í byrjun 17. aldar en þeir viðurkenndu aldrei tilvist þeirra.“ Daníel heldur því fram að þarna hafi einu nágrannarnir sem við Íslendingar höfum átt verið þurrkaðir út af landakortinu með einu dönsku pennastriki. „Það sem okkur Íslendinga einmitt vantar eru nágrannar eins og Frislendingar sem bjuggu alveg í næsta nágrenni. Okkur sárvantar nágranna sem hlæja að okkur en það er ljóst að Frislendingar hefðu gert það stórvel, enda voru þeir keltneskir að uppruna en Keltar eru þekktir fyrir kímnigáfu sína. Þeir hefðu jafnvel komið sér upp sérstökum málaflokki á þingi eða stofnað sérstakt ráðuneyti til að semja brandara um okkur. Við þurfum að láta hlæja meira að okkur,“ undirstrikar Daníel.



**DANÍEL MAGNÚSSON, BJÖRK GUÐNADÓTTIR OG HILDUR BJARNADÓTTIR** Öll hafa verkin tilvísanir í landið á einn eða annan hátt. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Nú eru þessar eyjar aftur á móti sokknar í sjó og við blasir bara grængolandi hafið þar sem þessar eyjur áður stóðu. Sýningin mín er heimsókn til eyjanna en segja má að um sé að ræða landfræðilega og menningarlega rannsókn mína á þeim. Sýningin er eiginlega vinabæjarhót nágranna okkar sem eru horfnir, til okkar Íslendinga.“ Daníel segist setja eyjarnar á svið, en hann útfærir síðan verkið enn frekar með lengri og styttri textum. „Einn textinn á sýningunni hljómar til dæmis svona „Icelanders wish to be what foreigners think they are“, en ákveðin mynd af landinu fylgir þessum texta. Síðan er önnur mynd sem sýnir íslenskt þúfulandslag og ofan í þessa mynd er búið að skrifa texta sem á stendur, „so fucking peaceful“.“

Hildur Bjarnadóttir vinnur á nýstárlegan hátt úr textílhefð á sýningunni en hún nefnir hana Fleti. „Um er ræða sex myndir sem allar eru unnar úr hör en settar á striga. Ég hef alla tíð fylgt textílhefðinni í verkum mínum og í sjálfu sér þekki ég lítið annað. Móðir mín hafði eflaust einhver áhrif á mig hvað varðar val á miðli í þessum efnum, en hún starfaði lengst af sem handavinnukennari.“ Hildur segir suma telja sig ögra hefbundinni nálgun konseptlistamanna með verkum sínum þar sem handverkið sjálft er það sem skiptir máli en ekki hugmyndin. Um þetta segir listfræðingurinn Auður Ólafsdóttir, „strigaverk Hildar er án myndar, það er handverkið sjálft sem er verkið. Með því móti hefur Hildur í raun endaskipti á þeirri röksemdafærstlu marga konseptlistamanna að efnisleg útfærsla sé aukaatriði.“

Sýningarnar verða opnaðar kl. 17 í dag og standa til 6. ágúst.

bryndisbjarna@frettabladid.is



















# Svart kaffi og djass

Söngkonan Ragnheiður Gröndal kemur fram ásamt hljómsveitinni Black Coffee á sjöttu sumartónleikum veitingahússins Jómfrúarinnar í dag. Hljómsveitina skipa þeir Guðmundur Pétursson á gítar, Róbert Þórhallsson á bassa og Jóhann Hjörleifsson á trommur. Leikin verður djasstónlist blönduð poppi og blús.

Tónleikarnir hefjast kl. 16 en leikið verður utandyra á Jómfrúartorginu ef veður leyfir, en annars inni í veitingarhúsinu. Aðgangur er ókeypis.



**RAGNHEIÐUR GRÖNDAL OG HLJÓMSVEITIN BLACK COFFEE** Halda tónleika á veitingastaðnum Jómfrúnni í dag.

# Tvö hundruð manna bolti

**Rúmlega 200 manns mættu á fótboltavöllinn í Hannover á dögunum til þess að taka þátt í fjölmennasta knattspyrnuleiknum á HM. Hlynur Hallsson myndlistarmaður átti hugmyndina að viðburðinum sem heppnaðist með miklum ágætum.**



**EÐLILEGA GEKK MIKIÐ Á Í TEIGNUM** Fjölmennasti leikurinn á HM fór fram í Hannover. MYND/HLYNUR HALLSSON

„Leikar fóru 2-1 fyrir bláa liðinu," útskýrir Hlynur, „rauða liðið skoraði markið sitt úr einu vítaspyrnunni sem var dæmd." Leikurinn fór vel fram en dómarinn hafði vitaskuld í nógu að snúast við að fylgjast með öllum keppendunum. „Þetta var ábyggilega mjög erfitt fyrir hann og fólk var mjög samviskusamt ef hann dæmdi eitthvað undarlega og leiðrétti hann ef svo bar undir." Allt fór fram stórslysalaust nema hvað einn leikmaður tábrotnaði í upphituninni. „Dómarinn rak einn út af og gaf honum rauða spjaldið í fimm mínútur og þá bað hann fólk um að vera ekki að æsa sig um of – sérstaklega vegna yngri leikmannanna," útskýrir Hlynur.

Atburðurinn var liður í samsýningunni Seitenwechsel sem þýski listahópurinn ART IG skipulagði í tenglsum við heimsmeistarakeppnina sem nýlega lauk í Þýskalandi en segja má að gjöringur Hlyns sé til marks um hversu sameinandi fótboltaíþróttin getur verið. „Sumir leikmannanna voru miklir fótboltaáhugamenn sem voru komnir til þess að skora mörk en það var líka hellingur af myndlistarmönnum og fleirum sem fannst bara gaman að fá að taka þátt. Síðan voru krakkar alveg niður í fjögurra ára aldurinn og fjölmargir á aldrinum 10-12 ára. Svo var ein kona um sjötugt



**KEPPENDUR Á ÖLLUM ALDRI** Leikurinn fór vel fram og gekk stórslysalaust þrátt fyrir mannfjöldann. Einn tábrotnaði þó í upphitun. MYND/HLYNUR HALLSSON

sem spilaði með," segir Hlynur.

„Það var mjög flott að fylgjast með leiknum ofan úr stúku," útskýrir listamaðurinn. „Það myndaðist hálfgerð þvaga á vellinum og þegar boltinn fór af stað tók hjörðin á rás á eftir honum. Sumir voru greinilega búnir að ákveða að vera ýmist í sókn eða vörn og sumir lágu bara á vellinum og biðu eftir boltanum."

Hlynur segist sérstaklega ánægður með hversu vel íþróttamenn á svæðinu tóku viðburðinum og mættu vel. Öðrum keppendum fannst líka ótrúlegt tækifæri að fá að spila á FIFA-grasinu sem sett var á völlinn vegna heimsmeistarakeppninnar en mikil fræði búa að baki blessuðu undirlaginu sem keppt er á.

Atburður þessi var einstakur í sinni röð og Hlynur skrásetti hann bæði á myndband og með ljósmyndum sem hann segist ef til vill ætla að sýna á næstunni. Þeir sem misstu af tækifæri til að taka þátt í leiknum fá því vonandi að berja hann augum, þó það verði aðeins af skjá – enda eru jú margir sem láta sér það nægja. - khh

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚLÍ

12 13 14 **15** 16 17 18

**Laugardagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 12.00 Kóreski orgelleikarinn **Ji-Youn Han** leikur á vegum Alþjóðlegs orgelsumars í **Hallgrímskirkju**.

☐ 14.00 **Sumartónleikar í Skálholti**. Staðartónskáldið **Doina Rotaru** fjallar um verk sín og tónlist Rúmeníu. Kl. 15 flytur kammerkórinn **Carmina** efnisskrá byggða á tónlistarhandritinu **Melódíu**. Stjórnandi **Árni Heimir Ingólfsson.** Kl. 17 flytur kammerkórinn **Carmina** tónlist eftir Rotaru.

☐ 16.00 Lokatónleikar **Þremenningasambandsins** í **Norræna húsinu**. Þremenningasambandið er tríó sem leikur klassíska tónlist og starfar í sumar á vegum **Hins hússins** og **Reykjavíkurborgar**.

☐ 16.00 Söngkonan **Ragnheiður Gröndal** kemur fram ásamt hljómsveitinni **Black Coffee**, en hana skipa þeir Guðmundur Pétursson á gítar, **Róbert Þórhallsson** á bassa og **Jóhann Hjörleifsson** á trommur. Leikin verður djasstónlist blönduð poppi og blús. Leikið verður utandyra á Jómfrúartorginu ef veður leyfir, en annars inni á **Jómfrúnni**. Aðgangur er ókeypis.

☐ 21.00 Sópransöngkonurnar **Elma Atladóttir** og **Bryndís Jónsdóttir** ásamt **Þóru Fríðu Sæmundsdóttur** píanóleikara flytja lög og ljóð eftir þingeysk tónskáld og ljóðskáld.

### OPNANIR

☐ 16.00 Myndlistarmaðurinn **Snorri Ásmundsson** opnar sýningu hjá **Jónas Viðar** gallerí að **Kaupvangsstræti 12** á Akureyri.

☐ 17.00 Listamennirnir **Björk Guðnadóttir**, **Daníel Magnússon** og **Hildur Bjarnadóttir** opna sýningar í **Nýlistasafninu** á Laugavegi 26.

☐ **Jónína Magnúsdóttir**, **Ninný**, opnar myndlistarsýninguna í góðu formi á **Thorvaldsen bar** í **Austurstræti 8**. Á sýningunni sýnir **Ninný** abstrakt málverk, þar sem hún leikur sér með form og liti. Sýningin mun standa til 11. ágúst.

### SKEMMTANIR

☐ 23.00 Hljómsveitin **Sixties** leikur á **Kringlukránni**.

☐ 23.59 **DJ Curver** og **DJ Kiki-Ow** halda 90's partí á **Bar 11**. Yfirskrift kvöldsins er **No limits**.

### ÚTIVIST

☐ 14.00 Árleg söguganga um elsta hluta **Oddeyrar** á **Akureyri**. Lagt verður af stað frá **Gránufélagshúsunum**.

### SÝNINGAR

☐ 13.00 Sumarsýning **Listasafns ASÍ** er helguð vatnslitamyndum. Málararnir **Hafsteinn Austmann**, **Kristín Þorkelsdóttir**, **Daði Guðbjörnsson** og **Eiríkur Smith** eiga myndir á sýningunni en þar eru einnig til sýnis vatnslitamyndir eftir **Svavar Guðnason**. Safnið er opið frá kl. 13-17 og aðgangur er ókeypis.

☐ 13.00 Yfirlitssýning á málverkum **Louisu Matthíasdóttur** stendur yfir í **Listasafni Akureyrar**. Sýningin spannar vítt svið í list Louisu og eru elstu verkin frá fimmta áratug tuttugustu aldarinnar, en jafnframt gefur að líta myndskreytingar, mynsturteikningar og stórar pastelmyndir og krítarteikningar sem hafa aldrei fyrr verið til sýnis.

### UPPÁKOMUR

☐ 10.00 Fjölbreytt dagskrá á **Bryggjudögum** á **Stokkseyri**, þar á meðal kappróður, sandkastalakeppni, unglingahljómsveitir, opin hús og trúbadorar og tónleikar með söngkonunni **Heru**.

☐ 15.00 Landsvæðið **Tröð**, við Hellissand á Snæfellsnesi, svæði **Skógræktar- og landverndarfélagsins undir Jökli,** verður opnað formlega undir merkjum **Opins skógar** skógræktarfélaganna. **Einar K. Guðfinnsson** opnar skóginn með táknrænum hætti.





01-8649

Það er sama hvernig þú lítur á dæmið. Ef þig vantar leiðir til þess að eignast draumabílinn getum við alltaf boðið þér hentuga lausn.

**Bílalán // Bílasamningur // Einkaleiga**

LÝSING

> Við mælum með

*... nýjasta ilminum frá Roberto Cavalli. Hér er á ferðinni mjúkur ilmur með ávaxtakeimi sem hentar jafnt hversdags og við finni tilefni.*



**útlit**

utlit@frettabladid.is

SMEKKURINN MINN: ÞÓRDÍS ANNA ODDSDÓTTIR VERKFRÆÐINEMI

# Skór og Dolce & Gabbana í miklu uppáhaldi

**Spáir þú mikið í tískuna?**
Ég hef gaman af því að fylgjast með tískunni og fá þannig hugmyndir að fatnaði og stíl.
**Hvernig myndirðu lýsa stílnum þínum?**
Mér líður best í þægilegum fötum og einhverju sem klæðir mig vel enda er ég oftast í gallabuxum, hettupeysu og strigaskóm.
**Uppáhaldshönnuðir eða fatamerki?**
Dolce & Gabbana. Ef ég ætti endalaust af peningum væri fataskápurinn minn fullur af fatnaði frá þeim.
**Flottustu litirnir?**
Grænn er svolítið uppáhalds, sérstaklega í kjólum og bolum. Þessa dagana klæðist ég líka mikið hvítu, enda er það klassískur sumarlitur.
**Hverju ertu veikust fyrir?**
Ég er alveg skósjúk. Ég hef ekki einu sinni hugmynd um hversu mörg pör ég á og ég er í algerum vandræðum með geymslupláss fyrir þau öll.
**Hvaða flík keyptir þú þér síðast?**
Ég keypti mér hvítan leðurjakka í Kringlunni fyrir útskriftina mína.
**Hvað finnst þér flottast í tískunni núna?**
Ég er ánægð með kjólatískuna sem er í gangi. Mér finnst algert „möst" að eiga flotta kjóla á sumrin og maður á að vera duglegur að nota þá þrátt fyrir leiðinlegt veður.
**Hvað ætlarðu að kaupa þér fyrir sumarið?**
Ég á eflaust eftir að kaupa mér fleiri kjóla og jafnvel hvítar buxur. Svo er aldrei að vita nema maður kaupi sér nokkur skópör, svona í tilefni sumarsins.
**Uppáhaldsverslun?**
Urban Outfitters er mín uppáhaldsverslun. Ég skil ekki af hverju hún er ekki komin til Íslands, ég held hún myndi slá í gegn hér.
**Hvað eyðir þú miklum peningum í föt á mánuði?**
Það er mjög mismunandi. Ég versla mest erlendis og eftir góðar verslunarferðir getur VISA reikningurinn minn orðið ansi hár.
**Hvaða flíkur gætir þú ekki verið án?**
Ég gæti ekki verið án allra gallabuxnanna minna. Ég er rosalega mikið í gallabuxum og á þær í öllum helstu litum og gerðum.
**Uppáhaldsflík?**
Sumarkjóllinn minn frá Dolce & Gabbana sem ég keypti mér á Spáni síðasta sumar. Hann er hvítur með bláu, svörtu og grænu mynstri og rosalega þröngur. Ég nota hann ekki oft, en hann er samt algert uppáhald.
**Hvert myndir þú fara í verslunarferð?**
Klárlega til New York. Ótrúlega skemmtileg borg og endalaust af flottum búðum. Það er mjög auðvelt að missa sig í verslunarsýkinni þar.
**Ljótasta flík sem þú hefur keypt þér?**
Ég keypti mér einu sinni fáránlega ljóta hælaskó í einhverri búð í L.A. Þeir voru bleikir, með krókódílaleðursmynstri úr ógeðslegu plastefni. Ég veit ekki hvað hljóp í mig þegar ég festi kaup á þeim. Ég á þá ennþá inni í skáp en hef aldrei notað þá.





## MÓÐUR VIKUNNAR
> ÁLFRÚN FER YFIR MÁLIN

## Ónotaðir fataleppar

Ég fæ alltaf ákveðna deyfð yfir mig á þessum tíma árs og þá sérstaklega núna í sumar. Hálft sumarið er búið en samt er ég einhvern veginn ennþá að bíða eftir að það byrji. Fékk áfall þegar ég fattaði að það er bara rúmlega einn mánuður eftir og nokkrar vikur í það að tískuvöruverslanir borgarinnar fyllist af nýju haust-og vetrarflíkunum.

Þar sem ég er ekkert búin að fara til útlanda í sumar er ég varla búin að nota neitt af sumarfötunum sem ég keypti mér í vor. Sandalarnir standa óhreyfðir inni í skáp og kjólarnir hafa bara verið notaðir við þykkar sokkabuxur og stígvél, ekki við hunangsbrúna kálfa eins og til stóð í byrjun sumars. Síðar peysur og fallegir klútar standa uppi sem mest notaði sumarfatnaðurinn hingað til. Þvílík sóun og ef ég þekki mig rétt er ég ekki að fara að nota þetta aftur næsta sumar. Þá bætast við nýir fataleppar í fataskápinn sem vonandi fá að njóta sín meira en þessi sumartíska.

Var að tala við vinkonu mína um daginn sem býr í Danmörku og hún var að lýsa fyrir mér ofsahitabylgjunni sem er þar. Hún er svakalega ánægð, sprangandi um í léttum sumarkjólum og eyðir meirihlutanum af deginum berfætt. Ég heyrði hana brosa gegnum símann á meðan ég sat inni í lopapeysu og ullarsokkum með gæsahúð og kökk í hálsinum af öfund.

Þetta er nóg til að lýsa andlegu ástandi landans þetta sumarið og ef að veðurguðirnir fara ekki að gera vel við okkur klakabúa þá eiga þeir eftir að fá ærlegt hikstakast vegna ills umtals næstu árin. Þessu sumri verður seint gleymt.








**GLIMMER SLAUFA** Jakki frá Kronkron.



**KÖFLÓTT SLAUFA** Stuttermabolur frá merkinu Fred Perry sem fæst í Kronkron. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**HÁLSMEN** Slaufan á hálsmeninu er punkturinn yfir i-ið. Fæst í Rokki og Rósum. FRÉTTIBLAÐIÐ/VALLI



**GLÆSILEGIR** Lakkskór frá Spúútnik.



**FLIPPAÐ** Skemmtilegar slaufur í hárið frá Rokki og Rósum og Spúútnik.

**SUMARLEGUR** Bróderaður kjóll frá GK með borða.



**SVARTUR KJÓLL** Flottur kjóll og lítil svört slaufa í miðjunni.

# Tákn kvenleikans

Það er búið að hamra mikið á uppgangi kvenleikans í tískunni um þessar mundir. Meira að segja gallabuxur eru að verða kvenlegri með hærra mitti og Marilyn Monroe vöxturinn, oftar nefndur 90-60-90, fær að njóta sín vel í vetur ef marka má helstu hönnuði heimsins.

Slaufur hafa alltaf verið ákveðið tákn fyrir konur og kvenleika. Ungabörn fá slaufur aðeins nokkurra vikna gömul og er það oft til þess að greina á um kyn barnsins, sem oft er óljóst svona fyrst um sinn. Það eru undantekningarlaust slaufur á stúlknakjólum, og allar stelpur hafa einhvern tímann gengið með slaufur í hárinu. Þó að karlmennirnir sjáist stundum með slaufur um hálsinn komast þeir ekki með tærnar þar sem konurnar hafa hælana.

Núna er hægt að finna slaufur úti um allt, á hálsmenum, kjólum, pilsum, peysum og skóm. Annaðhvort eru þær stórar og áberandi eða bara lítil smáatriði í munstrum. Hægt er að búa til slaufur með einföldum borðum og setja flottan hátískusvip á annars einfalt dress. Einfaldar en fallegar.

alfrun@frettabladid.is



**YVES SAINT LAURENT** Mikið var um slaufur á sýningu YSL fyrir þetta sumar. Hér er risastór slaufa um hálsinn á einu módelinu.



**STÓR** Flott risa slaufa á grænum kjól frá Rokki og Rósum.

**SÆTUR** Ljósbleikur kjóll frá Rokki og Rósum.



**STAERK** Slá frá Kronkron með borða í miðjunni.



**FLOTTIR** Rauðir lakkskór með doppóttum slaufum frá skóversluninni Kron.



**SOKKAR** Hnésokkar með bleikum slaufum frá Spúútnik.



# Rauðklæddi rokkarinn



Einn frægasti og vinsælasti trommari heims er stelpa. Það er hún Meg White úr tvíeykinu fræga White Stripes. Eins og kunnugt er þá eru hún og Jack White, söngvarinn í hljómsveitinni, fyrrverandi hjón en miklar sögur hafa verið um að þau væru systkini.

Henni svipar til Mjallhvítar með sitt síða svarta hár og ljósu húð. Það er alveg greinilegt að rauður er hennar uppáhaldslitur enda notar hún hann óspart í bland við svartan og hvítan. Hún er með frekar einfaldan fatastíl og dáir „second hand"-föt og -dót að eigin sögn. Hún er feimin og því ekki daglegur gestur á rauða dreglinum, en þegar það gerist er hún í fallegum kjólum og oft eins og klippt út úr tímabilinu 1940-1950.

**- áp**

**FLOTT SAMSETNING** Stuttur svartur kjóll klikkar sjaldan og setur hvíti keipurinn flottan svip á heildarútlitið.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES



**RAUÐUR JAKKI** Rokkuð í hvítum buxum, með rautt belti og í jakka í stíl.



**FÍN OG SÆT ROKKSTELPA** Fallegur hvítur síðkjóll með svörtum blómum sem fer henni vel.



**MJALLHVÍT** Lítur út eins og gömul leikkona í bíómynd en er meðal þekktustu trommaranna í heiminum í dag.



**FELLINGAR** Flottur ljósgrár toppur með fallegum smáatriðum.

# Grísk gyðja

Það eru margir sem kannast við Sophiu Kokosalaki enda er erfitt að gleyma þessu langa nafni. Hún er fatahönnuður af grískum ættum og hannar hún undir sínu eigin nafni.



**GYÐJAN SJÁLF** Þrátt fyrir ungan aldur er Sophia Kokosalaki talin vera rísandi stjarna í tískubransanum.

Eins og margir aðrir frægir hönnuðir útskrifaðist hún úr hinum fræga listaskóla Central Saint Martins í London og eru höfuðstöðvar hennar þar á bæ. Árið 2004 var hún fengin til að hanna fatnað fyrir lokahátíðina á Ólympíuleikunum sem haldin var í hennar heimabæ, Aþenu.

Í hönnun Kokosalaki má sjá áhrif frá Grikklandi hinu forna enda er mikið um fellingar í efnum og handgerðum smáatriðum. Hennar sérgrein eru fallegir og léttir kjólar.

Hún er talin vera rísandi stjarna í tískuheiminum en hönnun hennar er enn sem komið er ekki seld á Íslandi, en vel er þess virði að leita hönnun hennar uppi í útlöndum.



**MJÓTT MITTI** Flott svart mittispils sem dregur fram kvenleikann.



**KYNÞOKKAFULLT** Fallegur kjóll úr léttu efni.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES


SONATA
Sigurvegari í alþjóðlegum gæðakönnunum

- ESP stöðugleikastýring
- TCS spólvörn
- ABS með EBD bremsujöfnun
- 6 loftpúðar
- Hiti í framsætum
- 16" álfelgur
- Þvottakerfi fyrir framljós
- Öryggisstilling fyrir barnabílstól
- 40/60 afturbekkur með armpúða
- 462 lítra farangursrými

Með bílinn handa þér

Lúxusbíll á fólksbílaverði
1. sæti í IQS gæðakönnun JD Power



Nýr Hyundai SONATA GSL 2.0l
kr. 2.290.000

HYUNDAI hefur gæðin

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is
Keflavík 421 4444 Selfoss 575 1460 Akranes 431 2622 Akureyri 461 2533 Egilsstaðir 471 2524

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ











**CHRISTINA AGUILERA** Hér sést söngkonan við tökur á nýrri auglýsingu fyrir Pepsi. Eins og sjá má kemur hún fram í alls kyns gervum.FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

# Ný díva hjá Pepsi

Söngkonan Christina Aguilera er nýjasta andlit Pepsi. Pepsi hefur verið þekkt fyrir að fá til sín þekkta einstaklinga til að auglýsa gosdrykki sína og fyrrennarar Aguilera eru meðal annars fótboltahetjan David Beckham, söngdívan Beyoncé og rokkararinn Pink. Í þessari nýju herferð má sjá Aguilera á suðrænum slóðum í alls kyns gervum og verða gerðar nokkrar ólíkar auglýsingar. Aðdáendur geta svo nálgast allar auglýsingarnar á heimasíðu Pepsi og valið bestu auglýsinguna.

# Lengsta sjónvarpsauglýsing Íslandssögunnar frumsýnd

Lengsta sjónvarpsauglýsing Íslandssögunnar verður brátt tekin til sýningar. Auglýsingin, sem er þrjár mínútur, var gerð fyrir veitingastaðinn Café Oliver.

„Auglýsingin er ansi löng, meira að segja lengri en auglýsingin frá Orkuveitunni,“ segir Arnar Þór Gíslason, veitingamaður á Café Oliver. Auglýsing Orkuveitunnar vakti mikla athygli þegar hún var sýnd enda um ein og hálf mínúta að lengd. Nú gerir Café Oliver betur.

Auglýsingin var tekin upp á sveitabæ fyrir austan fjall og fjallar ekki að nokkru leyti um veitingastaðinn heldur um danskættaðan bónda sem heitir Óliver og hið grátbroslega líf sem hann lifir.

Auglýsingin verður brátt tekin til sýningar í íslensku sjónvarpi auk þess sem hún verður sýnd í hálft ár hið minnsta um borð í vélum Icelandair. „Við gerðum auglýsinguna bæði á íslensku og ensku. Í ensku útgáfunni fylgir íslenskur texti með,“ segir Arnar Þór.

Bóndann Óliver leikur listaspíran Aron Bergmann, en hann hefur áður tekið að sér hlutverk fyrir Café Oliver og er að einhverju leyti orðinn andlit fyrirtækisins.

Kvikmyndafyrirtækið Föðurlandið sá um framleiðslu auglýsingarinnar en leikstjórar voru Arnór Fells og Örvar Þór Sigurðsson.



**ARNAR ÞÓR GÍSLASON** Veitingamaður á Oliver.



**ÓLIVER** Bóndinn Óliver leikur stórt hlutverk í auglýsingunni.









**JUSTIN TIMBERLAKE** Þreytir frumraun sína í teiknimyndum þegar hann talar inn á Shrek 3 sem verður frumsýnd á næsta ári.

# Talar í Shrek

Söngvarinn Justin Timberlake mun ljá einum af karakterunum í teiknimyndinni Shrek 3 rödd sína. Myndin verður frumsýnd á næsta ári og bætist Timberlake þá í góðan hóp leikara en nú hefur verið staðfest að Mike Myers, Eddie Murphy, Antonio Banderas og Cameron Diaz muni verða í sínum gömlu hlutverkum.

Þetta er í fyrsta skiptið sem söngvarinn talar inn á teiknimynd en ný plata með Timberlake mun koma út í haust og hefur hann þá tónleikaferðalag um heiminn til að fylgja henni eftir.





# Uppgjör við síðustu plötu

**Hljómsveitin Baggalútur hefur sent frá sér nýtt lag, Allt fyrir mig, sem Björgvin Halldórsson syngur, en það verður á nýju plötunni þeirra, Aparnir í Eden. Freyr Gígja Gunnarsson ræddi við Guðmund Pálsson um lag sem er hálfgerður ómagi.**

Baggalútur sló í gegn á síðasta ári með plötunni Pabbi þarf að vinna en þar léku þeir köntrítónlist eins og sannir Nashville-búar. Eftir þessar vinsældir lögðust félagarnir í dvala og íhuguðu hvernig þeir gætu mögulega bryddað upp á einhverjum nýjungum enda kom það ekki til greina að hjakka í sama farinu. Hawaii-hljóðfærið ukulele hafði heillað þá um nokkurt skeið og því var ákveðið að blanda því saman við köntríið sem þeir höfðu náð góðum árangri með. Nýja lagið, Allt fyrir mig, stingur reyndar í stúf við það sem koma skal á nýju plötunni en þegar Fréttablaðið náði tali af Guðmundi Pálssyni, liðsmanni Baggalúts, var hann nýkominn frá Króatíu þar sem hann hafði verið að sleikja sólina ásamt fjölskyldu í viku. „Lagið hefði í raun átt að vera á síðustu plötu, það er hálfgert uppgjör við hana,“ útskýrir hann. „Þegar ljóst var að Björgvin hefði ákveðið að taka sönginn að sér kom hins vegar aldrei neitt annað til greina en að hafa lagið svona,“ bætir hann við.



NÝTT LAG KOMIÐ Baggalútur hefur sent frá sér nýtt lag sem verður að finna á nýrri plötu en hún er væntanleg á næstu dögum.



JOHNNY CASH ÍSLANDS? Björgvin Halldórsson syngur nýja lag Baggalúts og þykir minna á sjálfan Johnny Cash.

Hljómsveitin nýtur liðsinnis tveggja blástursleikara frá Nashville en Allt fyrir mig var tekið upp á fjórum stöðum. „Lagið sjálft var tekið upp í Geimsteini, Björgvin söng í Sýrlandi, blásturshljóðfærin voru hljóðrituð í Omni Sound Studios í Nashville en önnur umhverfishljóð voru síðan tekin upp í Félagsheimilinu á Flúðum,“ segir Guðmundur sem lýsir laginu sem hálendisköntríslagara. „Það er einhvern veginn hægt að heyra í vindinum án þess að hann sé þar, lagið er með eyðimerkurbrag og hálendið er jú okkar eyðimörk.“ útskýrir Guðmundur sem sparaði ekki stóru orðin um hæfileika Björgvins Halldórssonar. „Björgvin hafði ákaflega lítið fyrir þessu,“ segir Guðmundur en stórsöngvarinn minnir óneitanlega á Johnny Cash í laginu. „Björgvin er enda á svipuðum stalli hjá okkur og Cash í Bandaríkjunum.“ - fgg

# Franskt elektró

Í kvöld munu taktfastir elektrótónar hljóma í portinu á bak við Loftkastalann. Þeir Róbert Aron Magnússon, betur þekktur sem Robbi Chronic, og Halldór Gunnlaugsson standa fyrir þessum viðburði og hafa fengið til liðs við sig Smirnoff sem mun sjá gestum fyrir drykkjum allt kvöldið.

Í kvöld mun franski plötusnúðurinn Dj Jerry koma fram en hann er frá Kitsunjé-útgáfunni sem er ein sú stærsta og vinsælasta í danstónlistargeiranum um þessar mundir. Einnig munu Dj AlfonsX, Dj CasaNova og Steed Lord koma fram. „Planið er að halda svona partí með reglulegu millibili og vera alltaf með það nýjasta og ferskasta úr tónlistarheiminum þá stundina,“ segir Róbert og bætir því við að þeir félagarnir séu með margt annað skemmtilegt í burðarliðnum fyrir haustið. Partíið hefst kl. 21 og stendur til kl. 1 eftir miðnætti. Boðsmiða þarf til að komast inn en hægt er að nálgast miða á www.myspace.com/smirnoff101 og senda þeim skilaboð.



ROBBI CRONIC Heldur partí í kvöld þar sem franski plötusnúðurinn Dj Jerry spilar taktfasta elektró tónlist. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Sigur Rós leikur í Ásbyrgi

Tónleikadagskrá Sigur Rósar á Íslandi er nú óðum að taka á sig mynd. Eins og Fréttablaðið greindi frá í byrjun júnímánaðar leikur sveitin á stórtónleikum á Miklatúni 30. júlí næstkomandi. Þeir tónleikar verða opnir öllum og ókeypis er inn. Aðrir stórir útitónleikar verða svo haldnir í Ásbyrgi 6. ágúst, um verslunarmannahelgina, og verður ókeypis inn á þá.

Eins og áður hefur komið fram í Fréttablaðinu hyggjast liðsmenn Sigur Rósar leika á átta eða níu tónleikum alls hérlendis í ágúst. Ekki hafa enn verið gefnar upp staðsetningar eða tímasetningar á hinum tónleikunum. Á fréttasíðu Sigur Rósar kemur þó fram að vísbendingar um það verði að finna á stórtónleikunum á Miklatúni. Allir tónleikarnir verða teknir upp fyrir útgáfu á DVD-diski með Sigur Rós.

Liðsmenn Sigur Rósar ljúka yfirferð sinni um tónlistarhátíðir í Evrópu með tónleikum í Portúgal annað kvöld. Þeir snúa því aftur til Íslands í byrjun vikunnar og þá ættu frekari tíðindi af tónleikunum að berast.



SIGUR RÓS Jónsi og félagar leika á fjölda tónleika hérlendis í lok júlí og ágúst. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP






## Ólöf María úr leik

Kylfingurinn Ólöf María Jónsdóttir er úr leik á móti í Ungverjalandi sem er liður í Evrópumótaröð kvenna. Hún lék á fimm höggum yfir pari í gær og var samtals á átta yfir pari. Var hún talsvert frá því að komast í gegnum niðurskurðinn og lauk keppni í 112. sæti.

**sport**

sport@frettabladid.is

KEFLVÍKINGURINN HÓLMAR ÖRN RÚNARSSON: FER TIL REYNSLU HJÁ SILKEBORG

# *Íslendinganýlenda í fæðingu*



Eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir nokkru hefur danska félagið Silkeborg augastað á nokkrum leikmönnum Keflavíkur. Þeirra á meðal eru Jónas Guðni Sævarsson og Hólmar Örn Rúnarsson en Keflvíkingum hefur nú borist formleg beiðni frá Silkeborg um að fá Hólmar Örn til reynslu hjá sér. Rúnar Arnarson, faðir Hólmars og formaður knattspyrnudeildar Keflavíkur sagði við Fréttablaðið í gær að verið væri að reyna að finna hentugan tíma fyrir Hólmar til að fara út þar sem hann mun dveljast í nokkra daga.

Með Silkeborg leika tveir Íslendingar, Bjarni Ólafur Eiríksson og Keflvíkingurinn fyrrverandi Hörður Sveinsson. „Það skemmir ekki fyrir að hafa strákana þarna og sérstaklega erum við Höddi ágætis félagar eftir að hafa spilað saman. Ég hef heyrt í Hödda um þetta og hann ber liðinu söguna ágætlega. Það liggur þó ekkert fyrir í þessu og ég er auðvitað ekki búinn að ákveða neitt ennþá. Það verður að koma í ljós hvort þetta gangi upp eða ekki," sagði Hólmar en hann var nálægt því að ganga til liðs við sænska liðið Trelleborg en það mál féll upp fyrir á síðustu stundu. Aðstoðarþjálfari Silkeborg dvaldist hér á landi um tíma og tók sérstaklega eftir Hólmari. „Það er jákvætt að það sé verið að fylgjast með mér, ég veit nú ekki hvort ég hef skapað mér neitt nafn en vissulega er gaman að fá þessa viðurkenningu. Það sýnir að maður er að gera eitthvað rétt," sagði Hólmar Örn sem gæti þar með orðið næsti íslendingurinn í nýlendunni sem er að skapast í Silkeborg.



## > Tap fyrir Hollandi

Íslenska landsliðið í körfubolta skipað leikmönnum 20 ára og yngri mátti þola stórt tap fyrir Hollendingum í fyrsta leik sínum í B-keppni EM sem fer fram í Lissabon í Portúgal. Holland vann leikinn 99-58. Jóhann Árni Ólafsson átti stórleik með 18 stig, 12 fráköst og 4 stoðsendingar en næstur kom Kristján Sigurðsson með 16 stig. Báðir leika með liði Njarðvíkur.





**ZIDANE OG MATERAZZI** Tveir umtöluðustu knattspyrnumenn heims. NORDIC PHOTOS/AFP

Rannsókn FIFA:

## Materazzi gefur skýrslu

**FÓTBOLTI** Ítalski varnarmaðurinn Marco Materazzi hefur gefið skýrslu til aganefndar FIFA sem ákvað að rannsaka þátt Ítalans í atvikinu sem leiddi til þess að Zinedine Zidane fékk rauða spjaldið í úrslitaleik HM á sunnudag. Zidane sagði í sjónvarpsviðtali á miðvikudag að hann hefði móðgað systur sína og móður.

Upphaflega áttu báðir aðilar að gefa sína skýrslu þann 20. júlí en þar sem Materazzi verður í fríi þá mætti hann í viðtal hjá FIFA í gær. **- esá**

Zoltan Gera:

## Ekki seldur frá West Brom

**FÓTBOLTI** Ungverski landsliðsfyrirliðinn Zoltan Gera verður um kyrrt í herbúðum West Bromwich Albion en hann fór fram á að vera seldur frá félaginu fyrir skömmu. Félagið neitaði þeirri beiðni og gaf í kjölfarið út yfirlýsingu um að það væri ekki í samræmi við stefnu félagsins að selja lykilmenn sína.

Gera var orðaður við Wigan ásamt liðsfélögum sínum Nathan Ellington og Curtis Davies. Gera átti frábæra leiktíð þarsíðasta tímabil en var meiddur lengi vel í vetur og lék aðeins fimmtán leiki með félaginu sem féll úr úrvalsdeildinni í vor. **- esá**

Uwe Rösler þjálfari Lilleström:

## Missti af fluginu til Englands

**FÓTBOLTI** „Þetta er dæmigert fyrir þessa viku," sagði Uwe Rösler, þjálfari Lilleström, eftir að hann missti af flugi liðsins til Newcastle en liðin mætast í Intertoto-keppninni um helgina. Hann hafði gleymt vegabréfinu sínu heima og uppgötvaði það of seint. „Aldrei hefur þetta gerst í 25 ár," sagði Rösler. Vikan hófst með því að lið hans gerði 2-2 jafntefli við Keflavík hér heima en í vikunni mætti liðið Odd Grenland í norsku úrvalsdeildinni þar sem sömu úrslit litu dagsins ljós. Odd Grenland jafnaði leikinn í uppbótartíma og var Rösler svo svekktur að hann hélt rakleiðis út í bifreið sína eftir leik án þess að ræða við leikmenn eða fjölmiðla. Þetta var fjórði leikur liðsins í röð í deildinni án sigurs. **- esá**

# Ísland í riðli með Evrópumeisturum Frakklands

**Í gær var dregið í riðla fyrir heimsmeistaramótið í handbolta sem fer fram í Þýskalandi á næsta ári. Ísland verður í B-riðli ásamt Frakklandi, Úkraínu og Ástralíu. Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari er ánægður með dráttinn.**

**HANDBOLTI** Handboltaforysta heimsins var samankomin í Berlín í Þýskalandi í gær þar sem dregið var í riðla fyrir heimsmeistarakeppnina í handbolta sem fer fram í Þýskalandi snemma á næsta ári. Ísland var í öðrum styrkleikaflokki en dregið var í sex fjögurra liða riðla. Frakkland, Úkraína og Ástralía eru í B-riðli ásamt Íslandi en fyrstnefnda þjóðin varð Evrópumeistari í Sviss nú fyrr á árinu.

„Ég er mjög sáttur við þetta. Frakkar eru með frábært lið og Úkraínumenn eru einnig sterkir," sagði Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari eftir dráttinn í gær en hann ásamt Einari Þorvarðarsyni, framkvæmdastjóra HSÍ, var í Berlín. „Fyrirfram átti ég mér engan sérstakan óskamótherja en riðillinn er vissulega sterkur. Við ætlum okkur þó að fara áfram og við eigum möguleika gegn öllum þessum stórþjóðum, líka Frökkum."

Eins og venja er fengu gestgjafarnir að velja sér riðil áður en hin liðin í 1. styrkleikaflokki voru dregin úr hattinum en Þjóðverjar völdu að fara í C-riðil þar sem fyrir voru Pólland, Brasilía og Argentína. Ef Ísland verður eitt tveggja liða sem kemst áfram úr sínum riðli mun liðið mæta efstu liðunum úr A- og C-riðli. A-riðillinn er fyrirfram einn sá veikasti á mótinu en þar leika lið Túnis, Slóveníu, Kúvæts og Grænlands.

Ekki hefur enn verið ákveðið í hvaða borgum riðlarnir munu verða en Einar reiknar fastlega með því að Magdeburg verði fyrir valinu fyrir íslenska riðilinn. „Það kæmi alls ekki á óvart. Það væri bæði gott fyrir þýska sambandið og framkvæmdaraðila mótsins enda þekkja handboltamenn vel til margra franskra og íslenskra handboltaleikmanna sem leikið hafa með Magdeburg undanfarin ár."

Mótið hefst þann 19. janúar næstkomandi og lýkur þann 4. febrúar. Ef Ísland kemst áfram upp úr sínum riðli og verður eitt fjögurra efstu liða í sex liða milliriðlinum mun það leika tíu leiki á mótinu. Efstu sjö liðin á mótinu munu svo eiga möguleika til að vinna sér sæti á ólympíuleikunum 2008. **eirikur.asgeirsson@frettabladid.is**



**EVRÓPUMEISTARAR** Frakkar fögnuðu sigri á EM í Sviss fyrr á árinu. NORDIC PHOTOS/AFP

**RIÐLARNIR Á HM**

**A-RIÐILL**
TÚNIS, SLÓVENÍA, KÚVÆT, GRÆNLAND.
**B-RIÐILL**
FRAKKLAND, ÍSLAND, ÚKRAÍNA, ÁSTRALÍA.
**C-RIÐILL**
ÞÝSKALAND, PÓLLAND, BRASILÍA, ARGENTÍNA.
**D-RIÐILL**
SPÁNN, TÉKKLAND, EGYPTALAND, KATAR.
**E-RIÐILL**
DANMÖRK, NOREGUR, UNGVERJALAND, ANGÓLA.
**F-RIÐILL**
KRÓATÍA, RÚSSLAND, MAROKKÓ, SUÐUR-KÓREA.

Argentínski dómarinn Horacio Elizondo ætlar að hætta dómgæslu:

## Sér ekki eftir brottvikningu Zidane

**FÓTBOLTI** Horacio Elizondo, argentínski dómarinn sem gaf Zinedine Zidane rautt spjald í úrslitaleik HM, er ánægður með eigin frammistöðu í leiknum og segir að hann geti ekki leyft sér að hugsa um ákveðnar persónur sem spila leiki sem hann er að dæma.

„Dómari á að vinna með 22 leikmönnum, ellefu í hvoru liði sem eru allir með sitt númer hver. Hann getur ekki leyft sér að velta því fyrir sér hvað þeir heita," sagði Elizondo en eins og alheimur vissi var leikurinn svanasöngur Zidane sem hefur átt stórbrotinn knattspyrnuferil.

„Þegar ég sá Materazzi í grasinu stöðvaði ég leikinn samstundis," sagði dómarinn um atvikið.



**HORACIO ELIZONDO** Ætlar að leggja flautuna á hilluna. NORDIC PHOTOS/AFP

„Fyrsti aðstoðardómarinn sagði mér hvað fjórði dómari leiksins hafði sagt honum. Maður getur ekki leyft sér að hugsa um að maður sé að reka Zidane út af í hans síðasta leik."

Elizondo er 42 ára gamall og hefur hug á að hætta dómgæslu. „Mér finnst ég hafa náð mínum markmiðum í dómgæslu og það er kominn tími til að kenna öðrum það sem ég hef lært á mínum ferli. Ég vil ganga héðan út um aðaldyrnar," sagði sá argentínski sem rak einnig Englendinginn Wayne Rooney af velli í leik liðsins gegn Portúgal í fjórðungsúrslitum keppninnar.

Síðan atvikið átti sér stað hefur Zidane sagt að Materazzi hafi farið niðrandi orðum um systur sína og móður. FIFA hefur hafið rannsókn vegna ummælanna. **- esá**



**HEIMSMEISTARI** Fabio Grosso er þegar farinn til Inter og Luca Toni gæti verið næstur. NORDICPHOTOS/AFP

Innkaupalisti Inter Milan:

## Luca Toni efstur á blaði

**FÓTBOLTI** Inter Milan hefur viðurkennt að ætla sér að kaupa Luca Toni, Zlatan Ibrahimovic eða David Trezeguet í sumar. Massimo Moratti, eigandi Inter, hefur sjálfur staðfest fréttirnar en Toni var í viðræðum við liðið fyrir HM.

„Hugmyndin er að kaupa Trezeguet, Ibrahimovic eða Toni. Við þurfum að vita hversu mikið þá langar til að koma til Inter áður en við stígum næsta skref. Toni er efstur á listanum en hinir koma vel til greina," sagði Moratti, sem gæti fengið samkeppni frá Real Madrid um kappana. **- hþh**

Suðurlandströllið:

## Keppt á Selfossi

**KRAFTASPORT** Á laugardag fer fram hin árlega aflraunakeppni, Suðurlandströllið. Keppnin hefst á Selfossi klukkan 13.30 þar sem meðal annars verður keppt í trukkadrætti og drumbalyftu. Klukkan 15.30 verður keppt í axlalyftu við Hótel Örk og keppninni lýkur við Eden í Hveragerði þar sem keppendur burðast með Húsafellshellauna. Á meðal keppenda verður Kristinn Óskar Haraldsson, einnig þekktur sem Boris, sem nýlega tryggði sér þátttökurétt í keppninni um sterkasta mann heims.



**RAFAEL NADAL** Lenti í bílslysi á Spáni en er ómeiddur. NORDIC PHOTOS/AFP

Rafael Nadal:

## Lenti í bílslysi

**TENNIS** Spænski tennisspilarinn Rafael Nadal slapp í fyrradag ómeiddur úr bílslysi er hann var á leið til heimilis síns á Mallorca á Spáni. Bíll sem hann var farþegi í rásaði út af veginum og hafnaði á rafmagnsstaur sem féll á hliðina í kjölfarið. Kona sem býr rétt hjá heyrði lætin og kom að slysinu þar sem Nadal var og sagði hún hann hafa verið eilítið ringlaðan, en óskaddaðann.

Nadal komst nýverið í úrslit Wimbledon-mótsins þar sem hann tapaði fyrir Roger Federer. Fyrr á árinu fagnaði hann sigri á opna franska meistaramótinu. **- esá**



**TOMASZ KUSZCZAK** Reynir hér að ná knettinum af Philippe Senderos, leikmanni Arsenal. NORDIC PHOTOS/AFP

Manchester United:

## Að landa Kuszczak

**FÓTBOLTI** Sir Alex Ferguson, knattspyrnustjóri Manchester United, staðfesti í gær að félagið væri mjög nálægt því að semja við pólska markvörðinn Tomasz Kuszczak, sem er samningsbundinn West Brom. Kuszczak, sem er 26 ára gamall, verður varamarkvörður fyrir Edwin van der Sar en hinir markverðir liðsins, Ben Foster og Tim Howard verða lánaðir til Watford og Everton á næstu leiktíð. - esá




**KYNNTIR TIL LEIKS** Gonzales, Rafael Benítez og Craig Bellamy í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Craig Bellamy:

## Ég skulda Liverpool

**FÓTBOLTI** Craig Bellamy segir að hann skuldi Liverpool að standa sig vel en hann gekk nýverið í raðir félagsins sem hann studdi í æsku. Bellamy var kynntur á blaðamannafundi í gær ásamt Mark Gonzales en báðir spila þeir fyrsta leik sinn fyrir félagið í dag í æfingaleik gegn Wrexham.

„Margir myndu efast um mig enda hef ég farið fimm sinnum í hnéaðgerðir. En að félagið hafi svona mikla trú á mér segir meira en mörg orð. Ég hef eytt gríðarlega miklum tíma í endurhæfingu, einn míns liðs eftir að aðrir hafa farið heim. Ég vissi að ég ætti eftir að afreka eitthvað á ferlinum og sá dagur er loksins runninn upp,“ sagði Bellamy á blaðamannafundinum í gær.

„Ég veit að ég verð ávallt litinn hornauga sem leikmaður. Ég get alveg sagt öllum að ég sé í alvörunni góður strákur en fólk segir samt áfram það sem það vill segja og halda. Það eina sem ég get gert er að halda áfram að bæta mig en það eina sem skiptir máli núna er hvernig liðinu mínu gengur,“ sagði Bellamy. - hþh

André Shei Lindbeak:

## Samdi við FH til tveggja ára

**FÓTBOLTI** Íslandsmeistarar FH hafa samið við danska framherjann André Shei Lindbeak til tveggja ára. Pétur Stephensen, framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar FH, sagði við Fréttablaðið í gær að Lindbeak væri ætlað að fylla það skarð sem Atli Viðar Björnsson skilur eftir sig en Atli verður frá í langan tíma vegna krossbandaslits.

Lindbeak er stór og stæðilegur leikmaður sem hefur gott auga fyrir markinu. Hann er 29 ára gamall og kemur frá Landskrona í Svíþjóð, en hann er kunningi Auðuns Helgasonar sem lék með sænska liðinu á sínum tíma.

Pétur sagði jafnframt að þetta þýddi ekki endalok Allans Dyring, hins danska framherja FH, sem hefur ekki náð að heilla stuðningsmenn liðsins. - hþh

Ruud van Nistelrooy er líklegast á leiðinni til Real Madrid eða Bayern München:

# Nistelrooy óskar eftir sölu frá Manchester United

**FÓTBOLTI** Ruud van Nistelrooy óskaði í gær eftir því að vera seldur frá Manchester United. Samkvæmt fjölmiðlafregnum í Hollandi eru taldar yfirgnæfandi líkur á því að hann gangi til liðs við Real Madrid á næstunni.

Hollenska dagblaðið De Telegraaf heldur því fram að Nistelrooy hafi komist að samkomulagi um kaup og kjör við spænsku risana og að félögin eigi eftir að ræða kaupverð á kappanum. Umboðsmaður Nistelrooy, Rodger Linse, sagði að hann vonaðist til að Nistelrooy tilkynni hvaða lið hann muni spila með á næstu leiktíð, áður en æfingar hefjast hjá United þann 24. júlí næstkomandi.



**NISTELROOY OG ROONEY** Félagarnir saman á góðri stund á æfingasvæði Manchester United. NORDIC PHOTOS/GETTY

Nistelrooy varð mjög pirraður á síðustu leiktíð þar sem Alex Ferguson knattspyrnustjóri lét hann oft verma varamannabekk liðsins á seinni hluta síðustu leiktíðar. Þær sögusagnir hlutu byr undir báða vængi er Nistelrooy yfirgaf leikvanginn áður en síðasti leikur tímabilsins hófst í vor en hann var þá sem fyrr ekki í byrjunarliði United.

Það gæti þó komið til vandræða þegar félögin reyna að semja um kaupverð því Real Madrid er reiðubúið að borga tíu milljónir punda fyrir hann en United vilja fá fimmtán milljónir. Real gæti þó lent í vandræðum með framherja þar sem Ronaldo verður frá í upphafi leiktíðar vegna uppskurðar sem hann gekkst undir nýverið.

Nistelrooy var keyptur frá PSV Eindhoven árið 2001 fyrir nítján milljónir punda og hefur hann skorað 149 mörk í 218 leikjum sínum fyrir félagið.

United er sem stendur í æfingaferð um Suður-Afríku þar sem Sir Alex staðfesti fréttirnar. - esá

# Hélt ég væri að deyja

**Gunnar Heiðar Þorvaldsson hefur hafið æfingar hjá sínu nýja félagi, Hannover 96 í Þýskalandi. Hann segir að hann hafi aðlagast félaginu mjög vel þrátt fyrir afar strangar æfingar sem ætluðu að gera út af við Gunnar á fyrstu dögunum.**

**FÓTBOLTI** Fyrr í vikunni lék Gunnar Heiðar Þorvaldsson sinn fyrsta leik fyrir þýska úrvalsdeildarliðið Hannover 96, er það lagði þýskt neðri deildarlið í æfingaleik, 10-0. Gunnar Heiðar skoraði eitt mark í leiknum.

„Það var nú bara með skalla eftir horn, ekkert merkilegt,“ sagði Gunnar Heiðar í samtali við Fréttablaðið í gær. Hann bætir því þó við að það hafi vitanlega verið ánægjulegt að skora í sínum fyrsta leik með nýju félagi og sé vonandi góðs viti fyrir framhaldið.

Æfingatímabilið byrjaði af krafti í síðustu viku og segist Gunnar Heiðar aldrei hafa lent í öðru eins. „Það hafa verið þrjár æfingar á dag í níu daga en sem betur fer lýkur þessu á morgun,“ sagði hann. „Maður hefur nú unnið sem sjómaður og vaknað eldsnemma á morgnana til að fara á sjó en það er bara barnaleikur miðað við þetta. Fyrstu dagana hélt ég að ég ætlaði að gefa upp öndina þá og þegar,“ sagði hann og hló.

„Við hlupum sex kílómetra klukkan sjö um morguninn, áður en við fengum okkur morgunmat. Svo var æft klukkan tíu og svo aftur klukkan fjögur og í bæði skiptin var spilað og tekið mikið á því. Deginum lauk svo með öðru langhlaupi. Ég held að ég hafi aldrei hlaupið jafn mikið á ævinni. Þessa fyrstu daga þegar maður var hvað verstur var bara sagt „welcome to Germany“. Þetta er víst ekki óalgengt hér.“

Gunnar Heiðar hefur nú jafnað sig á fótbrotinu sem hann varð fyrir í nóvember síðastliðnum. „Ég var hins vegar ekki í nógu góðu standi þegar ég kom til Þýskalands því ég fékk ekki tækifæri til að jafna mig hjá Halmstad og var sendur beint í liðið. Ég þurfti því að byrja á núlli hér.“

En hann ber liðinu og liðsfélögunum afar góða söguna. „Mér líkar frábærlega og ég hefði aldrei getað ímyndað mér hversu auðvelt það væri að aðlagast. Strákarnir hafa tekið okkur nýju strákunum frábærlega,“ sagði hann en einn



**GUNNAR HEIÐAR ÞORVALDSSON** Er hér á æfingu með sínu nýja félagi, þýska úrvalsdeildarliðinu Hannover 96. FRÉTTABLAÐIÐ/NEUE PRESSE

þeirra nýju er herbergisfélagi hans, Svíinn Christoffer Andersson sem lék með Lilleström í fyrra. „Það er ágætt að geta talað sænsku uppi á herbergi,“ sagði Gunnar Heiðar en sem stendur er allt liðið statt í æfingabúðum rétt fyrir utan Hannover.

Og hann segist vongóður um að vinna sér sæti strax í byrjunarliðinu. „Þegar ég samdi við þetta lið var það að hluta til vegna þess að ég vildi ekki fara til einhvers stórveldis þar sem ég yrði bara geymdur á bekknum. Það kom mér á óvart að ég er ekkert á eftir þessum gæjum sem eru hér og ég veit ekki hvort það segir meira um liðið en deildina. Ég finn að ég á fullt erindi hingað og ætla mér að festa mig í sessi í þessu liði.“

eirikur.asgeirsson@frettabladid.is



**MEITE** Spilaði vel með Fílabeinsströndinni á HM. NORDICPHOTOS/AFP

Bolton:

## Fá Meite og nálgast Fortune

**FÓTBOLTI** Bolton hefur fest kaup á varnarmanninum Abdoulaye Meite sem kemur frá Marseille. Kaupverðið hefur ekki verið gefið upp en Meita skrifaði undir fjögurra ára samning. Hann á þó eftir að fara í læknisskoðun og fá atvinnuleyfi.

„Við höfum fylgst með Abdoulaye í nokkurn tíma. Hann hefur alla burði til að standa sig vel í ensku úrvalsdeildinni. Hann er ungur og mun eflaust aðlagast lífinu á Englandi fljótt,“ sagði Sam Allardyce, knattspyrnustjóri Bolton, á opinberri heimasíðu liðsins.

Þá er Bolton nálægt því að ganga frá samningi við Suður-Afríkumanninn Quinton Fortune. Eftir að hafa verið leystur undan samningi við Manchester United fór Fortune til Celtic en ákvað að semja ekki við skoska félagið. - hþh

Marcello Lippi:

## Sækir enskunámskeið

**FÓTBOLTI** Marcello Lippi, fyrrum landsliðsþjálfari Ítala, er sagður hafa skráð sig í einn af betri málaskólum Mílanóborgar þar sem hann ætlar sér að læra ensku á sem skjótastan máta. Lippi stýrði ítalska landsliðinu til heimsmeistaratitilsins í Þýskalandi en hætti með liðið í kjölfarið. Hann hefur áður verið orðaður við Manchester United og hafa þær sögur nú gengið í endurnýjun lífdaga. Þegar hann var spurður um hugsanlegt starf hjá Manchester United á sínum tíma sagði hann einfaldlega: „Hvernig á maður að vinna á stað þar sem maður skilur ekki tungumálið.“ - esá

Sex dögum eftir að Ítalía varð heimsmeistari ríður skandallinn þar í landi liðum og leikmönnum að fullu:

# Juventus niður í Serie-B og missir 30 stig

**FÓTBOLTI** Juventus hefur verið dæmt niður í Serie-B deildina auk þess sem félagið mun missa 30 stig. Það þýðir að erfitt verður fyrir liðið að komast upp um deild, þrátt fyrir að það haldi nokkrum af sínum betri mönnum en búast má við því að flestir leikmenn liðsins verði seldir eða lánaðir á næstu vikum. Juventus var einnig svipt tveimur síðustu titlum sínum á Ítalíu.

Lazio og Fiorentina voru einnig send niður um deild en AC Milan verður áfram í Serie-A deildinni, en mun missa 15 stig og fær ekki að taka þátt í Meistaradeildinni á næsta tímabili. Líklegt er að enska félagið Liverpool taki þeirra stöðu þar en ensku bikarmeistararnir eru hæst skrifaða liðið sem þarf að taka þátt í undankeppni deildarinnar. Sjö stig verða svo tekin af Lazio en tólf af Fiorentina.

Fyrr á þessu ári komst upp um forráðamenn Juventus sem höfðu hagrætt úrslitum leikja. Aðild Lazio og Fiorentina komst einnig upp en hún var ekki jafn mikil og hlutdeild Juventus, þrátt fyrir að þau væru sek. AC Milan slapp vel frá dómnum en félagið átti einnig hlut í máli. Þegar hefur heyrst af mikilli óánægju með að samræmis hafi ekki verið gætt í dómnum.

Hneykslið átti sér stað á 2004/2005 tímabilinu en 25 einstaklingar, forráðamenn liða, háttvirtir einstaklingar úr Ítalska knattspyrnusambandinu, dómarar og línuverðir eru viðriðnir málið. Þeir eiga yfir höfði sér sektir og aðrar refsingar. Samtöl á milli Luciano Moggi, þáverandi stjórnarformanns Juventus, og manns sem raðaði dómurum niður á leiki í Serie-A deildinni láku í fjölmiðla í maímánuði. Rannsóknin hefur teygt anga sína víða og hafa fjöldamargir verið yfirheyrðir vegna málsins.

Liðin hafa nú þrjá daga til að áfrýja dómnum. - hþh



**RONALDO** Er í fríi í heimalandi sínu og hefur gefið út að framtíð hans sé í óvissu.

Valencia:

## Vill fá Cristiano Ronaldo

**FÓTBOLTI** Spænska félagið Valencia hefur gefið það út að það vilji kaupa Cristiano Ronaldo af Manchester United. Stuðningsmenn enska liðsins eru margir hverjir farnir að ókyrrast. Í gær óskaði Ruud van Nistelrooy eftir sölu frá félaginu auk þess sem Ronaldo hefur gefið lítið fyrir þær fréttir að hann verði áfram hjá United, eins og félagið sendi frá sér yfirlýsingu um.

„Það væri frábært að fá hann. Hann er ungur leikmaður sem gæti gert góða hluti með okkur. Það ættu að vera fleiri leikmenn sem eru jafn góðir og hann á markaðnum,“ sagði Quique Sanchez Flores, stjóri Valencia, í gær.

Búast má við því að Ronaldo fái skelfilegar viðtökur frá stuðningsmönnum margra liða á Englandi eftir að hann fór fram á að Wayne Rooney yrði rekinn af velli á HM, sem svo varð. - hþh

Paul Pierce:

## Framlengir hjá Boston Celtics

**NBA** Hið fornfræga NBA-lið, Boston Celtics, hefur náð samkomulagi við stórstjörnuna Paul Pierce um að hann framlengi samning sinn við félagið til þriggja ára. Talið er að samningur þessi sem gildir út árið 2008 tryggi Pierce tæpar 60 milljónir dollara á samningstímanum, en deildin á þó enn eftir að samþykkja þessa ráðstöfun. - hþh

# Goðsagnir númer 7 hjá Barcelona

**Eiður Smári Guðjohnsen kaus að vera númer sjö hjá Barcelona en þar með fylgir íslenski landsliðsfyrirliðinn í fótspor margra merkra manna hjá spænska stórliðinu, þeirra á meðal eru Figo og Henrik Larsson.**

**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen valdi að vera í búningi númer 7 hjá Barcelona. Það gerði hann til að heiðra minningu föður vinar síns, sem lést fyrir skömmu, en félagið hafði tekið frá númerið 22, ef ske kynni að Eiður vildi halda sig við númerið sem hann bar hjá Chelsea.

Treyja númer 7 hjá Barcelona hefur ávallt borið nafn mikilla heiðursmanna á bakinu. Sá síðasti til að klæðast treyjunni var svíinn Henrik Larsson en þar áður var Argentínumaðurinn Javier Saviola í treyjunni.

Á heimasíðu Barcelona kemur fram sú merkilega staðreynd að leikmenn sem bera númerið 7 á bakinu hjá Barcelona hafa ávallt búið yfir mikilli tækni, auga fyrir markinu og staðið sig frábærlega hjá félaginu fornfræga. Í mörgum tilfellum hafa leikmenn komist í tölu goðsagna á meðal blóðheitra stuðningsmanna Barcelona.

Carles Rexach skal fyrstan telja af þessum leikmönnum, en hann spilaði sinn fyrsta leik í sjöunni frægu í september árið 1967, tvítugur að aldri. Hann spilaði á hægri kantinum og var spyrnumaður mikill. Rexach spilaði í sextán ár með Barcelona, lék 665 leiki fyrir félagið og er annar leikjahæsti leikmaðurinn í sögu félagsins, aðeins á eftir Miguelo sem lék 670 leiki. Rexach var markahæsti leikmaður spænska boltans á tímabilinu 1970-1971 þegar hann skoraði sautján mörk í 29 leikjum.



**TVEIR GÓÐIR** Carlos Rexach og Henrik Larsson eru tveir þeirra sem voru í treyju númer sjö hjá Barcelona. Báðir voru í miklum metum hjá stuðningsmönnum liðsins. NORDICPHOTOS/AFP

Tríó frá Norðurlöndunum hefur klæðst treyjunni frægu, Allan Simonsen frá Danmörku, svíinn Larsson og Eiður Smári. Bæði Simonsen og Larsson voru í miklum metum á meðal stuðningsmanna liðsins, en sá fyrrnefndi kom til Barcelona árið 1979. Hann átti að fylla skarð Johan Neeskens og fólst það hlutverk ágætlega úr hendi. Neeskens er á meðal bestu leikmanna sem spilað hafa með Barcelona en er nú orðinn aðstoðarþjálfari Frank Rijkaard hjá félaginu. Simonsen öðlaðist virðingu með hraða sínum og fjölda stoðsendinga, en hann yfirgaf félagið árið 1982, sama ár og Maradona kom til félagsins.

Larsson kom eftir frábæran feril hjá Celtic í Skotlandi og var hluti af liðinu sem varð meistari undanfarin tvö ár, auk Evrópumeistaratitilsins. Þrátt fyrir að hafa verið varamaður lengi vel, auk þess að meiðast illa, var Larsson gríðarlega vel metinn enda kvartaði hann aldrei og skilaði sínu hlutverki með miklum sóma.

Portúgalinn Luis Figo gerði svo garðinn frægan þegar hann kom til félagsins árið 1995, síðasta árið undir stjórn Johan Cruyff. Það var einnig fyrsta tímabilið sem nöfn leikmanna voru aftan á treyjunum auk númeranna. Figo kom frá Sporting í Lissabon 22 ára gamall og varð fljótlega einn allra besti leikmaður spænsku deildarinnar. Hann var einnig fyrirliði Barcelona en gerðist svo skúrkur þegar hann fór yfir til erkifjendanna í Real Madrid og er mjög illa liðinn fyrir vikið.

Hvað Eiður Smári Guðjohnsen afrekar svo í búningi Barcelona verður að koma í ljós á næstu árum, en ljóst er að hans bíður ærið verkefni með því að spila í treyju númer 7 hjá Barcelona.

hjalti@frettabladid.is




**GÓÐUR Í SJÖUNNI** Eiður Smári er hér á blaðamannafundi sem hann hélt á Íslandi ásamt syni sínum Sveini Aroni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




Páll Hjarðar er mjög ósáttur við rauða spjaldið:

## Hefði verið ósáttur við að fá gult spjald

**FÓTBOLTI** Páll segir að það hafi engan veginn verið um viljaverk að ræða þegar hann rak olnbogann í hausinn á Baldri sem vankaðist við höggið. Baldur lá óvígur eftir á vellinum og var fluttur með hraði upp á sjúkrahús eftir að hugað hafði verið að honum.

„Sjúkraþjálfarinn kom og spurði hvort mig svimaði. Í sömu andrá og ég neitaði því byrjaði mig að svima hrikalega og þegar hann fór að þreifa á staðnum þar sem höggið kom heyrði ég brak. Þá var mér hent í hálskraga og beint upp á sjúkrahús þar sem teknar voru af mér myndir en sem betur fer er allt í góðu. Mér líður vel núna og býst fastlega við því að verða klár í slaginn á þriðjudaginn,“ sagði Baldur en Keflvíkingar sækja þá Víkinga heim.

„Það er erfitt að segja hvort þetta sé rautt spjald eða ekki. Hann kemur með olnbogann á undan sér en ég trúi ekki að hann hafi gert þetta viljandi. Ég heyrði að dómarinn hefði verið vel staðsettur en annars get ég ekki dæmt um það,“ sagði Baldur, en kollegi hans úr Vestmannaeyjum, Páll, er mjög ósáttur með dóminn.

„Ég fór bara upp í boltann og skallaði hann. Ég skil þennan dóm alls ekki, mér hefði þótt ósanngjarnt að fá gult spjald fyrir þetta. Ég held að hann hafi dæmt þetta meira út frá því hversu mikið hann Baldur meiddi sig. Ég held að það geti enginn maður hoppað svona upp jafnfætis auk þess sem hann var líka með olnbogann rétt fyrir neðan andlitið á mér. Ofan á allt fór vörin á mér í sundur þegar ég fékk olnbogaskot fyrr í leiknum,“ sagði Páll við Fréttablaðið í gær.



**BORINN AF VELLI** Baldur er hér kominn á börurnar, með kragann um hálsinn og innvafinn í teppi enda var úrhellisrigning á fimmtudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR

„Svona er þetta bara í íþróttum, menn geta meiðst. Ég skil það bara ekki hvernig hann fékk út að rétt væri að gefa mér rautt spjald fyrir þetta. Ég held að það sé ekki hægt að gera neitt við þessu, ætli ég taki ekki á mig bannið bara. Ég hefði viljað sjá hann draga spjaldið til baka enda óskiljanlegur dómur,“ sagði Eyjamaðurinn.

„Ég get tekið það á mig að einhvern tíma hef ég átt skilið að fá rautt spjald en svo sannarlega ekki í þessu tilviki. Ég held að það sé augljóst að ég sé með einhvern stimpil á mér sem grófur leikmaður. Það þyrfti að gefa ansi mörg rauð spjöld í sumar ef þetta er ný stefna sem er tekin í þessu. Þá held ég að maður verði bara að hætta því að fara upp í skallabolta,“ sagði Páll. - hþh

# RISA HELGARBLAÐ DV ER KOMIÐ ÚT!




**Helgarblað DV, Sirkus og DV sport**
**Þreföld ánægja um helgar**

DV
LIFANDI PAPPÍR

## ÚR BÍÓHEIMUM

Hver mælti og í hvaða kvikmynd?

**„Sometimes I got so bored of trying to touch her breast that I would try to touch her between her legs. It was like trying to borrow a dollar, getting turned down, and asking for 50 grand instead.“**

Svar: Rob í myndinni High Fidelity árið 2000.

# dagskrá

## Í TÆKINU: JAMES SPADER LEIKUR Í 2 DAYS IN THE VALLEY Í SJÓNVARPINU KL. 00.30

# *Kenndi jóga*



James Todd Spader er fæddur í Boston árið 1960. Foreldrar hans voru báðir kennarar og fjölskyldan bjó á skólasvæðinu þar sem faðir hans kenndi. Eftir menntaskóla fór James í Phillips Academy-skólann í Andover ásamt leikstjóranum Peter Sellars. Hann hætti þó áður en námi lauk og flutti til New York til að leita að stóra tækifærinu. Þar vann James við hvað eina sem honum bauðst til að framfleyta sér; þreif borð á veitingastöðum og kenndi jóga en það var einmitt á jógastöð sem hann kynntist eiginkonu sinni, Victoriu.

Í byrjun leiklistarferilsins lék James að mestu í sjónvarpsmyndum en varð svo hluti af hinu vinsæla Brat Pack-liði sem lék í fjöldanum öllum af vinsælum myndum sem náði hámarki sínu í kvikmyndinni The Breakfast Club. James lék yfirleitt slæma strákinn í þeim myndum. Frammistaða James í kvikmyndinni Sex, Lies and Videotape árið 1989 fékk lof gagnrýnenda og vann hann Gullpálmann á kvikmyndahátíðinni í Cannes sem besti karlkyns leikarinn. Það hlutverk leiddi hann áfram á frægðarbrautinni og hefur hann síðan þá leikið í mörgum góðum myndum, sem eru þó ekki dæmigerðar Hollywood-myndir.

Árið 2003 hóf James að leika í þáttunum The Practice, sem hann hlaut mikið lof fyrir og fékk meðal annars Emmy-verðlaunin. Hann fékk svo aðalhlutverkið í þáttunum Boston Legal þar sem hann lék sömu persónu og í The Practice, en hann hlaut einnig Emmy-verðlaun fyrir frammistöðu sína þar.

James skildi við eiginkonu sína, árið 2004 en þau eiga tvo syni saman.

**Þrjár bestu myndir James:** **Secretary** - 2002 **Wolf** - 1994 **Sex, Lies, and Videotape** - 1989



▶ 18.25 *Fræðsla*

BODY HITS



▶ 20.05 *Keppni*

ÞAÐ VAR LAGIÐ



▶ 21.00 *Drama*

CLUBHOUSE



▶ 21.30 *Keppni*

THE CONTENDER: REMATCH



▶ 10.10 *Femínismi*

ÓÞEKKT

## SJÓNVARPIÐ

**8.00** Morgunstundin okkar **8.01** Alda og Bára (10:26) **8.06** Bú! **8.17** Lubbi læknir **8.30** Bitte nú! **8.55** Sigga ligga lá **9.08** Sögurnar okkar (3:13) **9.16** Matta fóstra og ímynduðu vinir hennar (5:26) **9.38** Gló magnaða **10.02** Spæjarar **10.25** Latibær **10.50** Kastljós **11.20** Fótboltaæði (6:6) **11.50** Formúla 1

**13.15** Íslandsmótið í vélhjólaakstri (1:4) **13.45** Gullmót í frjálsum íþróttum **16.35** Íþróttakvöld **16.50** Opna breska **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Hope og Faith (57:73) ▶ **18.25** Búksorgir (1:6)

**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.40 Kvöldstund með Jools Holland (1:6)** (Later with Jools Holland) Tónlistarmenn og hljómsveitir stíga á svið og taka lagið í þætti breska píanóleikarans Jools Hollands. Í þessum þætti koma fram Foo Fighters, Black Eyed Peas, Hard Fi, Arcade Fire og Mariza.
**20.45 Vinnukonan** (Cotton Mary) Bresk bíómynd frá 1999. Leikstjóri er Ismail Merchant og meðal leikenda eru Greta Scacchi, Madhur Jaffrey, James Wilby og Sarah Badel.
**22.45 Gattaca** (Gattaca) Bandarísk spennumynd frá 1997. Leikstjóri er Andrew Niccol og meðal leikenda eru Ethan Hawke, Uma Thurman og Gore Vidal. Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 12 ára.

**0.30** Tveir dagar í dalnum (Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 16 ára. e) **2.10** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## STÖÐ 2

**7.00** Engie Benjy **7.10** Ruff's Patch **7.20** Andy Pandy **7.25** Barney **7.50** Töfravagninn **8.15** Kærleiksbirnirnir **8.30** Gordon the Garden Gnome **9.00** Animaniacs **9.20** Leðurblökumaðurinn **9.40** Kalli kanína **og** félagar **9.55** Kalli kanína og félagar **10.05** Titeuf **10.30** Scooby Doo 2: Monsters Unleashed

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Bold and the Beautiful **13.05** Bold and the Beautiful **13.25** Bold and the Beautiful **13.45** Bold and the Beautiful **14.10** Idol – Stjörnuleit **15.05** Idol – Stjörnuleit **15.35** Monk **16.20** The Apprentice **17.10** Örlagadagurinn **17.45** Martha

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Íþróttir og veður**
**19.05 Lottó**
**19.10 My Hero** (Hetjan mín) Breskir gamanþættir fyrir alla fjölskylduna.
**19.40 Oliver Beene (12:14)** Bernskubrek Olivers Beenes koma öllum í gott skap. Það hefur alltaf verið erfitt að vera lítill en aldrei svona skemmtilegt.
▶ **20.05 Það var lagið** Gestasöngvarar að þessu sinni koma allir úr rómaðri Abba-söngsýningu sem gekk fyrir fullu húsi á Broadway fyrir nokkrum árum.
**21.15 House of Sand and Fog** (Hús byggt á sandi) Ameríski draumurinn er krufinn á miskunnarlausan hátt í þessari margrómuðu verðlaunamynd. Með aðalhlutverk fara tveir Óskarsverðlaunahafar Jennifer Connelly og Ben Kingsley. B. börnum.

**23.15** The Bread, My Sweet **1.00** Johnny English **2.25** Benny and Joon **4.00** Terminator 3: Rise of the Mac (Stranglega bönnuð börnum) **5.45** Fréttir Stöðvar 2 **6.30** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SIRKUS TV

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Friends (12:17) (e)**
**19.30 Friends (13:17) (e)**
**20.00 Þrándur bloggar (5:5) (e)**
**20.30 Sirkus RVK (e)**
▶ **21.00 Clubhouse (11:11) (e)**
**21.45 Falcon Beach (6:27) (e)** (Summer Solstice)
**22.30 Supernatural (22:22) (e)** (Devil's Trap) Yfirnáttúrulegir þættir af bestu gerð. Bræðurnir Sam og Dean hafa frá barnæsku hjálpað föður þeirra að finna illu öflin sem myrtu móður þeirra. Einn daginn hverfur faðir þeirra og fara þeir bræður í mikið ferðalag til Bönnuð börnum.

**23.15** X-Files (e) **0.00** THE NAME OF THE ROSE (e) (Bönnuð börnum)

## SKJÁREINN

**12.00** Dr. Phil (e) **14.15** South Beach (e) **15.00** Point Pleasant (e) **15.50** One Tree Hill (e) **16.45** Rock Star: Supernova (e)

**19.00 Beverly Hills 90210** Unglingarnir í Beverly Hills eru mættir til leiks.
**19.45 Melrose Place**
**20.30 Kelsey Grammer Sketch Show – lokaþáttur**
**21.00 Run of the House** Þegar mamma og pabbi flytja um stundarsakir til Arizona af heilsufarsástæðum er Brooke Franklin skilin eftir hjá systkinum sínum. Það mætti halda að þetta væri draumastaða fimmtán ára unglingsstelpu, en svo er þó ekki. Eldri systkini hennar ráða öllu á heimilinu, og hafa öll mismunandi hugmyndir um hvað sé Brooke fyrir bestu.
▶ **21.30 The Contender: Rematch** Við hitum upp fyrir aðra þáttaröð The Contender sem hefst á SkjáEinum þann 24. júlí næstkomandi.

**23.30** The Bachelorette III (e) **0.20** Law & Order: Criminal Intent (e) **1.05** Wanted (e) **1.50** Beverly Hills 90210 (e) **2.35** Melrose Place (e) **3.20** Tvöfaldur Jay Leno (e) **4.50** Óstöðvandi tónlist

## NFS

**10.00** Fréttir
▶ **10.10** Óþekkt **11.00** Fréttavikan

**12.00** Hádegisfréttir / Íþróttir / Veður **12.25** Skaftahlíð **13.00** Dæmalaus veröld – með Óla Tynes **13.10** Óþekkt **14.00** Fréttir **14.10** Fréttavikan **15.10** Skaftahlíð **15.45** Hádegisviðtalið **16.00** Fréttir **16.10** Vikuskammturinn **17.10** Óþekkt **18.00** Veðurfréttir og íþróttir

**18.30 Kvöldfréttir**
**19.10 Fréttavikan**
**20.10 Kompás (e)** Íslenskur fréttaskýringarþáttur í umsjá Jóhannesar Kr. Kristjánssonar. Í hverjum þætti eru tekin fyrir þrjú til fjögur mál og krufin til mergjar. Eins og nafnið gefur til kynna verður farið yfir víðan völl og verður þættinum ekkert óviðkomandi. Kynnar eru þulir NFS; Sigmundur Ernir Rúnarsson, Logi Bergmann Eiðsson, Edda Andrésdóttir o.fl.
**21.00 Skaftahlíð** Maður vikunnar. Viðtal í umsjá fréttastofu NFS.
**21.35 Vikuskammturinn** Samantekt með áhugaverðasta efni NFS frá vikunni sem er að líða.
**22.30 Kvöldfréttir**

**23.10** Síðdegisdagskrá endurtekin

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** There's Something About Mary **8.00** Kangeroo Jack **10.00** Interstate 60 **12.00** Adventures Of Priscilla, Queen Of the Desert (e) **14.00** Kangeroo Jack **16.00** Interstate 60 **18.00** Adventures Of Priscilla, Queen Of the Desert (e) **20.00 There's Something About Mary** (Það er eitthvað við Mary) Ærslafull gamanmynd sem á fáa sína líka. Aðalhlutverk: Matt Dillon, Ben Stiller, Cameron Diaz. 1998. Leyfð öllum aldurshópum. **22.00 Broken Arrow (e)** (Brotin ör) John Travolta og Christian Slater fara með aðalhlutverk í þessari háspennumynd leikstjórans Johns Woo. Söguþráðurinn er á þá leið að flugmaðurinn Vic og Riley félagi hans eru í leynilegri sendiför með kjarnaodda þegar vélinni er rænt. Riley áttar sig fljótlega á því að Vic stendur á bak við ránið. Stranglega bönnuð börnum. **0.00** 2 Fast 2 Furious (Bönnuð börnum) **2.00** The Good Girl (Bönnuð börnum) **4.00** Broken Arrow (e) (Stranglega bönnuð börnum)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** The Daily 10 **13.00** Child Star Confidential **13.30** 10 Ways **14.00** E! Entertainment Special **15.00** THS Jessica, Ashlee and The Simpson Family **17.00** Child Star Confidential **17.30** 10 Ways **18.00** E! News Weekend **19.00** Stranded With A Star: Who Would You Choose? **21.00** Sexiest Red Carpet Divas **22.00** Girls of the Playboy Mansion **22.30** Girls of the Playboy Mansion **23.00** Wild On Tara **23.30** Wild On Tara **0.00** Stranded With A Star: Who Would You Choose? **2.00** Wild On Tara

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15




Guðni Gunnarsson frumkvöðull í ropeyoga sigldi í strand á Íslandi en flutti þá vestur um haf til Kaliforníu, fann sinn rétta farveg og er nú jógaþjálfari bandarískra kvikmyndastjarnanna og þjálfaði m.a. hinn nýja Superman. Sirrý fylgist með Guðna í starfi og heilsað er upp á hinn nýja Superman í þjálfun hjá Guðna.

ÖRLAGADAGUR JÓGAKENNARA SUPERMAN

Misstu ekki af Sirrý á NFS og Stöð 2 á morgun kl. 19.10 – í opinni dagskrá.

Endursýndur á NFS á þriðjudags- og föstudagskvöldum kl. 20.10 og á Stöð 2 á laugardögum kl. 16.55.

GOTT FÓLK McCANN

NFS digital ísland vísir VefTV Skjárinn Breiðband Símans

## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

**Kvöldstund með Jools Holland** **Sjónvarpið** kl. 19.40

### *Þekktir tónlistarmenn stíga á svið*



Í kvöld hefst sex þátta syrpa í umsjón breska píanóleikarans Jools Holland en þar stíga tónlistarmenn og hljómsveitir á svið og taka lagið. Tónlistarfólkið er af ýmsu tagi, kemur víða að úr heiminum en á það sameiginlegt að vera af frambærilegustu sort. Í fyrsta þættinum koma fram Foo Fighters, Black Eyed Peas, Hard Fi, Arcade Fire og Mariza. Í seinni þáttunum fimm troða meðal annars upp Robert Plant, The Go Team!, The Fall, Kaiser Chiefs, John Legend, Van Morrison, New Order, The Coral, Faith Evans, James Blunt, Beck, Doves, Plantlife, Coldplay, Jamiroquai og Billy Preston.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | | 2 | | | 9 | | |
| | | | | | | 8 | | 4 |
| | | 4 | 5 | 9 | | | 3 | |
| | | | | 6 | | | | 1 |
| | 7 | | | | | | 6 | |
| 3 | | | | 4 | | | | |
| | 4 | | | 2 | 9 | 5 | | |
| 9 | | 3 | | | | | | |
| | | 8 | | | 7 | | 2 | |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 4 | 7 | 8 | 5 | 2 | 9 | 3 | 1 |
| 9 | 8 | 5 | 4 | 1 | 3 | 6 | 2 | 7 |
| 1 | 3 | 2 | 6 | 9 | 7 | 5 | 4 | 8 |
| 2 | 1 | 3 | 7 | 6 | 9 | 4 | 8 | 5 |
| 4 | 9 | 8 | 5 | 2 | 1 | 7 | 6 | 3 |
| 7 | 5 | 6 | 3 | 4 | 8 | 2 | 1 | 9 |
| 3 | 7 | 9 | 2 | 8 | 4 | 1 | 5 | 6 |
| 8 | 6 | 4 | 1 | 7 | 5 | 3 | 9 | 2 |
| 5 | 2 | 1 | 9 | 3 | 6 | 8 | 7 | 4 |



▶ **23.30** *Box*

SHANE MOSLEY VS. FERNANDO VARGAS

SÝN besta sætið

**12.00** HM 2006 **13.40** 4 4 2 **14.40** Kraftasport **15.10** US PGA í nærmynd **15.40** World Poker **17.10** KB banka mótaröðin í golfi 2006

**19.10** **Kóngur um stund (1:16)**
**19.40** **Maradona – heimildamynd**
**20.40** **Box – J. Calzaghe vs. J. Lacy** (Box – J. Calzaghe vs. J. Lacy) Útsending frá einvígi Joe Calzaghe og Jeff Lacy sem fram fór 4. mars 2006. Þeir þykja ein allra stærstu efnin í Evrópu. Þeir höfðu aldrei tapað bardaga fyrir þetta einvígi og voru með ótrúlegt skor. Calzaghe hefur 40 sinnum mætt í hringinn og sigrað þá alla, 31 þeirra með rothöggi. Lacy hefur 21 sinni mætt í hringinn og unnið þá alla, 17 með rothöggi.
**21.45** **Box** (Box – Oscar De la Hoya vs. Ricardo Mayorga) Upptaka frá bardaga þeirra De la Hoya og Ricards sem fram fór í maí.

▶ **23.30** Box – Ricky Hatton – Luis Call

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.50** Bæn **8.05** Músík að morgni dags **9.03** Á ferðaslóðum: Vestfirðir **10.05** Veðurfregnir **10.15** Fimm þúsund mínútur í Kænugarði **11.00** Vikulokin **12.00** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Laugardagsþátturinn **14.00** Teygjan **14.40** Sjö dagar sælir **15.30** Með laugardagskaffinu **16.10** Sakamálaleikritið **17.20** Lokkandi ljóð og lítil lína **18.00** Kvöldfréttir **18.28** Besti tíminn **19.00** Kringum kvöldið **19.30** Stefnumót **20.15** Á sælueyjum **21.05** Djassgallerí New York **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Uppá teningnum **23.10** Danslög

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **9.03** Helgarútgáfan **10.05** Helgarútgáfan **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Helgarútgáfan **16.08** Geymt en ekki gleymt **18.00** Kvöldfréttir **18.28** Tónlist að hætti hússins **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** PZ **22.10** Næturvörðurinn **2.03** Næturtónar

### BYLGJAN FM 98,9

**9.00** Gulli Helga **12.00** Hádegisfréttir **12.20** Rúnar Róbertsson **16.00** Ragnar Már **18.30** Kvöldfréttir **19.00** Ívar Halldórsson

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður






## HRÓSIÐ

*... fær Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir sem hefur hannað lampa í Lífstykkjabúðina úr sokkaböndum og korselettum.*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2** fíkniefni **6** ógrynni **8** herma **9** drulla **11** rykkorn **12** stó **14** trappa **16** í röð **17** tæki **18** erlendis **20** tveir eins **21** titra.
**LÓÐRÉTT**
**1** draugur **3** samtök **4** ámáttlegt ýlfur **5** planta **7** formaður **10** bók **13** lúsaegg **15** slæma **16** blundur **19** hreyfing.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2** hass, **6** of, **8** apa, **9** for, **11** ar, **12** arinn, **14** stigi, **16** de, **17** tól, **18** úti, **20** ll, **21** riða. **LÓÐRÉTT: 1** vofa, **3** aa, **4** spangól, **5** sar, **7** forseti, **10** rit, **13** nit, **15** illa, **16** dúr, **19** ið.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Guðmundur Ingi Guðmundsson.
2. Hezbollah.
3. Arnar Grétarsson.






# Ryksuguframleiðandi þjarmar að NilFisk

Danski ryksuguframleiðandinn Nilfisk Advance og rokkhljómsveitin NilFisk frá Stokkseyri eru nú komin í hár saman vegna deilna um nafnið. Hljómsveitin NilFisk hefur hingað til verið í góðu samstarfi við umboðsaðila Nilfisk Advance hér á landi og segja báðir aðilar að nöfnin valdi engum misskilningi eða skaða. Hljómsveitin hélt tónleika í Kaupmannahöfn fyrir skemmstu og í góðri trú ákváðu meðlimir hljómsveitarinnar að senda samnefndu fyrirtæki eintak af plötu sinni.

Í kjölfarið barst hljómsveitarmeðlimum bréf frá lögfræðingi fyrirtækisins sem var alls ekki hrifinn af því að hljómsveitin skyldi nota þetta nafn. Lögfræðingurinn fór fram á að geisladiskar og aðrir munir merktir hljómsveitinni yrðu gerðir upptækir, auk þess sem hann fór fram á greinargóðar upplýsingar um sölutölur, tónleikahald og meðlimi hljómsveitarinnar.

Strákarnir í NilFisk fengu Ólaf Helga Kjartansson, sýslumann á Selfossi, til liðs við sig og svöruðu fyrirtækinu bréflega og bíða nú eftir viðbrögðum.

Sveinn, trommuleikari NilFisk, segir viðbrögð fyrirtækisins hafa komið hljómsveitinni í opna skjöldu. „Það getur allt gerst í þessu máli og við vitum ekkert ennþá. Við munum þó gera okkar besta til þess að halda nafninu,“ segir hann. Hljómsveitarmenn eru þó ekki farnir að huga að því hvað þeir muni gera ef þeir neyðast til þess að skipta um nafn. „Við erum ekkert farnir að spá í annað nafn,“ segir Sveinn.



**NILFISK RYKSUGUR** Fyrirtækið Nilfisk Advance í Danmörku vill ekki leyfa hljómsveitinni að nota nafnið áfram.



**ÓLAFUR HELGI KJARTANSSON** Sýslumaðurinn á Selfossi mun heyja baráttuna fyrir hönd hljómsveitarinnar.



**NILFISK UNDRANDI** Meðlimir hljómsveitarinnar segja málið hafa komið þeim í opna skjöldu.



**MENNINGARNÓTT** Tónleikarnir á miðbakkanum hafa verið einn af hápunktum menningarnætur.

MENNINGARNÓTT: BREYTING Á DAGSKRÁ

# Nýtt tónlistarhús spillir fyrir stórtónleikum

Engir stórtónleikar verða á miðbakka Reykjavíkurhafnar á menningarnótt, líkt og þrjú undanfarin ár, þar sem framkvæmdir vegna nýs tónlistarhúss eru hafnar. Rás 2 hefur haft veg og vanda af tónleikunum og hafa þeir verið einn af hápunktum menningarnætur ásamt flugeldasýningunni.

„Tónleikarnir hafa alltaf verið gríðarlega stór viðburður og þar hefur safnast saman mikill fjöldi fólks á litlu svæði. Þar sem uppgröftur er hafinn á svæðinu var talið óráðlegt að stefna fólki á þennan stað þar sem það getur meitt sig,“ segir Sif Gunnarsdóttir, verkefnastjóri hjá Reykjavíkurborg.

Sif segir það vissulega leiðinlegt að tónleikarnir verði ekki haldnir í ár. Hún bendir þó á að menningarnótt hafi verið haldin í sjö ár áður en tónleikarnir urðu hluti af dagskrá hennar.

„Það er ekki efasemd í brjósti mínu að fólk finni sér eitthvað annað við hæfi. Það verður fullt af alls konar óvenjulegum og skemmtilegum atriðum á hátíðinni.“

Sif segir það alls óvíst hvort tónleikarnir verði haldnir á næsta ári enda verður miðbakkinn lagður undir framkvæmdir næstu ár.

„Það er enginn staður sem blasir við en það er engri loku fyrir það skotið að tónleikarnir verði haldnir annars staðar,“ segir Sif sem er þó bjartsýn á framhaldið. „Kannski kemur eitthvað allt annað og öðruvísi í staðinn fyrir tónleikana sem þó uppfyllir þetta tómarúm sem verður. Það er hægt að gera svo marga skemmtilega hluti.“

Á tónleikunum á menningarnótt hafa allar helstu hljómsveitir landsins komið fram, þar á meðal Stuðmenn, Sálin hans Jóns míns, Bubbi, Lögreglukórinn og Quarashi heitin svo einhverjar séu nefndar.

kristjan@frettbladid.is



**SIF GUNNARSDÓTTIR** Verkefnastjórinn hjá Reykjavíkurborg er örugg á því að fólk finni sér eitthvað annað við hæfi á menningarnótt.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Það var mikið stuð á barnum Barnum miðvikudagskvöldið síðasta. Þá var sjálfur Daníel Ágúst Haraldsson í hlutverki plötusnúðar og er óhætt að segja að gestir hafi vel kunnað að meta takta kappans á plötuspilurunum. Einn gestanna vakti sérstaka eftirtekt, en það var stórstjarnan Björk Guðmundsdóttir. Björk þótti fara hamförum á dansgólfinu þetta kvöld og hreinlega átti staðinn, eins og gjarnan vill verða.



Tónlistarkonan Heiða Eiríksdóttir hefur alltaf nóg á prjónunum. Auk þess að fást við tónlist sína og sinna fjölskyldunni hefur hún skrifað í blöð og sitthvað fleira. Heiða hefur líka verið á faraldsfæti því hún bjó um hríð í Belgíu. Nú hefur Heiða enn söðlað um því hún er flutt til Keflavíkur með fjölskylduna. Hún fagnaði því með vinum sínum í gærkvöldi ásamt því að halda síðbúna 35 ára afmælisveislu.



Gyða Valtýsdóttir, fyrrverandi meðlimur í hljómsveitinni múm, gekk í það heilaga fyrir skemmstu. Hinn heppni er tónlistarmaður rétt eins og Gyða, einn meðlima hljómsveitarinnar Animal Collective nánar tiltekið, þó nafn hans fylgi ekki sögunni. Gyða spilar nú með hljómsveitinni Nix Noltes sem einmitt var á tónleikaferðalagi með Animal Collective á dögunum. -hdm






Á GRILLIÐ! NÝR HUMAR, LÚÐA, SÓLÞURRKAÐUR SALTFISKUR, SKÖTUSELUR OG KEILA.

FISKBÚÐIN HAFBERG Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
opið alla laugardaga 11-14


# Keyrir um og býður fólki til Eyja

Árni Johnsen, fyrrverandi þingmaður og athafnaskáld, keyrir um þessar mundir með gítarinn í hendi til stærstu viðskiptavina Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar og býður þeim á þjóðhátíð í Eyjum sem verður að venju haldin fyrstu helgina í ágúst. Árni hefur löngum verið þekktur fyrir að ná upp réttu stemningunni með gítarnum og hafa tónleikar hans á vinnustöðunum mælst vel fyrir.

Þegar Fréttablaðið náði í skottið á Eyjapeyjanum var í nógu að snúast og Árni á fullu að rúnta á milli staða ásamt Marín Magnúsdóttur framkvæmdastjóra Practical sem skipuleggur viðburðinn.

Að sögn Marínar kom varla neinn annar til greina en Árni. „Hann er eiginlega hálfgert tákn fyrir þjóðhátíðina í Eyjum og því þótti okkur tilvalið að fá hann til liðs við okkur,“ segir Marín og Árni sló að sjálfsögðu til þegar kallið kom enda annt um sína Heimaey. - fgg



**SPILAR SÍN BESTU LÖG** Árni Johnsen er hér ásamt starfsfólki KFC og bauð á Þjóðhátíð með gítarspili og léttum söng.

# TOPPSKÓRINN OUTLET
HEFUR OPNAÐ Á NÝJUM STAÐ Í
## GRAFARHOLTINU
(VIÐ HLIÐINA Á HÚSASMIÐJUNNI)



**Frábær tilboð - Mikið úrval af Ecco, Lloyd og Ara - Frábær tilboð**

# SKÓSPRENGJAN

# Í FULLUM GANGI

**HÖFUM FYLLT Á HILLURNAR!**

**OPIÐ Í DAG FRÁ 10-16**

**OPIÐ SUNNUDAG FRÁ 12-16**

LÁGMARK
# 50%
AFSLÁTTUR

Útsöluvörur frá Steinar Waage, Ecco búðunum og Eurosko kringlunni

*Nýtt kortatímabil

*Höfum fyllt á 1000 kr. borðin

PETER KAISER · ecco · ara · LLOYD · ZINDA

FRÁBÆR TILBOÐ - MIKIÐ ÚRVAL - FRÁBÆR TILBOÐ - MIKIÐ ÚRVAL - FRÁBÆR TILBOÐ - MIKIÐ ÚRVAL

Toppskórinn Outlet
VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109




OPIÐ: MÁN.-FÖS. 11 - 19, LAU. 10 - 16

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** | **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**









BAKÞANKAR


GUÐMUNDAR
STEINGRÍMSSONAR


## Nýr Ólafur

Í gær birtist grein hér í blaðinu um forseta Íslands undir yfirskriftinni „Forseti hægri manna?“ eftir Hannes Hólmstein Gissurarson prófessor. Hannes er sá maður sem einna ötullegast hefur lagt sig fram um að skipta þjóðinni í hægri og vinstri menn, sem er vissulega skipting sem á sér einhverja stoð í raunveruleikanum, þótt mörkin séu óljós. Í meðförum prófessorsins hefur þessi skipting hins vegar alltaf verið ákaflega skýr: Vinstri eru vondir. Hægri góðir.

Í anda þessa greinarmunar reynir prófessorinn að halda því fram að Hr. Ólafur Ragnar Grímsson hafi einu sinni verið vondur en sé núna góður. Röksemdir prófessorsins fyrir því að Ólafur sé ekki lengur vinstri maður eru einkar áhugaverðar, svo ekki sé meira sagt, og ekki síst fyrir þær sakir að hér skrifar víðlesinn fræðimaður.

**ÓLAFUR** er ekki lengur vinstri maður vegna þess að hann er hættur að troða illsakir við andstæðinga sína, eins og þegar hann sagði að Davíð Oddsson hefði skítlegt eðli. Nú er hann orðinn blíðmáll, sem er þá væntanlega skilgreining á hægri manni samkvæmt Hannesi. Í annan stað er bent á að forsetinn sé orðinn trúaður, og þar með hægri maður, því auðvitað eru vinstri menn alltaf guðleysingjar. Í þriðja lagi bendir Hannes á að Ólafur sé hættur að deila harkalega á fyrirtæki og fésýslumenn, og þar með, samkvæmt greinarmun prófessorsins, orðinn hægri maður.

**EINS** og oft gerist þegar menn ætla að vera ofursniðugir hittir brandarinn þá sjálfa verst fyrir. Ef Ólafur er orðinn hægri maður samkvæmt þessum mælikvörðum, að þá verður ekki betur séð en að Hannes sé orðinn bullandi vinstri maður. Fáir hafa átt í jafnmiklum skærum við fyrirtæki og fésýslumenn á Íslandi á undanförnum árum en prófessorinn. Ef slíkt gerir fólk að vinstri mönnum er Hannes leiðtogi þeirra. Aldrei þurfti Ólafur að selja húsið sitt út af einhverju sem hann sagði um athafnamenn. Hannes er meistarinn.

**HVORT** Hannes er kristinn eða ekki veit ég lítið um, en ef mælikvarðinn á vinstrimennsku er ásamt guðleysinu að troða illsakir við andstæðinga sína, að þá er Hannes æðsti klerkur vinstrimennskunnar. Alla vega fer ekki mikið fyrir blíðmælginni sem er einkenni hægri manna samkvæmt prófessornum. Í grein sinni grípur hann til líkingar við Dýrabæ George Orwell. Sú málsgrein verður ekki skilin öðruvísi en svo að prófessorinn telji það við hæfi að líkja forsetanum við svín. Svoleiðis málflutningur er einmitt einkennandi fyrir vinstri manninn Hannes.

**HANNES** er hinn nýi Ólafur. Hinn herskái ríkisstarfsmaður. Aðeins eitt truflar þennan nýja og athyglisverða greinarmun á vinstri manni og hægri manni: Ólafur er byrjaður að snæða kvöldverði með stríðsherrum og arðræningjum, samkvæmt Hannesi, og er þar með orðinn hægri maður. Ég held hins vegar að Hannes snæði oft málsverði með svoleiðis mönnum líka.


# ÚTSALA

## 6. júlí - 30. júlí




© Inter IKEA Systems B.V. 2006

## Rýmum fyrir nýjum vörum.
## Yfir 1000 vörur á útsölu.

IKEA®

Opið 10:00 - **20:00** virka daga | Laugardaga kl. 10:00 - 18:00 | Sunnudaga kl. 12:00 - 18:00 | www.IKEA.is